# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

291. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 9. DESEMBER 2016




Jólaball fatlaðra var haldið í 38. sinn á Hilton Hóteli í gærkvöldi. Fullt var út úr dyrum og skemmtu sér allir konunglega. Sérstaklega þegar Alda Dís Arnardóttir söngkona steig á svið og hélt uppi stuðinu. Mátti greina góð dansspor og sungu viðstaddir hástöfum með henni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Bergur Ebbi skrifar um Fidel Castro. 19

**SPORT** Það er eitthvert ráðleysi í gangi hjá Keflavík í Domino's-deild karla. 24

**MENNING** Einar Falur Ingólfsson opnar sýningu í safni Johannesar Larsen í Kerteminde á Fjóni. 36

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **NETVERSLUN**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015








MIÐASALA | 568 8000 | BORGARLEIKHUS.IS





## Kemur fram í Höllinni á morgun

**LÍFIÐ** „Ég kem til með að syngja White Christmas, eða hvít jól, ásamt Friðriki Dór, svo ætla ég líka að taka lag eftir mig sem heitir Leya, með strengjum og stóru bandi, ég hlakka mikið til,“ segir Thorsteinn Einarsson, tónlistarmaður, en hann mun syngja tvö lög á Jólagestum Björgvins sem verða í Laugardalshöll. Thorsteinn sló í gegn í raunveruleikaþættinum Die große Chance í Austurríki árið 2014 og í kjölfarið skrifaði hann undir plötusamning hjá Sony, sem ætlar sér stóra hluti með hann í framtíðinni. **– gjs /** **sjá síðu 50.**



Thorsteinn Einarsson

# Vildu riftun á 3,1 milljarðs úttektum

Skilanefnd Glitnis hafði til skoðunar í mars 2010 að rifta úttektum úr Sjóði 9 að upphæð 3,1 milljarður króna. Ástæðan var tímasetning viðskiptanna rétt fyrir þjóðnýtingu Glitnis og hrun bankakerfisins. Þjóðþekktir auðmenn áttu stærstu úttektirnar.

**VIÐSKIPTI** Skilanefnd Glitnis hafði í mars 2010 sérstaklega til skoðunar úttektir nokkurra félaga og einstaklinga á háum fjárhæðum úr peningamarkaðssjóði Glitnis, Sjóði 9, með það að augnamiði að rifta viðskiptunum. Ástæðan var tímasetningar viðskiptanna stuttu fyrir þjóðnýtingu Glitnis 29. september og dagana fyrir hrun bankans 7. október árið 2008.

Þetta kemur fram í gögnum skilanefndarinnar sem Fréttablaðið hefur undir höndum.

Stærstu viðskiptin sem voru til skoðunar hjá skilanefndinni voru úttektir félaga í eigu Guðbjargar Matthíasdóttur, athafnakonu og stærsta eiganda Ísfélagsins í Vestmannaeyjum, eða eignarhaldsfélaga hennar Kristins og Fram, og námu rúmum milljarði króna. Einnig persónuleg úttekt Guðbjargar að upphæð 75 milljónir króna til viðbótar.

Viðskipti athafnamannsins Benedikts Sveinssonar þremur dögum fyrir þjóðnýtingu bankans eru á listanum. Þá voru 500 milljónir króna teknar út og í skýringum við færsluna segir „Úttekt úr safni – millif[ært]. til Flórída“. Önnur úttekt er á listanum frá 1. október að fjárhæð 100 milljónir króna.

Efni skjalsins tengdist ákvarðanatöku innan skilanefndarinnar um hvaða aðferðum ætti að beita við val á þeim viðskiptum sem mögulega ætti að rifta. Þar komu nokkrar aðferðir til greina, og segir: „Val eftir nöfnum ákveðinna aðila kemur einnig til greina. Þá kemur einnig til greina að velja þá út sem eru í þjónustu ákveðins þjónustufulltrúa,“ en um hvern ræðir er ekki tiltekið.

Þessu fylgir fyrrnefndur listi undir fyrirsögninni: Aðilar sem skoðaðir hafa verið m.t.t. innlausna rétt fyrir fall Glitnis hf. í byrjun október 2008. Ásamt viðskiptum Guðbjargar og hennar félaga og Benedikts eru nefndar háar úttektir þjóðþekktra athafnamanna. Alls nema þær úttektir úr Sjóði 9 sem listaðar voru upp af skilanefndinni, og hugsanlega var talið réttlætanlegt að rifta, 3,1 milljarði króna samanteknar.

Sjóður 9 var mjög umtalaður eftir hrun fyrir margra hluta sakir. Tap sjóðfélaga var verulegt og stjórnarseta Illuga Gunnarssonar, fyrrverandi menntamálaráðherra, í peningamarkaðssjóðum Glitnis, og Sjóðs 9 þar á meðal, skaðaði hann pólitískt, að hans eigin sögn. **– shá /** **sjá síðu 12**

## Veður




Norðaustan 18 til 28 við suðausturströndina, hvassast í Öræfasveit og undir Eyjafjöllum og með vindhviðum allt að 40 m/s. Annars staðar norðaustan 10-18, hvassast norðvestan til. Rigning suðaustan til og á Ströndum, él NA-lands en annars úrkomulítið. SJÁ SÍÐU 28

# Nemar byrjaðir í prófatörn



**Háskólanemendur vinna nú hörðum höndum við próflestur þessa dagana á Þjóðarbókhlöðunni. Prófatímbil Háskóla Íslands hófst fyrir viku og því lýkur í lok næstu viku. Í augsýn er langþráð jólafrí.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR.

## Róbert fékk 12 milljónir

**SAMFÉLAG** Róbert Ragnarsson, sem rekinn var sem bæjarstjóri Grindavíkur, fær 12 milljónir í starfslokasamning frá bænum. Alls kostaði uppsögnin Grindavík 13,5 milljónir króna en bærinn auglýsti starfið fyrir 265 þúsund, fékk lögfræðiráðgjöf sem kostaði 665 þúsund og ráðgjöf við ráðningu nýs bæjarstjóra sem kostaði bæjarfélagið hálfa milljón.

Þetta kom fram á fundi bæjarráðs Grindavíkur sem haldinn var á þriðjudag. Róbert mun sinna störfum sem bæjarstjóri til 31. janúar 2017 en hann tók við í ágúst 2010.

Samkvæmt yfirlýsingu meirihluta bæjarstjórnar Grindavíkur frá því í byrjun nóvember kom fram að áætlaður kostnaður við starfslok Róberts væri um sex milljónir króna og að lögmannskostnaður í málinu yrði tæpar 830 þúsund krónur. **– bb**



Róbert Ragnarsson

## Íbúafundur vegna mengunar

**SVEITARSTJÓRNIR** Bæjarráð Reykjanesbæjar hefur ákveðið að boða til íbúafundar vegna loftmengunar frá kísilmálmverksmiðju United Silicon í Helguvík. Íbúar Reykjanesbæjar hafa kvartað mikið undan mengun frá verksmiðjunni frá því að hún var sett á laggirnar. Mikill útblástur sé og súr reykjarlykt liggi yfir bænum.

Fundurinn verður haldinn þann 14. desember næstkomandi klukkan 20.00 í Stapanum. Fulltrúar frá bæjarstjórn Reykjanesbæjar, United Silicon, Orkurannsóknum Keilis og frá Umhverfisstofnun verða á fundinum. Að lokinni framsögu fara fram pallborðsumræður og gefst gestum fundarins tækifæri til þess að spyrja spurninga. **– þh**

## World Class vill koma Garðbæingum í form

**SAMFÉLAG** Bæjarráð Garðabæjar tók fyrir bréf Björns Leifssonar, eiganda World Class, varðandi lóð við sundlaugina í Ásgarði á fundi sínum í gær.

Samkvæmt bréfi Björns er ætlunin að reisa um 1.500-1.700 fermetra húsnæði við norðvesturenda íþróttahússins. Yrði þar heilsuræktarsalur og þrír leikfimisalir auk aðstöðu fyrir barnagæslu. Vill Björn að gerður verði sérstakur eignaskiptasamningur milli fyrirtækisins og bæjarins um mannvirkin og lóðina auk hefðbundins lóðarleigusamnings. Lýkur hann bréfinu á að verði viðbrögð við erindinu jákvæð sé hann tilbúinn til frekari viðræðna.

Bæjarráð vísaði málinu til nánari skoðunar Gunnars Einarssonar bæjarstjóra. **– bb**

# Ríkið þyrst í vodkann

### Framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda segir skattlagningu á áfengi vera komna út úr öllu korti. Um 94 prósent af verði vodkaflösku renna í ríkissjóð.

**NEYTENDAMÁL** Ríkið mun taka í sinn hlut 94 prósent af verði vodkaflösku úr Vínbúðinni í formi áfengisgjalds, skilagjalds, virðisaukaskatts og álagningar Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Þetta kemur fram í samantekt Félags atvinnurekenda á verðlagningu áfengis hér á landi með tilliti til boðaðra hækkana í fjárlagafrumvarpinu.

„Þessi staða hér á innlendum markaði er með ólíkindum. Ég efast um að fólk hafi hugmyndaflug í að átta sig á því að það sé að greiða 94 prósent af verðinu til ríkisins þegar það kaupir vodkaflösku úti í búð,“ segir Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda.

Áfengisgjöld á Íslandi eru nú þegar þau langhæstu í Evrópu og stefnt er að því að hækka þau enn frekar eða um 4,7 prósent í fjárlagafrumvarpi ársins 2017. „Þetta er tíunda hækkun áfengisgjalda frá hruni. Á þeim tíma hafa þau rúmlega tvöfaldast. Eru engin takmörk fyrir því hversu langt stjórnvöld telja sig geta gengið í skattlagningu á einni neysluvöru?“ spyr Ólafur.

Fyrir hrun voru áfengisgjöld á Íslandi þau hæstu í Evrópu. Með veikingu íslensku krónunnar eftir hrun breyttist staðan og áfengi varð dýrast í Noregi. Breytingin á gjöldunum með áramótin auk styrkingar krónunnar mun hins vegar hafa í för með sér að áfengisgjöld verða helmingi hærri hér á landi en í Noregi.

Álagning ÁTVR á áfengi sem inniheldur 22 prósent vínanda eða meira er tólf prósent. Virðisaukaskatturinn er ellefu prósent og áfengisgjaldið um 145 krónur á hvert prósent vínanda. Það þýðir að þegar hækkun á áfengisgjöldum tekur gildi um áramótin renna 94 prósent af 7.300 króna vodkaflösku í ríkissjóð. Áfengisgjaldið af flöskunni eru rúmar 5.400 krónur, virðisaukaskattur um 700 krónur, álagning ÁTVR um 700 krónur og skilagjald 20 krónur. Hlutur framleiðandans er hins vegar aðeins um 434 krónur.

„Hugmyndaauðgi stjórnmálamannanna okkar í hvernig hægt sé að skattpína neytendur áfengis er alveg ótrúleg. Skattlagning á áfengi er augljóslega komin út úr öllu korti þegar neytandinn er farinn að greiða um og yfir 90% af verðinu í ríkissjóð,“ segir Ólafur og hann skorar á nýtt þing að samþykkja ekki þessa vitleysu og vinda fremur ofan af þessum ofursköttum. thorgeirh@frettabladid.is




### 7.300 króna vodkaflaska úr ÁTVR




**Þetta er tíunda hækkun áfengisgjalda frá hruni. Á þeim tíma hafa þau rúmlega tvöfaldast. Eru engin takmörk fyrir því hversu langt stjórnvöld telja sig geta gengið í skattlagningu á einni neysluvöru?**



Ólafur Stephensen, frkstj. FA






Nú er rétti tíminn til að skipta yfir í fjórhjóladrifisbíl frá **Mitsubishi**.
Komdu í reynsluakstur og nýttu þér góða verðið á þessum frábæru bílum.
Við gerum betur í vetur og hlökkum til að sjá þig!

MITSUBISHI MOTORS
FYRIR HUGSANDI FÓLK

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ



Landhelgisgæslan fær of lítið af fjármunum og það eru sjómenn ósáttir við.

# Sjómenn lýsa yfir áhyggjum af stöðu Gæslunnar

**STJÓRNMÁL** Hagsmunafélög sjómanna lýsa yfir miklum áhyggjum af rekstri Landhelgisgæslu Íslands í tilkynningu sem þau sendu frá sér í gær. Fjárveitingar til Landhelgisgæslunnar voru ekki auknar í frumvarpi að fjárlögum næsta ár. Frá árinu 2009 hafa framlög til Gæslunnar verið skorin niður um 30 prósent sem nemur um 1.200 milljónum króna.

Félögin segja það vera skömm að þjóð sem á svo mikið undir sjósókn geti ekki lagt fram nægt fé til rekstrar Landhelgisgæslu Íslands sem sjómenn og aðrir landsmenn treysta á þegar neyðin er stærst.

Félögin krefjast þess að stjórnvöld og Alþingi tryggi Gæslunni nægt rekstrarfé á hverjum tíma. Þau segja Gæsluna hafa komið í veg fyrir margt manntjón á liðnum árum og því sé lífsspursmál fyrir íslensku þjóðina að nægur þyrlu- og skipakostur sé til staðar þegar slys eða veikindi ber að höndum eins og dæmin sanni. – þh

# Borgin styrkir danskeppni

**SAMFÉLAG** Borgarráð Reykjavíkur ákvað í gær að styrkja Street-danseinvígi ársins 2017 um 200 þúsund krónur. Borgin hafnaði á sama tíma að veita Aflinu á Akureyri styrk. Dansskóli Brynju Péturs skipuleggur viðburðinn og verður þetta í fimmta sinn sem keppnin fer fram.

Í ár fór keppnin fram í Spennustöðinni og tóku 30 dansarar þátt. Auk einvígisins voru vinnustofur haldnar með velþekktum gestakennurum úr danssenunni. Til að mynda sóttu Danielle Polcano, sem hefur unnið sem danshöfundur fyrir Beyoncé, og Kapela, einn sigursælasti götudansari í Evrópu, viðburðinn í ár.

Aflið er samtök gegn kynferðis- og heimilisofbeldi sem hafa starfað síðan árið 2002. Þau telja að núverandi framlög nægi ekki til að þau geti veitt eðlilega þjónustu í málaflokknum. – þh



Flokkarnir fimm hafa reynt að tala sig að niðurstöðu í samstarfi síðustu fjóra daga. Enn er þó langt í langt. Fundað verður áfram um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Vantraust ríkir á milli VG og Viðreisnar í stjórnarviðræðum

**Formlegar stjórnarmyndunarviðræður fimm flokka hefjast ekki í dag eins og til stóð. Samtal flokkanna heldur áfram um helgina. Fundarmönnum þykir flokkarnir hafa þokast nær varðandi tekjuöflun ríkisins.**

**STJÓRNMÁL** Ekki verður strax af formlegum stjórnarmyndunarviðræðum þeirra fimm flokka sem rætt hafa saman óformlega, eins og áætlanir stóðu til. Flokkarnir eru ekki komnir nógu nálægt hver öðrum málefnalega til að hægt sé að hefja stjórnarmyndunarviðræður en munu halda áfram að funda fram yfir helgina í þeirri von að hægt sé að ná lendingu um stærstu málaflokkana.

Flokkarnir fimm, Píratar, Vinstri græn, Viðreisn, Björt framtíð og Samfylking hafa rætt óformlega saman frá vikubyrjun en Píratar fengu stjórnarmyndunarumboðið fyrir viku síðan. Flokkarnir tóku frí um síðustu helgi og hófu að funda að henni lokinni.

Umræða um tekjuöflun ríkisins hófst seint á miðvikudag og var framhaldið í gær. Þeir fundarmenn sem Fréttablaðið ræddi við upplifa að eitthvað hafi þokast frá því upp úr slitnaði í formlegum stjórnarmyndunarviðræðum flokkanna undir stjórn Vinstri grænna.



**Benedikt Jóhannesson**



**Katrín Jakobsdóttir**

Heimildir Fréttablaðsins herma þó að töluvert vantraust ríki á milli flokkanna í viðræðunum, þá sérstaklega á milli Vinstri grænna og Viðreisnar. Vinstri græn óttast eftir sem áður að Viðreisn sé ekki í stjórnarmyndunarviðræðunum af fullum heilindum og að á hverri stundu muni upp slitna upp úr viðræðunum. Vantraustið sem ríki hafi jafnvel dýpkað frá fyrri stjórnarmyndunarviðræðum og sé hamlandi í viðræðunum.

Benedikt Jóhannesson, formaður Viðreisnar, blæs þó á þessar sögusagnir. „Mér þykja fundirnir hafa batnað eftir því sem þeir hafa orðið fleiri. Við erum að færast eitthvað nær en auðvitað eru flokkarnir að koma úr sitthvorri áttinni eins og var vitað fyrirfram. Mér finnst þetta vera gagnlegt. Það eru allir að vinna þetta af fullri alvöru. Ef við teldum þetta tilgangslaust þá værum við ekkert að þessu.“

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, tekur undir að fundirnir hafi verið gagnlegir. „Við höfum verið að ræða málin sem við leggjum mesta áherslu á sem er uppbygging í innviðum og ekki síst í heilbrigðis- og menntamálum en það er ekki komin niðurstaða í þau mál.“

Í gær stóð til að ræða landbúnaðar- og sjávarútvegsmál en á meðan Viðreisn leggur áherslu á uppboð á litlum hluta aflaheimilda vilja Vinstri græn frekar hækka veiðigjald. Mestur tími fór engu að síður í ríkisfjármálin en Vinstri græn standa fast á því að ráðast þurfi í tekjuöflun fyrir ríkið til að geta aukið fé til innviða, menntakerfisins og heilbrigðiskerfisins. Ríkissjóður eins og hann stendur núna nái ekki utan um þau útgjöld sem vilji sé til að ráðast í. Eins og áður hefur komið fram standa skattahækkunarhugmyndir VG í Viðreisn. Heimildir Fréttablaðsins herma jafnframt að stuðningur Pírata og Samfylkingar við skattahugmyndir VG sé lítill þótt hugmyndirnar hafi enn ekki mætt andstöðu af fullri alvöru.

snaeros@frettabladid.is



# RAFMÖGNUÐ JÓL

## JBL Bluetooth heyrnartól
JBL-T450BTBLACK
Öflug en fislétt Jbl Bluetooth heyrnatól
32mm driver
JBL Pure Bass sound
Tíðnisvið: 20Hz 20kHz
Innbyggður míkrafónn
Allt að 11 klst rafhlaða
Samanbrjótanleg
Litur: Svartur

**7.995KR**





**2.895KR**

## JBL Bluetooth hátalari
JBL-GORED
Þráðlaus bluetooth tenging v4.1
Lithium hleðslurafhlaða (allt að 5 klst ending)
Hægt er að taka við símtölum
USB kapall fylgir
6,8 x 8,3 x 3,1 cm
Litur: Margir litir



**15% AFSLÁTTUR**
Verð nú **5.946KR**
V.á 6.995KR

## Philips rakvél
PHS-S1310
CloseCut hnífar
4-Direction Flex hausar
Easy Grip þægilegt grip
8 klst hleðsla gefur 35 mín í rakstri
Virkar fyrir 100 - 240v kerfi
Notar SH30 hausa

## Trebs Smoothie to go
TRE-99330
300W mótor
Könnur til að blanda og drekka úr
2x 570ml könnur fylgja
Ryðfríir stálhnífar
Auðvelt að taka í sundur og þrífa
Litur: Silfur/Svartur



**25% AFSLÁTTUR**
Verð nú **4.496KR**
V.á 5.995KR

## SodaStream tæki
SOD-SOD0160008
Flott hönnun
1L flaska fylgir
Kolsýruhylki dugar fyrir allt að 60L
Kolsýruhylki fylgir
4 litir svart,rautt,gult,hvítt



**10.995KR**



**20% AFSLÁTTUR**
Verð nú **3.996KR**
V.á 4.995KR

## Philips skeggsnyrtir
PHS-BT405
Skeggsnyrtir með sjálfbrýnandi hnífum
Klippibreidd 32mm
20 stillingar (0.5-10m)
Gott grip
10klst hleðsla
Gefur 25 mín. notkun



**40% AFSLÁTTUR**
Verð nú **2.397KR**
V.á 3.995KR

## Vidal Sassoon sléttujárn
VID-VSST2957
25mm Keramík plötur
30 sekúndur að hitna
Glæsileg hönnun
Slekkur á sér sjálft



**25% AFSLÁTTUR**

## Melissa Djúpsteikingarpottur
MEL-16290024
2200 wött
Hitastig: 90-190°C
Tekur 3 Lítra
Gúmmífætur
Stór karfa með handfangi
Litur: Silfur

Verð nú **5.996KR**
V.á 7.995KR



**20% AFSLÁTTUR**
Verð nú **7.996KR**
V.á 9.995KR

## Dantax örbylgjuofn
DAN-M20L
700W Örbylgjuofn 20L
20 lítrar(25,5 cm Diskur)
5 hitastillingar
Stærð (BxHxD): 43,5 x 26 x 35,5 cm
Litur: Hvítur

Allt úrval fæst í öllum búðum nema Eiðistorgi. Gildir til og með 31. desember.
Birt með fyrirvara um myndbrengl og prentvillur.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla



Jérôme Cahuzac stjórnaði herferð gegn skattsvikurum í Frakklandi. MYND/EPA

# Lífsstíllinn kostaði ráðherra þrjú ár í fangelsi

**FRAKKLAND** Fyrrverandi ráðherra í franska fjármálaráðuneytinu, Jérôme Cahuzac, hefur verið dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir að hafa falið fé í skattaskjólum og fyrir peningaþvætti. Fyrrverandi eiginkona hans, Patricia Menard, var dæmd í tveggja ára fangelsi.

Cahuzac var ráðherra í stjórn François Hollande frá því í maí 2012 til mars 2013. Hann átti að leiða herferð gegn skattsvikum en faldi samtímis milljónir evra fyrir skattayfirvöldum.

Árið 2013 neyddist hann til að játa að hann hefði falið eigið fé á reikningi í Sviss um 20 ára skeið og logið að þinginu. Fyrrverandi eiginkona ráðherrans greindi frá því að þau hjónin hefðu gert sér grein fyrir því að þau væru að brjóta lög með því að stofna bankareikninga í skattaskjólum til að komast hjá því að greiða skatt.

Jérôme Cahuzac er lýtalæknir. Á læknastofu sinni í París græddi hann hár á höfuð ríkra Frakka. Hann sagði þörfina fyrir að viðhalda lífsstíl fjölskyldunnar skýra ólöglegt athæfi þeirra. – ibs

## Viðsnúningur í Aleppo



Kveðju kastað á liðsmann sýrlenska stjórnarhersins í gamla bæjarhlutanum í Aleppo í Sýrlandi, sem stjórnarherinn hefur nú náð úr höndum uppreisnarmanna eftir langvarandi umsátur og hörð átök. NORDICPHOTOS/AFP

# Myndi kljúfa Bretland í fjóra parta

**Stjórnin í Wales segir að yfirgefi Bretland Evrópusambandið sé brotið gegn lögum um heimastjórn Wales, Skotlands og Norður-Írlands. Málflutningi fyrir Hæstarétti um útgönguna er nú lokið. Breska þingið lagði blessun sína yfir tímaáætlun Theresu May í gærkvöldi.**

**BRETLAND** „Brexit-kosningin klýfur Bretland. Hún klýfur það í fjóra parta,“ sagði Richard Gordon, lögmaður heimastjórnarinnar í Wales, í málflutningi sínum við Hæstarétt Bretlands í gær.

Með því að ganga úr Evrópusambandinu sé breska stjórnin að brjóta gegn breskri stjórnskipun, sem gerir ráð fyrir heimastjórn í Wales, rétt eins og í Skotlandi og á Norður-Írlandi. Hún hafi engan rétt til þess.

Gordon tók samt skýrt fram að hann ætlist alls ekki til þess að vilji kjósenda verði hunsaður. Stjórnin í Wales vilji hvorki tefja fyrir né koma í veg fyrir útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu. Meirihluti kjósenda hafi verið því fylgjandi, þótt kjósendur í Wales, Skotlandi og á Norður-Írlandi hafi verið því andvígir.



Skjalakassar streymdu inn í byggingu Hæstaréttar Bretlands í London í gær, á fjórða og síðasta degi málflutnings fyrir dómstólnum um útgöngu úr Evrópusambandinu. NORDICPHOTOS/AFP

Breska stjórnin hafi vissulega völd til þess að gera samninga við önnur ríki og leggja niður slíka samninga. Hins vegar hafi ríkisstjórnin ekki völd til þess að víkja frá lögum sem breska þingið hefur samþykkt.

Hann segir þetta svo einfalt að sex ára barn eigi auðveldlega að geta skilið.

Hæstiréttur hefur nú í vikunni fjallað um það hvort breska ríkisstjórnin hafi rétt til þess að virkja útgönguákvæði Evrópusambandsins án aðkomu þjóðþingsins.

Fjórði og síðasti dagur málflutnings fyrir dómstólnum var í gær, en ekki er búist við niðurstöðu fyrr en í janúar.

Yfirréttur í London komst nýverið að þeirri niðurstöðu að ríkisstjórnin verði að spyrja þingið áður en útgönguákvæðið er virkjað, en þeirri niðurstöðu var áfrýjað til Hæstaréttar.

Deilan hefur fyrst og fremst snúist um það hvort útgangan, án aðkomu þingsins, myndi brjóta gegn lögum sem breska þingið samþykkti árið 1972 um aðildina að ESB.

Breska stjórnin segir að þegar þingið samþykkti fyrr á þessu ári að haldin yrði þjóðaratkvæðagreiðsla um útgöngu, þá hafi þingið gert ráð fyrir því að stjórnin myndi framfylgja niðurstöðunni.

Rúmlega helmingur Breta samþykkti útgönguna, en tæplega helmingur var á móti.

Breska þingið lagði svo í gær blessun sína yfir tímaáætlun Theresu May forsætisráðherra, sem reiknar með að virkja útgönguákvæðið í mars á næsta ári. gudsteinn@frettabladid.is



www.n1.is facebook.com/enneinn

ENNEMM / SÍA / NM75654




Notaðu N1 punktana til að fá þér í svanginn

Litlu jólin eru í dag!

# 13 krónu afsláttur fyrir N1 korthafa

Þú færð 13 krónu afslátt af hverjum eldsneytislítra og tvo N1 punkta að auki.

## 20%



Afsláttur af ilmandi jólakaffi & bakkelsi

Hluti af jólastemningunni N1




Mennirnir þrír eru grunaðir um nauðgun og frelsissviptingu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Þrem grunuðum sleppt úr haldi

**LÖGREGLUMÁL** Mennirnir þrír sem voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald á þriðjudag grunaðir um nauðgun og frelsissviptingu voru leystir úr haldi í gær. Úrskurður Héraðsdóms um gæsluvarðhald var kærður á miðvikudag en samkvæmt upplýsingum frá verjanda eins mannanna leysti lögreglan á höfuðborgarsvæðinu mennina úr haldi svo ekki kom til þess að Hæstiréttur dæmdi um gæsluvarðhaldið. Friðrik Smári Björgvinsson yfirlögregluþjónn staðfestir að rannsóknarhagsmunir hafi ekki verið lengur til staðar og því hafi mönnunum verið sleppt. Rannsókn málsins miðar vel áfram.

Fréttablaðið greindi fyrst frá málinu í gær. Mennirnir þrír, tveir Íslendingar og einn af erlendu bergi brotinn, eru grunaðir um frelsissviptingu og nauðgun á konu sem tilkynnti um atvikið á mánudag. Konan fékk aðstoð á Neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis í kjölfar þess að lögregla var kölluð út vegna málsins. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að konan hafi þekkt að minnsta kosti einn mannanna. – snæ

# Sprungið skólakerfi í Grindavík

**Ekki er gert ráð fyrir að stækka grunn- og leikskóla í Grindavík samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. Tveir leikskólar og einn grunnskóli eru í bænum og eru þeir allir yfirfullir að sögn leikskólastjóra.**

**SAMFÉLAG** Skólakerfið í Grindavík er sprungið, bæði í leik- og grunnskóla. Bærinn hefur vaxið svo hratt að dæmi eru um börn sem komast ekki inn í leikskóla fyrr en þau eru orðin tveggja og hálfs árs. Grunnskólinn í bænum, Hópskóli, er svo þéttsetinn að kennsla fer jafnvel fram á göngunum. Skólastjórnendur grunn- og leikskóla lögðu fram bókun á fundi fræðslunefndar í vikunni þar sem þeir lýstu yfir vonbrigðum nefndarinnar með niðurstöðu fjárhagsáætlunar um skólana næstu árin. Þar kemur fram að ekki er gert ráð fyrir fjármagni árið 2017 til að hefja undirbúning að stækkun grunn- og leikskóla.

Fríða Egilsdóttir, leikskólastjóri á leikskólanum Laut, segir að stýrihópur hafi verið settur á laggirnar vegna langs biðlista í leikskólann og yfirfulls grunnskóla. Stýrihópurinn skoðaði meðal annars spá um íbúafjölgun í bænum og komst að því að byggja þarf við leikskólann og stækka grunnskólann áður en illa fer. Í bókun hans kemur fram að svo virðist sem framtíðarsýn starfshópsins hafi verið virt að vettugi.

„Að mati hópsins þá þarf að fara að huga að því að byggja við leikskólann og stækka grunnskólann, ef bærinn ætlar að standa undir nafni, Grindavík – Góður bær. En þegar fjárhagsáætlunin um skólana var tekin fyrir, þá kom í ljós að það var ekkert gert í tillögum okkar, sem ég var ekki sátt við,“ segir hún. Í stýrihópnum voru fulltrúar foreldra í bænum, frá skólaskrifstofunni og skólastjórnendum, bæði grunn- og leikskóla.

„Báðir leikskólarnir hér í Grindavík eru smekkfullir og börn komast ekki inn fyrr en þau eru tveggja og hálfs árs. Grunnskólinn er í tveimur húsum og það þarf stundum að kenna á göngunum.

Það þarf að horfa fram í tímann því deiliskipulag og annað tekur oft langan tíma. Það þarf allavega að fara að huga að því í fjárhagsáætlun. Eins og við segjum í bókuninni þá finnst okkur þessi tími sem við lögðum í þetta hafa verið virtur að vettugi,“ segir leikskólastjórinn.

Staðgengill bæjarstjóra, Jón Þórisson, er erlendis og náðist ekki í hann við vinnslu fréttarinnar. Nökkvi Már Jónsson, sviðsstjóri félagsþjónustu og fræðslusviðs, var sagður í fríi.

benediktboas@365.is



Tveir leikskólar eru í Grindavík og eru þeir báðir búnir að sprengja utan af sér. Ekki er gert ráð fyrir fjármagni til að stækka leikskólann á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Báðir leikskólarnir hér í Grindavík eru alveg smekkfullir og börn komast ekki inn fyrr en þau eru tveggja og hálfs árs. Grunnskólinn er í tveimur húsum og það þarf stundum að kenna á göngunum.



Fríða Egilsdóttir, leikskólastjóri á leikskólanum Laut

### Grindavík

**Einkunnarorð eru Góður bær.**

**Rúmlega 3.100 manna bær sem hefur vaxið hratt í seinni tíð.**

**Vinsæll ferðamannastaður enda Bláa lónið í anddyri hans.**

**Öflugur útgerðarbær.**

**Eitt glæsilegasta tjaldsvæði landsins er þar.**


WILD WEEKENDS

SPARIÐ 50%

FULLT AF FLOTTUM TILBOÐUM Í VERSLUNUM OKKAR

Á VÖLDUM XMAS HITS

FÖSTUDAGUR TIL SUNNUDAGS 9.-11.12.2016

**OPNUNARTÍMI:**

Smáratorg: föstudagur 10:00-22:00, laugardag 10:00-22:00 og sunnudag 10:00-22:00.

Korputorg: föstudagur 10:00-22:00, laugardag 10:00-22:00 og sunnudag 10:00-22:00.

Glerártorg: föstudagur 10:00-18:30, laugardag 10:00-22:00 og sunnudag 13:00-22:00.




ToysRUs




Frá 1921 hefur rafmagnið frá okkur lýst upp aðventuna, hnoðað piparkökudeigið, soðið hangikjötið, bakað smákökurnar, steikt laufabrauðið, spilað jólalögin og jafnvel knúið sjálfan heimilisbílinn í jólastússinu.

Óskum landsmönnum öllum notalegs jólaundirbúnings.

on
ORKA NÁTTÚRUNNAR

**ORKA NÁTTÚRUNNAR**
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is · on@on.is












Eyjafjörður þarf meiri orku til að íbúarnir dafni, segir sveitarstjóri Grýtubakkahrepps. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Telur Eyjafjörð í orkusvelti

**ORKUMÁL** „Það virðist hafa myndast þverpólitísk samstaða um að Eyjafjörður og jafnvel Norðurland allt skuli vera orkusvelt til framtíðar," segir Þröstur Friðfinnsson, sveitarstjóri Grýtubakkahrepps, í nýjum pistli á heimasíðu hreppsins.

Þröstur segir flutningskerfi raforku inn á Eyjafjarðarsvæðið vera sprungið og ekki taki minna en fimm ár að bæta þar úr. Virkjanleg fallvötn í Skagafirði og Þingeyjarsýslu séu í verndarflokki og vaxandi andstöðu gæti við gufuaflsvirkjanir auk efasemda um endingu jarðhitans. Allir stjórnmálaflokkar séu andvígir lagningu háspennulínu yfir Sprengisand.

„Þeir stjórnmálamenn og einnig umhverfisverndarsinnar sem ætla að koma í veg fyrir lagningu línu yfir

> **Byggð sem ekki á kost á rafmagni af pólitískum ástæðum á sér enga von um að geta vaxið og dafnað eðlilega.**



Þröstur Friðfinnsson, sveitarstjóri Grýtubakkahrepps

Sprengisand eru í reynd að lýsa því yfir að ekki skuli lengur ríkja jafnrétti til búsetu á Íslandi," skrifar Þröstur. „Aðrar leiðir til að leysa orkuþörf hér á svæðinu eru einfaldlega verri í öllu tilliti, hvort sem horft er til kostnaðar eða umhverfis. Byggð sem ekki á kost á rafmagni af pólitískum ástæðum á sér enga von um að geta vaxið og dafnað eðlilega."

Þá segir Þröstur það hrikalega hömlun á framfarir og íbúaþróun að ekki sé hægt að útvega raforku til þeirra sem áhuga hefðu á að stofna til nýrrar atvinnustarfsemi. Gagnaver og önnur meðalorkufrek starfsemi séu alveg út úr myndinni næstu árin, jafnvel áratugi.

„Það sem enn verra er, að jafnvel þó að takist að tengja vestur til Blöndu og austur til Kröflu, mun áfram vanta afl og öryggi í kerfið til frambúðar meðan ekki tekst að tengja við virkjanir á suðurhálendinu," segir sveitarstjórinn meðal annars í pistli sínum. – gar




LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL
um jólin
FRÁBÆRT ÚRVAL AF RÚMUM,
SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM
Opið alla daga
fram að jólum
Erum í jólaskapi!
CARPE DIEM
BEDS OF SWEDEN
HENSON DESIGN
Gæðarúm frá Belgíu
Hvíldarsófar í miklu úrvali
Áttu von
á gestum?
CALIA svefnsófi
Hvíldarstólar í miklu úrvali
ORACOL tungusófi
Lama
Gæðarúm frá Danmörku
CALIA
ITALIA
JACOB stóll frá Calia Italia
Þú finnur jólagjöfina hjá okkur
CULTI
BUGATTI
BUGATTI
Glamour Thermoskönnur
KUBIKOFF Ruggustólar
CULTI
BUGATTI
BUGATTI
TRIPODE lampar
PILLOWISE
heilsukoddar fyrir alla
BUGATTI
Sweet home hnífaparasett
RÚM • SÓFAR • HVÍLDARSTÓLAR • HEILSUKODDAR • LJÓS • HÚSGÖGN • GJAFAVÖRUR • BORÐ • SÆNGUR
VERIÐ VELKOMIN
Í HEIMSÓKN
Opið virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-16
Suðurlandsbraut 24 | 108 Reykjavík | 554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is
LÚR
BETRI HVÍLD



**Steinunn Guðbjartsdóttir, fyrrverandi formaður slitastjórnar [skilanefndar] Glitnis, vísaði fyrirspurn Fréttablaðsins um málið frá sér sem og spurningum um hver niðurstaða þessarar athugunar nefndarinnar var.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ræddu riftanir á úttektum auðmanna

**Skilanefnd Glitnis listaði upp úttektir úr Sjóði 9 rétt fyrir hrun sem mögulega ætti að rifta. Viðskipti sem þetta átti við um námu 3,1 milljarði samanteknar. Úttektir Guðbjargar Matthíasdóttur er þriðjungur þeirra upphæðar.**

Skilanefnd Glitnis hafði sérstaklega til skoðunar úttektir nokkurra félaga og einstaklinga á háum fjárhæðum úr peningamarkaðssjóði Glitnis, Sjóði 9, með það að augnamiði að rifta viðskiptunum. Ástæðan var tímasetningar viðskiptanna stuttu fyrir þjóðnýtingu Glitnis 29. september og dagana fyrir hrun bankans 7. október árið 2008.

Þetta kemur fram í gögnum skilanefndarinnar sem Fréttablaðið hefur undir höndum. Skjalið sem um ræðir er ekki dagsett, en bakgrunnsupplýsingar benda til að það hafi verið unnið í mars árið 2010. Umrætt skjal var tekið saman til að meta hvað af innlausnum þessara daga væri hæft til riftunar.

Stærstu viðskiptin sem voru til skoðunar hjá skilanefndinni voru úttektir félaga í eigu Guðbjargar Matthíasdóttur, athafnakonu og stærsta eiganda Ísfélagsins í Vestmannaeyjum, eða eignarhaldsfélaga hennar Kristins og Fram, og námu rúmum milljarði króna. Einnig persónuleg úttekt Guðbjargar að upphæð 75 milljónir króna til viðbótar, en eins og þekkt er var Guðbjörg stór hluthafi í Glitni á sínum tíma. Er það sérstaklega nefnt í skjali skilanefndarinnar að „einnig urðu talsverð blaðaskrif um sölu hennar á hlutabréfum í Glitni rétt fyrir fall bankans“, og er þar vísað til þess að Guðbjörg seldi bréf sín þremur dögum fyrir þjóðnýtingu bankans – viðskipti sem voru síðar umdeild.

Viðskipti athafnamannsins Benedikts Sveinssonar þremur dögum fyrir þjóðnýtingu bankans eru á listanum. Þá voru 500 milljónir króna teknar út og í skýringum við færsluna segir „Úttekt úr safni – millif[ært]. til Flórída“. Önnur úttekt er á listanum frá 1. október að fjárhæð 100 milljónir króna með skýringunni „sj 9 selt og í usd“. Benedikt er bróðir Einars Sveinssonar, fyrrv. stjórnarformanns Glitnis hf.

**3,1**

**milljarði króna nema úttektir úr Sjóði 9 sem talið var réttlætanlegt að rifta.**

Efni skjalsins tengdist einnig ákvarðanatöku innan skilanefndarinnar um hvaða aðferðum ætti að beita við val á þeim viðskiptum sem mögulega ætti að rifta. Þar komu nokkrar aðferðir til greina, og segir: „Val eftir nöfnum ákveðinna aðila kemur einnig til greina. Þá kemur einnig til greina að velja þá út sem eru í þjónustu ákveðins þjónustufulltrúa,“ en um hvern ræðir er ekki tiltekið.

Þessu fylgir fyrrnefndur listi undir fyrirsögninni: Aðilar sem skoðaðir hafa verið m.t.t. innlausna rétt fyrir fall Glitnis hf. í byrjun október 2008. Ásamt viðskiptum Guðbjargar og hennar félaga og Benedikts er nefnd stór úttekt systkinanna Helgu Guðrúnar Johnson og Ólafs Ó. Johnson í nafni félags síns Johnson ehf. Einnig úttekt byggingaverktakans Sigurðar Sigurgeirssonar, í hans nafni, sem nemur 502 milljónum króna, en DV reiknaði út, og hafði greiddan auðlegðarskatt sem viðmið, stuttu eftir að skjal slitanefndarinnar var skrifað að hann væri auðugasti maður Íslands á þeim tímapunkti.

Alls nema þær úttektir úr Sjóði 9 sem listaðar voru upp af skilanefndinni, og hugsanlega var talið réttlætanlegt að rifta, 3,1 milljarði króna samanteknar.

Sjóður 9 var mjög umtalaður eftir hrun fyrir margra hluta sakir. Tap sjóðfélaga var verulegt, en þegar Sjóður 9 var gerður upp í lok október 2008 höfðu þeir tapað fimmtungi eignar sinnar í sjóðnum stuttu áður en bankinn var þjóðnýttur.

Stjórnarseta Illuga Gunnarssonar, fyrrverandi menntamálaráðherra, í peningamarkaðssjóðum Glitnis, og Sjóðs 9 þar á meðal, varð til þess að hann vék af þingi í kjölfar skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Illugi sagði síðar í pistli að stjórnarseta hans hefði skaðað hann pólitískt.

Steinunn Guðbjartsdóttir, fyrrverandi formaður slitastjórnar [skilanefndar] Glitnis, vísaði fyrirspurn Fréttablaðsins um málið frá sér, og spurningum um hver niðurstaða þessarar athugunar skilanefndarinnar var og hvort einhverjum viðskiptum var rift. Eins hvort einhverjum málum var vísað áfram til Fjármálaeftirlitsins eða annarra rannsóknaraðila.

**svavar@frettabladid.is**

## Aðdragandi og fall íslensku bankanna 2008

**Úttektir úr Sjóði 9 sem slitastjórn Glitnis vildi kanna hvort tilefni væri til að rifta.**

**10. SEPTEMBER**
Bandaríski fjárfestingarbankinn **Lehman Brothers** birtir uppgjör sem sýnir mikið tap. Fimm dögum síðar fer bankinn í greiðslustöðvun og síðan í gjaldþrot. **Fjármálakerfi heimsins nötra.**



**Benedikt Sveinsson**
**500 milljónir**
*Benedikt er faðir Bjarna Benediktssonar, þáverandi þingmanns Sjálfstæðisflokksins og núverandi formanns flokksins og fjármálaráðherra. Benedikt er bróðir Einars Sveinssonar, fyrrverandi stjórnarformanns Glitnis.*

**16. SEPTEMBER**
**Sameiningarviðræður** í fullum gangi á milli Glitnis og Byrs annars vegar og Landsbankans og Straums hins vegar.

**17. SEPTEMBER**
**Bandaríski seðlabankinn** lánar tryggingarisanum AIG **85 milljarða Bandaríkjadollara** til að koma í veg fyrir gjaldþrot.

**Benedikt Sveinsson**
**100 milljónir**

**Sigurður Sigurgeirsson**
**502 milljónir króna.**
*Sigurður er byggingaverktaki – seldi fyrirtæki sitt JB Byggingarfélag með miklum hagnaði fyrir hrun.*

**26. SEPTEMBER**
Tilraun til að ná samningum um **gjaldeyrisskipti** á milli **Seðlabanka Íslands og Seðlabanka Bandaríkjanna** fer út um þúfur.

**29. SEPTEMBER**
Eftir stranga fundahelgi í **Seðlabankanum** liggur fyrir að **ríkið mun eignast 75% í Glitni.** Í framhaldinu lækkar lánshæfismat ríkisins.

**Kristinn ehf.**
**345,7 milljónir króna**
*Eigandi Guðbjörg Matthíasdóttir, athafnakona og stór hluthafi í Glitni fyrir hrun.*

**30. SEPTEMBER**
**Lækkun lánshæfismats** ríkisins hefur þær afleiðingar að skuldabréf gefin út af Landsbanka og Kaupþingi gjaldfalla sem eykur á lausafjárvanda þeirra sem var ærinn fyrir.

**1. OKTÓBER**

**2. OKTÓBER**

**3. OKTÓBER**

**Fram ehf.**
**729 milljónir króna**
*Eigandi Fram ehf. er Guðbjörg Matthíasdóttir.*

**Guðbjörg Matthíasdóttir**
**75 milljónir króna**

**Einar Örn Jónsson**
**186 milljónir króna**
*Einar Örn, athafnamaður oft kenndur við Nóatún. Nýjustu viðskipti hans – kaup Emmessís ásamt hópi fjárfesta vakti athygli nýlega.*

**6.OKTÓBER**
**Síðasti viðskiptadagur** með Sjóð 9 þar til þremur vikum síðar. **Geir H. Haarde flytur ávarp til þjóðarinnar** um stöðu bankakerfisins. **Neyðarlög sett** með tryggingu innlendra innistæða og auknum heimildum Fjármálaeftirlitsins.



**Guðbjörg Edda Eggertsdóttir**
**150 milljónir króna**
*Guðbjörg Edda, athafnakona og fyrrverandi forstjóri Actavis. Hún á 1,2% hlut í sjóði sem á 14,5% hlut í 365 miðlum hf.*

**7. OKTÓBER**
**Fjármálaeftirlitið tekur yfir rekstur Landsbankans.**

**8. OKTÓBER**
Breska stjórnin beitir **hryðjuverkalögum** á Íslendinga.

**9. OKTÓBER**
**Fjármálaeftirlitið tekur yfir rekstur Kaupþings.**

# nettó

## Veislan heldur áfram...



Franskur gæðakalkúnn á betra verði!

Frábært verð

**KALKÚNN HEILL**
- FROSINN
**998 KR/KG** ❄



**HREINDÝR LUNDIR**
- FROSIÐ
~~ÁÐUR: 8.989 KR/KG~~
**7.910 KR/KG** ❄

Ódýrt og girnilegt



-20%

**KALKÚNABRINGUR**
**ERLENDAR** - FROSIÐ
~~ÁÐUR: 2.498 KR/KG~~
**1.998 KR/KG** ❄



**ANDABRINGUR**
FRANSKAR - FROSIÐ
~~ÁÐUR: 2.998 KR/KG~~
**2.698 KR/KG** ❄



-20%

**OPAL REYKTUR LAX**
**EÐA GRAFINN - 1/2 FLAK**
~~ÁÐUR: 4.449 KR/KG~~
**3.915 KR/KG**



**HREINDÝR FILLE**
SILVERSKIN ON - FROSIÐ
~~ÁÐUR: 9.498 KR/KG~~
**8.358 KR/KG** ❄

Humarsalan

NÝTT Í nettó



**HUMAR**
**BRAUÐAÐUR - 500 GR.**
**2.998 KR/PK** ❄

Humarsalan



-23%

**HS SKELBROT**
1 KG BLANDAÐ
~~ÁÐUR: 3.895 KR/KG~~
**2.999 KR/KG** ❄

Humarsalan

NÝTT Í nettó



**HÁTÍÐARSÚPA**
**HUMARSÖLUNNAR,**
**850 ML**
**1.298 KR/STK** ❄


**www.netto.is | Tilboðin gilda 8. – 11. desember 2016**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss



## ATLANTA CHEESECAKE

Hágæða ostakökur beint frá USA.
Kíktu á úrvalið!



## JOE&SEPH´S SÆLKERAVÖRUR

Ólýsanlega góðar karamellusósur og popp húðað karamellu, súkkulaði eða Cheddar. Finndu þitt uppáhalds!



**Robin klementínur**
Ómissandi um jólin.



**Chosen foods**
Hágæða olíur sem henta í alla matargerð.



**Fumgali**
Lífræn ítölsk hráskinka beint frá Ítalíu.



Gott verð
2.699 kr/stk

**Quality Street 2 kg**
Hver er þinn uppáhalds moli?



**Gille piparkökur**
Aldrei of seint fyrir piparkökur.



**Mackays sultur**
Það besta frá Skotlandi.

Gildir til 11. desember á meðan birgðir endast.



LABEYRIE

## Franskar makkarónur

*Tilvaldar á veisluborðið*


24 Hagkaup
**OPIÐ** allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Spöng & Eiðistorg




Netgíró


NAUTAAT
NAUT HELGARINNAR
TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa
NAUTA
RIBEYE
3.749 kr/kg
verð áður 4.999
ÍSFUGL
TILBOÐ
30%
afsláttur á kassa
KJÚKLINGA
BRINGUR
2.064 kr/kg
verð áður 2.949
ÍSFUGL
TILBOÐ
30%
afsláttur á kassa
TEX MEX
KJÚKLINGAVÆNGIR
545 kr/kg
verð áður 779
Holta
TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa
KJÚKLINGA-
LUNDIR
2.099 kr/kg
verð áður 2.799
ÍSLANDS
LAMB
TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa
FERSKT
LAMBALÆRI
1.574 kr/kg
verð áður 2.099
Holta
TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa
KJÚKLINGALÆRI
ÚRBEINUÐ
1.999 kr/kg
verð áður 2.499
SNOWDONIA CHEDDAR
Margverðlaunaðir
Cheddar ostar
frá Wales.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




Madeira er stundum nefnd „skrúðgarðurinn í Atlantshafinu“ enda með fádæmum gróðursæl og býr yfir einstökum náttúrutöfrum. Hér ríkir afar þægilegt loftslag allan ársins hring en meðalhitinn í apríl er um 18°C. Innan um tilkomumikil fjöll, vínekrur, ávaxtagarða og fagran hitabeltisgróður hafa eyjaskeggjar skapað hina fullkomnu aðstöðu ferðamannsins. Funchal er höfuðborg eyjunnar og það sem einkennir hana öðru fremur eru stórir og fallegir skrúðgarðar með aragrúa blómategunda sem fátítt er að sjá annars staðar. Borgin hefur ýmislegt fleira að bjóða eins og þröngar, krókóttar götur, vinaleg veitinga- og kaffihús og við höfnina vagga skip af ýmsum stærðum og gerðum frá öllum heimshornum auk úrvals verslana og veitingastaða.

**Hotel Melia Madeira Mare**
**Frá kr. 161.595 m/morgunmat og 2 kvöldverðum**
Netverð á mann frá kr. 161.595 m.v. 2 í herbergi




**Hotel Alto Lido**
**Frá kr. 157.295 m/morgunmat innif.**
Netverð á mann frá kr. 157.295 m.v. 2 í herbergi




**Hotel Four Views Monumental**
**Frá kr. 149.395 m/morgunmat innif.**
Netverð á mann frá kr. 149.395 m.v. 2 í herbergi




**Hotel Girassol**
**Frá kr. 147.195 m/morgunmat innif.**
Netverð á mann frá kr. 147.195 m.v. 2 í herbergi



**Hotel Orquidea**
**Frá kr. 136.195 m/morgunmat innif.**
Netverð á mann frá kr. 136.195 m.v. 2 í herbergi



Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.
ENNEMM / SIA • NMNM78941

Heimsferðir


# Ástand heimsins

1



**1.** Hinn átta ára gamli Ankush rennir sér fimlega á hjólabrettinu sínu niður hjólabrettapall í Janwaargarðinum á Indlandi. Ankush hefur lært ótrúlegustu brögð og brellur þökk sé þýskum kennara hans, Ulrike Reinhard. MYND/GETTY

**2.** Börn í Karachi í Pakistan koma saman til að biðja fyrir fórnarlömbum flugslyss í Abbottabad-héraði. Allir sem voru um borð í vélinni, 48 manns, fórust. MYND/GETTY

**3.** Í Freiburg í Þýskalandi hefur blómum, kertum og fallegum skilaboðum verið komið fyrir við tré þar sem Maria, 19 ára læknanemi, fannst myrt. Lögreglan hefur afganskan flóttamann í haldi, grunaðan um verknaðinn. Málið er að snúast upp í harða pólitíska deilu í landinu. MYND/GETTY

**4.** Fátt er fallegra en jólaljósin í Edinborg. Jólamarkaðurinn í borginni er engum líkur en hann var opnaður í nóvember og var kominn í fullan gang í vikunni. Hann verður opinn til sjöunda janúar. MYND/GETTY

2





3

4



90

1926 2016

# Á herrans hátíð syngjum



## AÐVENTUTÓNLEIKAR KARLAKÓRS REYKJAVÍKUR 2016

Í HALLGRÍMSKIRKJU LAUGARDAGINN 17. DESEMBER KL 17.00 OG 20.00
OG SUNNUDAGINN 18. DESEMBER KL. 17.00 OG 20.00



*Einsöngvari*
ELMAR ÞÓR GILBERTSSON
TENÓR

*Orgelleikari*
LENKA MÁTÉOVÁ

*Trompetleikarar*
ÁSGEIR H. STEINGRÍMSSON
EIRÍKUR ÖRN PÁLSSON

*Pákuleikari*
EGGERT PÁLSSON

*Stjórnandi*
FRIÐRIK S. KRISTINSSON

MIÐAVERÐ KR. 5.900 - MIÐASALA Á TIX.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
# SKOÐUN

# Fjárlög í miklum hagvexti



Hafliði Helgason
haflidi@frettabladid.is

Fjárlagafrumvarpið er lagt fram við sérstakar aðstæður þar sem sú ríkisstjórn sem leggur það fram hefur ekki þingmeirihluta. Við þær kringumstæður mun reyna talsvert á þingið.

Frumvarpið er lagt fram við þær kringumstæður að nýjar hagtölur sýna meiri vöxt en spár höfðu gert ráð fyrir. Hærri hagvaxtartölur minnka líkur á því að Seðlabankinn lækki vexti nú í desember, auk þess sem óvissa um endanlega útgáfu fjárlaga hlýtur að hafa sömu áhrif.

Enda þótt Seðlabankinn hafi tök á að hindra innflutning gjaldeyris vegna vaxtamunarviðskipta, þá getur hann ekki komið í veg fyrir að innlendir aðilar stundi þau í raun með þeim hætti að halda inni í landinu fjármunum sem annars færu í erlendar fjárfestingar.

Í Markaðnum í fyrradag var rætt við Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóra Samtaka iðnaðarins, sem hefur eins og fleiri nokkrar áhyggjur af því að hröð styrking krónunnar muni bitna á langtímahagsæld þjóðarinnar.

Það er full ástæða til að taka undir þessar áhyggjur. Samkeppnishæfni annarra greina en ferðaþjónustu fer hratt minnkandi vegna launakostnaðar mælds í erlendri mynt. Enginn veit svo hver eru sársaukamörk ferðaþjónustunnar sjálfrar og í framhaldinu hvert getur verið langtíma jafnvægisgengi krónunnar.

Ísland tekst nú á við algjörlega ný vandamál í hagstjórn. Hagvöxtur er margfaldur á við nágrannalönd og nettó staða við útlönd er jákvæð um 60 milljarða og líklegt að hún eigi eftir að batna enn. Sala eigna gæti gert ríkið nánast skuldlaust og tækifæri er til að greiða inn á lífeyrisskuldbindingar

Nauðsynlegt er að auka hvatann til þess að fjármunir fari úr landi á móti öllu því innstreymi sem nú er. Lækkun vaxta hjálpar til, en Seðlabankinn mun varla stíga slíkt skref nema að fyrir liggi að ríkisfjármálin séu tekin föstum tökum.

> **Hærri hagvaxtartölur minnka líkur á því að Seðlabankinn lækki vexti nú í desember, auk þess sem óvissa um endanlega útgáfu fjárlaga hlýtur að hafa sömu áhrif.**

Nýkjörið Alþingi verður að sýna ábyrgð og reka ríkissjóð með afgangi. Ekki skal litið úr því gert að á ýmsum sviðum hafa málaflokkar verið sveltir og uppsafnaða þörf má finna í mikilvægum stoðum samfélagsins eins og heilbrigðiskerfi, menntakerfi og í samgöngum.

Upplegg fjármálafrumvarpsins eins og það lítur út er skynsamlegt, þótt deila megi um forgangsröðun ýmissa þátta. Það er pólitískt úrlausnarefni fyrir nýtt þing að leysa. Mikilvægast er samt að sú umræða verði innan þess útgjaldaramma sem lagt hefur verið upp með. Krafa um aukin ríkisútgjöld við þessar kringumstæður er því miður óábyrg og mun koma í bakið á okkur.

Í núverandi stöðu eru mikil tækifæri til að tryggja langtímahagsæld. Freistnivandi stjórnmála í miklum hagvexti er mikill og sagan sýnir að erfitt er að halda aftur af útgjöldum. Sagan sýnir líka að takist það ekki verður afleiðingin hörð lending hagkerfisins.






## Halldór




## Frá degi til dags

**Undrast eigin loforð**
Ríkisstjórnin samþykkti samgönguáætlun rúmum tveimur vikum fyrir kosningar. Þar var öllu fögru lofað og ráðast átti í miklar umbætur á innviðum landsins. Nú þegar fjárlagafrumvarpið liggur fyrir er ljóst að ekki verður staðið við áætlunina.

Fyrr í vikunni sagði Bjarni Benediktsson að ekki hefði verið innistæða fyrir henni; hún hefði verið bólgin af kosningaloforðum. Er Bjarni búinn að gleyma því að áætlunin var stjórnartillaga Ólafar Nordal innanríkisráðherra? Að hann studdi sjálfur áætlunina í öllum atkvæðagreiðslum sem fram fóru?

**Fjárlaganefnd Bjarna**
Athygli vakti í byrjun vikunnar þegar starfandi fjármálaráðherra skammaðist út í ríkisstofnanir fyrir að kvarta undan fjárskorti. Annað hljóð var komið í strokkinn á þriðjudag þegar hann sagðist að sjálfsögðu mundu hlusta með opnum hug á gagnrýni á fjárlagafrumvarpið. Um leið fullyrti hann hins vegar að að frumvarpið myndi „ekki taka grundvallarbreytingum í fjárlaganefnd“.

Einhverjum kann að þykja Bjarni hér hafa farið aðeins fram úr sér. Þrír af níu nefndarmönnum þingnefndarinnar koma úr Sjálfstæðisflokki og varla er það í verkahring Bjarna að ákveða hvað nefndin tekur til bragðs?

thorgeirh@frettabladid.is

# Ekkert barn búi við fátækt á Íslandi árið 2020!

Atli Geir Hafliðason
Áslaug Arndal
Bjarni Gíslason
Kristín Ólafsdóttir
Sædís Arnardóttir
Vilborg Oddsdóttir
starfsfólk Hjálparstarfs kirkjunnar

Við undirrituð, starfsfólk Hjálparstarfs kirkjunnar, skorum á nýkjörna fulltrúa þjóðarinnar á Alþingi að móta tafarlaust stefnu í þágu barna sem búa við verulegan skort á Íslandi og tímasetja markmið um að ekkert barn búi við fátækt á Íslandi árið 2020.

Samkvæmt skýrslu Hagstofu Íslands um sára fátækt frá 13. september síðastliðnum bjuggu í fyrra um 1,3% landsmanna eða um 4.300 manneskjur við verulegan skort á þeim lífsgæðum sem þykja eðlileg í íslensku samfélagi svo sem að geta staðið í skilum með greiðslur fyrir húsnæði og lán, geta haldið húsnæðinu heitu, geta farið í vikulangt frí með fjölskyldunni árlega, haft efni á kjöti, fiski eða sambærilegri grænmetismáltíð annan hvern dag, geta mætt óvæntum útgjöldum, hafa efni á síma, sjónvarpstæki, þvottavél eða bíl. Manneskja sem býr við sára fátækt hefur ekki efni á fernum af níu ofangreindum lífsgæðum og getur ekki haldið í við almennar neysluvenjur í samfélaginu.

Gögn Hagstofunnar sýna fram á að heilsufar, staða fólks á húsnæðismarkaði sem og heimilisgerð hafi töluvert forspárgildi um sára fátækt. Þannig leiðir bág heilsa og örorka til lágra ráðstöfunartekna sem setur fólki þröngar skorður á húsnæðismarkaði. Sama á við um einstæða foreldra og þá sem búa einir. Niðurstaða Hagstofunnar er líka skýr um það að sár fátækt er tíðari á meðal leigjenda en húsnæðiseigenda. Það liggur því í augum uppi að grípa þarf til almennra aðgerða á húsnæðismarkaði og að tryggja þarf aðgengi að góðri heilbrigðisþjónustu óháð efnahag.

> **Þannig leiðir bág heilsa og örorka til lágra ráðstöfunartekna sem setur fólki þröngar skorður á húsnæðismarkaði.**

Við sem samfélag viljum tryggja hag barnanna okkar. Til þess þurfum við skýra stefnu og sértækar aðgerðir í þágu fólksins sem býr við þannig aðstæður að það getur ekki óstutt tryggt börnum sínum þau lífsgæði sem þykja sjálfsögð á Íslandi. Við erum ríkt samfélag af efnislegum gæðum. Sértæku aðgerðirnar krefjast fjármagns og því verðum við að forgangsraða í þágu barnanna okkar allra.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Castro og kjarninn

Í DAG



Bergur Ebbi

Fidel Castro er kominn ofan í jörðina. Það lá alltaf fyrir að hann myndi deyja en það segir ekki alla söguna. Hann var brenndur og askan var jörðuð. Lík hans var ekki varðveitt og komið fyrir í grafhýsi eins og líki Leníns. Það er ekki sjálfgefið að svo varð ekki. Það hefði verið töluverð eftirspurn eftir líkinu. Smurður Fidel Castro hefði laðað til sín milljónir ferðamanna árlega. Sjálfur myndi ég frekar borga peninga til að sjá dauðan Castro heldur en lifandi Kanye West, þó að ég sé reyndar aðdáandi hins síðarnefnda.

Hvert er ég að fara með þetta?

Fidel Castro var ein skærasta stjarna tuttugustu aldar. Hann hafði meiri áhrif á heimsmálin heldur en flestir Bandaríkjaforsetar, meiri áhrif á stemninguna á 7. áratugnum en nokkur hippaleiðtogi og líklega hafa fáir menn á síðari tímum haft jafn mikil áhrif á menntaelítu heimsins og Castro sem þó var ekki með nema eina gráðu í faginu sem snobbaðir fræðimenn telja teknókratíska stílæfingu: lögfræði.

**Rifflar, vindlar, Adidas**

Hann var stjarna í öllum skilningi. Andlitið á honum prýddi forsíðu bandaríska stórblaðsins Time alls níu sinnum. Hann var einnig forsíðumódel hjá Life, Esquire og fleiri lífsstílsblöðum. Myndirnar sýndu ekki hefðbundinn stjórnmálamann heldur öskrandi skýrt myndmál. Rifflar, grænar hermannaskyrtur, baskahúfur, vindlar, skegg, konur og æstir aðdáendur. Síðari tíma myndir af Castro sýndu hann oftast í Adidas-galla (hann prófaði reyndar líka Puma og FILA), afslappaðan eins og gamlan rappara. Líklega var hann bara að spila eftir eyranu en það skal fullyrt að ekki einu sinni dýrasta ímyndarskrifstofa veraldar hefði getað skapað svo aðlaðandi myndmál.

Ég er einn af þeim sem hef margsinnis á ævinni fengið Fidel Castro á heilann. Ég hef litið á það sem köllun að skilja hann. Ég hef kynnt mér sögu hans og lesið rit eftir hann til að reyna að finna kjarnann. Því meira sem ég las og diskúteraði Castro því minna skildi ég aðdráttaraflið. Ég var að gera grundvallarmistök – og við gerum þessi mistök því miður alltof oft. Kjarninn er ekki alltaf falinn undir yfirborðinu. Kjarninn er ekki alltaf innsta lagið, kvikan í miðjunni eða þess eðlis að maður þurfi að kafa eftir honum. Kjarninn í Fidel Castro er sjálft yfirborðið – og eins þversagnarkennt og það hljómar þá gerir það hann engu minna dýpri.

**Pípa og Kalashnikov-riffill**

Það er engan sérstakan sannleika að finna í löngum ritum Fidels Castro um alþjóðavæðingu og ójöfnuð. Það sama á við um ræður hans og aðra hefðbundna intellígensíu. Sannleikurinn var falinn í því að hann lét milljónir manna halda að það væri eitthvað sérstakt að finna meðan aðdráttaraflið var alltaf byssurnar og vindlarnir. Auðvitað dreymdi píputottandi menntamenn í háskólum Vesturlanda um að halda á Kalashnikov-riffli og vera eins og Fidel eða að minnsta kosti fá að hitta hann og reykja með honum vindil. Það vildi enginn vera þegn hans, það vildi enginn stjórnkerfi hans, fólk vildi bara hann og ímynd hans þó að flestir hefðu líklega ekki viðurkennt það. Þetta var blautur draumur – nánast freudískur – sem lamaði dómgreind milljóna hugsandi manna.

Mér finnst sjálfum bara allt í lagi að viðurkenna það. Auk þess er ég alls ekki sá fyrsti sem held fram þessari kenningu. Mig grunar að margar minningargreinar sem nú eru ritaðar um Fidel Castro innihaldi hugmyndir af þessum meiði. Ástæðan fyrir því að ég ritaði þennan pistil er önnur. Boðskapur þessa pistils er hvort það megi yfirfæra Fidel Castro hugmyndina á aðra hluti í samfélaginu. Hvort við séum oft að leita að kjarna undir yfirborði þegar það er einmitt yfirborðið sem inniheldur alla merkinguna. Nú ætla ég að setja fram geysilega alhæfingu og bið þá sem þjást af ofnæmi fyrir slíku að telja upp að tíu. Hér kemur það. Mér finnst risastór hluti allra greininga, skýringa og gagnrýni á fréttaatburði eða menningarafurðir vera tilgangslaus mokstur.

**Alvöru gull?**

Hvers vegna er Donald Trump að verða forseti Bandaríkjanna? Ætlar fólk að eyða meira púðri í að rannsaka það mál með lýðfræðilegum kenningum eða að það sé algóriþma samfélagsmiðla að kenna? Sannleikann í því máli er ekki að finna með því að leita að kjarnanum undir yfirborðinu. Kjarninn er sjálft yfirborðið. Gylltur maður með hár úr gulli sem býr í gullturni vann kosningar því tugir milljóna manna og kvenna vilja það sem glóir. Fólk vill gull. Þið megið rétta mér Nóbelinn núna.

Auðvitað dreymdi píputottandi menntamenn í háskólum Vesturlanda um að halda á Kalashnikov-riffli og vera eins og Fidel eða að minnsta kosti fá að hitta hann og reykja með honum vindil.

Þá segja sumir á móti: En gullið hans Donalds Trump er ekki alvöru gull. Hann er feik! En það er nákvæmlega þarna sem moksturinn hefst. Því hvað er alvöru gull? Er nóg að það sé 14 karata? Þarf það kannski að vera 18 karata? 20 karata? Eða þarf það að vera hreinasta gull í heimi, svokallað 999.999 gull, sem þó er reyndar ekki 100%. Þarf að fylgja vottorð frá lærðum gullsmiði til að gullið sé alvöru? Skiptir máli í hvaða skóla hann lærði gullsmíði? Hver er kjarninn í málinu? Hann krefst ekki rannsóknarvinnu. Ásóknin í gull er í sínu hreinasta eðli ásókn í það sem skiptir ekki máli. Ef það glóir á yfirborðinu og fólk girnist það þá þarf ekki að kafa neitt dýpra. En margir skilja þetta ekki heldur eyða ævi sinni í að moka áfram í leit að kjarnanum. Þess vegna er besti bissness í heimi að selja skóflur. Og þið getið rétt mér annan Nóbel núna, að þessu sinni fyrir hagfræði.

Hvíl í friði Fidel Castro.

# Vegna nefndar um dómarastörf



Gunnlaugur Claessen
fv. hæstaréttardómari

Vegna fyrirspurnar fréttastofu 365 um störf nefndar um dómarastörf, NUD. Nefnd um dómarastörf setti reglur í kjölfar gildistöku laga um dómstóla 1998 sem varða hlutafjáreign dómara og aukastörf þeirra. Reglurnar voru birtar í Stjórnartíðindum. Hvað varðar fyrst hlutafjáreign dómara þá eru lögin og reglurnar alveg skýr. Dómara ber sjálfum að eigin frumkvæði að tilkynna NUD um hlutafjáreign sína þegar slík eign verður til, hvort sem það gerist fyrir kaup, arf eða með öðrum hætti. Kjarni málsins er sá að þessi lagaskylda hvílir á dómaranum sjálfum og nefndin þarf ekki að halda uppi fyrirspurnum með reglulegu millibili.

Þessi skylda er öllum dómurum kunn. Þrátt fyrir það gekk nefndin eftir því við dómarahópinn í upphafi hvort slíkum tilkynningarskyldum eignum væri til að dreifa. Í nokkrum tilvikum reyndist svo vera. Tilkynningar eftir það um hlutafjáreign dómara voru fáar. Ef engin sérstök viðbrögð urðu af hálfu nefndarinnar við slíkum tilkynningum mátti dómari ganga út frá því með réttu að ekki væru gerðar athugasemdir.

Þessi sama lagaskylda hvílir á hverjum og einum dómara að upplýsa um aukastörf sín og fá leyfi fyrir þeim, ef undan eru skilin tiltekin störf sem aðeins eru tilkynningarskyld. Sumum aukastörfum er dómurum beinlínis óheimilt að sinna. Flest falla í þann flokk þar sem leyfi nefndarinnar er áskilið og þá óheimilt að sinna slíku fyrr en að fengnu leyfi. Enn önnur störf nefndarinnar lutu að kvörtun um aðila dómsmála á meðferð dómara á máli viðkomandi, en umfang sumra þeirra og skjalafjöldi gat orðið talsverður.

Eftir að lokið var umfjöllun einstakra mála voru gögn þeirra lögð upp í tímaröð. Við starfslok í nefndinni 2010 kom ég skjalasafni hennar í hendur viðtakandi formanns. Fyrir mistök mín varð þá eftir lítill hluti skjalasafnsins.

**Öll gögn í vörslu nefndarinnar**

Eftir að lokið var umfjöllun einstakra mála voru gögn þeirra lögð upp í tímaröð. Við starfslok í nefndinni 2010 kom ég skjalasafni hennar í hendur viðtakandi formanns. Fyrir mistök mín varð þá eftir lítill hluti skjalasafnsins. Skjalakassa, sem geymdi þau gögn, kannaði ég ekki fyrr en eftir starfslok mín í Hæstarétti og þá komu mistökin í ljós. Þessu greindi ég eftirmanni mínum í nefndinni frá fyrir alllöngu síðan. Gögnunum var hins vegar ekki komið á réttan stað fyrr en 4. desember sl. þegar eftir því var leitað. Í þeim reyndist vera eitt skjal sem snertir umfjöllun 365 miðla fyrr í vikunni, en það er tilkynning Markúsar Sigurbjörnssonar hrd. frá 2007 um sölu hlutafjár. Tilkynning Markúsar nokkrum árum fyrr um að hann hafi eignast hlutabréf fyrir arf mun vera í þeim hluta skjalasafnsins sem var afhentur 2010. Eftir þetta á að vera fullvíst að öll gögn, sem beint hefur verið til nefndarinnar eða sem orðið hafa til hjá henni, eru nú í vörslum nefndarinnar.

*Höfundur var formaður NUD frá 1998 til 2010.*



GULLÖLD BÍLSINS

Á fimmta og sjötta áratug síðustu aldar voru risarnir þrír, General Motors, Ford og Chrysler, nær allsráðandi á bílamarkaði heimsins. Á sama tíma átti sér stað mesta bylting í tækni og hönnun sem sést hefur og glæsilegustu bílar sögunnar litu dagsins ljós.




Í *Gullöld bílsins* eftir Örn Sigurðsson er þetta minnisstæða tímabil rifjað upp með yfir 400 myndum af flottustu bílunum og auglýsingunum sem notaðar voru til að kynna þá. Greint er frá því helsta sem gerðist á þessum árum og stiklað á stóru í sögu framleiðendanna.

Ómissandi bók fyrir alla bílaáhugamenn!



Örn Sigurðsson landfræðingur og bílasagnfræðingur er höfundur bókanna *Íslenska bílaöldin* og *Króm og hvítir hringir*, og ritstjóri fjölda erlendra bíla- og tæknibóka sem komið hafa út hjá Forlaginu.

JPV ÚTGÁFA

www.forlagið.is



# Yfirlýsing vegna Alþjóðlega mannréttindadagsins



**Federica Mogherini**
æðsti talsmaður ESB í utanríkismálum

Þann 10. desember halda Evrópusambandið og aðildarríki þess upp á Alþjóðlega mannréttindadaginn. Þar sem ójöfnuður og mannréttindabrot fara sívaxandi víða um heim, og átökum linnir ekki í löndum á borð við Sýrland, er enn brýnna en ella að efla aðgerðir okkar til varnar sameiginlegum réttindum allra. Þess vegna tökum við höndum saman með Sameinuðu þjóðunum í ákalli til fólks um að verja rétt hvers og eins.

Hvert og eitt okkar ber persónulega ábyrgð á því að standa vörð um þessi réttindi. Við getum sótt innblástur til þeirra mannréttindafrömuða sem hafa í fjölda landa sýnt hugrekki frammi fyrir vaxandi þrýstingi og ógnunum. Evrópusambandið ásetur sér að verja þá, og efla rými borgaralegs samfélags. Embættismenn ESB, á öllum stigum, gera þetta með fundum við mannréttindafrömuði, eftirliti með réttarhöldum yfir þeim, heimsóknum til þeirra sem haldið er föngnum og með því að vekja máls á stöðu þeirra við stjórnvöld. Gegnum neyðarsjóð EIDHR hefur ESB einnig í ár veitt fjárhagsaðstoð til yfir 250 mannréttindafrömuða og fjölskyldna þeirra, sem eru í hættu vegna daglegra starfa sinna.

**ESB stendur vörð um mannréttindi**

Aðgerðir einstaklinga skipta sköpum, en Evrópusambandið í heild mun þó áfram gegna forystuhlutverki í að tala máli heimsskipulags á grundvelli laga og réttar, með virðingu fyrir mannréttindum að leiðarljósi. Stavros Lambrinidis, sérlegur fulltrúi mannréttinda innan ESB, vinnur ötullega að því að hefja merki mannréttindastefnu ESB á loft á alþjóðavettvangi. Á sama tíma starfa sendinefndir ESB linnulaust að vörnum mannréttinda innan gistilanda sinna. ESB er enn sem fyrr einarður talsmaður mannréttinda á fjölþjóðavettvangi. Við styðjum mannréttindakerfi Sameinuðu þjóðanna heilshugar, sem lykilþátt til að verja mannréttindi og til að hafa eftirlit með því að þeim sé framfylgt.

**Við styðjum mannréttindakerfi Sameinuðu þjóðanna heilshugar, sem lykilþátt til að verja mannréttindi og til að hafa eftirlit með því að þeim sé framfylgt.**

Á næsta ári mun Evrópusambandið fylgja eftir nýrri Heimsáætlun ESB í utanríkis- og öryggismálum, sem kynnt var í júní 2016, þar sem við hétum því að hlúa að virðingu fyrir mannréttindum bæði innan og utan sambandsins. Það felur í sér að tryggja hæsta stig mannréttindavarna fyrir förufólk og flóttamenn í öllum aðgerðum ESB á sviði fólksflutninga og þróunar. Að sama skapi munum við endurnýja skuldbindingar okkar í baráttunni gegn pyntingum og illri meðferð, og til að verja réttindi barna. Í dag, og sérhvern dag á komandi ári, mun ESB standa vörð um mannréttindi á heimsvísu, og heitir hverjum einstaklingi sem það gerir fullum stuðningi.

# Þekkjum rétt kvenna



**Zahra Mesbah,**
W.O.M.A.N, samtök kvenna af erlendum uppruna



Ljúkið aftur augum og ímyndið ykkur að þið séuð stödd í annarri veröld sem þið skiljið ekki, hún er ykkur algjörlega framandi. Menningin, trúarbrögðin, tungumálið og jafnvel veðurfarið er einkennilegt og það sem skiptir höfuðmáli í þessu samhengi er að þið eruð ein og hjálparvana.

Það er flestum ógerlegt að sjá þetta fyrir sér, en þetta er staðreynd í lífi ótal margra sem hafa þurft að yfirgefa heimaland sitt. Setjið ykkur í spor þeirra óteljandi sálna sem áttu engra annarra kosta völ en að flýja land sitt. Það er hræðileg upplifun að neyðast til þess flýja það sem áður var eðlilegt líf, að skilja við það allt og fara til annars lands. Það eina sem þið getið tekið með ykkur eru þær minningar sem þið geymið í hugum og hjörtum ykkar.

Nú skrifa ég um alla innflytjendur, en þessum skrifum er beint að flóttamönnum, því staðreyndin er sú að við erum að takast á við neyðarástand í Evrópu í þessum skrifuðu orðum! Aðstæður þeirra í heimalöndum sínum hafa verið litaðar skelfingu og ótta og flestir hafa upplifað mikið ofbeldi, þá sérstaklega KONUR!

Það er þekkt staðreynd að flestir þeirra sem flýja þessi Miðausturlönd eru múslimar og eins og hefur verið gert einstaklega ljóst í fjölmiðlum, þá vita flestir að á okkar tímum stafar mikil ógn á heimsvísu af hryðjuverkasamtökum sem kenna sig við íslam, þau eru sérstaklega ógn við áðurnefnda flóttamenn í þeirra heimalöndum. Enn í dag helst sá misskilningur á lofti að allir þeir sem eru íslamstrúar, múslimar, séu tengdir hryðjuverkastarfsemi og veldur það enn auknu áreiti í garð þessa flóttafólks í viðbót við þá upplifun sem það annars gengur í gegnum.

**Kúgun og misrétti**

Múslimskar konur hafa ævinlega þurft að sæta einhverri kúgun og misrétti. Þær hafa margar þurft að sæta ýmsum tegundum ofbeldis, þá sérstaklega hatursorðræðu, fordómum og jafnvel líkamlegu ofbeldi. Það er vitað að margar þessara kvenna búa við vissar takmarkanir, sem eru þó ef til vill ekki endilega takmarkanir nema í augum annarra, jafnvel vissra samtaka og stofnana. Oft eru þetta stofnanir sem segjast tala máli kvenréttinda, sem á sama tíma svipta konur þeim grundvallarmannréttindum sem varða klæðaburð, vali. Þegar konur þurfa að laga sig að samfélaginu, þá sérstaklega í ókunnugu umhverfi, er alltaf hættan á því að þær séu sviptar réttinum á því að vera þær sjálfar og hafa stjórn yfir eigin ákvörðunum.

**Enn í dag helst sá misskilningur á lofti að allir þeir sem eru íslamstrúar, múslimar, séu tengdir hryðjuverkastarfsemi og veldur það enn auknu áreiti í garð þessa flóttafólks í viðbót við þá upplifun sem það annars gengur í gegnum.**

Í mörgum múslimalöndum, þ.á m. Sádi-Arabíu og Íran, ganga konur með svokallaða slæðu sem hylur hár þeirra og gangi þær ekki með slæðu í þessum löndum getur það varðað við refsingu. Vestræn lönd hafa skýr skilaboð um réttindi kvenna en þessi sömu lönd svipta konur sínum rétti með því að banna notkun slæðanna, enda er notkun slæðanna einstaklega persónuleg ákvörðun kvenna sem þær eiga að hafa fullan rétt á.

Við í Samtökum kvenna af erlendum uppruna leitumst við að fræða allar konur um réttindi sín með því að bjóða upp á jafningjaráðgjöf konum að kostnaðarlausu á þriðjudögum milli 20-22 á skrifstofu okkar að Túngötu 14, 101 Reykjavík.

*Sextán daga átak gegn kynbundnu ofbeldi.*


SKÍÐA- OG ÚTIVISTAR-DEILDIN ER Í SMÁRALIND
FYRSTA FLOKKS ÞJÓNUSTA • FULLKOMIÐ SKÍÐAVERKSTÆÐI
FRÁBÆRT ÚRVAL GÆÐA VÖRUMERKJA
DÆMI UM VÖRUMERKI:
THE NORTH FACE
ROSSIGNOL
LEKI
MADSHUS
MEINDL
Shoes For Actives
deuter
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is
ÁRNASYNIR

# Raunveruleg framkvæmdaáætlun, óskalisti eða plagg til einskis?



Bergur Þorri Benjamínsson
formaður Sjálfsbjargar

Á alþjóðadegi fatlaðs fólks 2016 liggja fyrir drög að nýrri Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir tímabilið 2017-2021, sem er langt og ítarlegt plagg. Þegar rennt er yfir drögin með gleraugum hreyfihamlaðra einstaklinga (sem og allra fatlaðra) koma upp fjölmargar spurningar og því miður vissar efasemdir. Sérstaklega þegar tekið er mið af niðurstöðu fyrri framkvæmdaáætlunar sem er búin að vera við lýði frá 2012 og því miður er fjölmargt þar sem alls ekki hefur raungerst, þó vissulega hafi einstaka atriði náð fram að ganga.

Hér eru bara tvö dæmi tiltekin sem ekki hafa raungerst. Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) er enn þá á ís og því enn skilgreind sem tilraunaverkefni. Afar brýnt er að NPA verði lögfest á næstunni, enda hafa flestir stjórnmálaflokkar sett það á stefnuskrá sína fyrir nýafstaðnar kosningar. Kveðið er á um margs konar réttindi fatlaðra og þ.m.t. NPA í Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Þrátt fyrir að samningurinn hafi verið undirritaður og núna fullgiltur þá hafa allt of fá réttindi sem þar eru tiltekin raungerst. Því er gífurlega mikilvægt að samningurinn verði lögfestur á fyrstu vikum nýs löggjafarþings.

**Langt í land**

Takmörkun á aðgengi allra almenningssamgangna. Þar er langt í land en eðlileg og sanngjörn krafa hreyfihamlaðra er að t.d. almenningsvagnar sem ganga út um landið allt verði að vera aðgengilegir öllum, en ekki bara almenningsvagnar sem ganga innan höfuðborgarsvæðisins og í stærstu bæjum landsins. Þá er spurt, hver á að greiða fyrir það? Eðlilegt er að ríkið setji eitthvað af því fjármagni sem fer í að greiða niður almenningssamgöngur í landinu í að bæta aðgengi allra að þeim. Gerð hefur verið krafa til SSH (Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu) í rúm þrjú ár að hluti stofnleiða verði gerður aðgengilegur með því að taka fyrst og fremst biðstöðvarnar í gegn. Áhugi SSH hefur ekki verið fyrir hendi og engin raunveruleg breyting því í augsýn.

Ekki er mikil bjartsýni á að ný framkvæmdaáætlun breyti miklu þar um, því flöskuhálsinn er ávallt að afar takmarkað fjármagn fylgi svona áætlunum þó margir komi að og mikil vinna liggi að baki (með tilheyrandi kostnaði), þannig að þær enda allt of oft sem eins konar óskalisti sem tekur sig vel út á glærukynningum. Jafnvel hafa dómar bæði í héraði og Hæstarétti staðfest þetta einnig. Má þar nefna nýlegan dóm Hæstaréttar í máli fatlaðrar konu sem vildi búa heima hjá sér, en fær ekki meiri stuðning Reykjavíkurborgar en sem nemur annarri hverri viku. Dómur féll gegn henni. Þá er mál Samtaka endurhæfðra mænuskaddaðra í héraðsdómsmáli gegn Reykjanesbæ varðandi fasteign vegna samkomustaðar í Reykjanesbæ sem er á annarri hæð án lyftu. Málið var dæmt Reykjanesbæ í vil. Í báðum tilfellum var vísað í margumræddan samning. Dómstólar benda hins vegar á að hann hafi enn ekkert lagalegt gildi í dag.

**Þrátt fyrir að samningurinn hafi verið undirritaður og núna fullgiltur þá hafa allt of fá réttindi sem þar eru tiltekin raungerst. Því er gífurlega mikilvægt að samningurinn verði lögfestur á fyrstu vikum nýs löggjafarþings.**

Því er spurt hvort raunverulega standi einhver sannfæring að baki nýrrar framkvæmdaáætlunar í málefnum fatlaðs fólks, annað en óskir um betri tíð og blóm í haga til hana fötluðum landsmönnum? Spyr sá sem ekki veit.

# Hvað varð um turnana?



Ari Tryggvason
stuðningsf. LSH og vagnstjóri hjá Strætó b.s.

**Byggingarnar hrundu ekki, þær urðu að dufti.**

Á fullveldisdaginn, 1. desember síðastliðinn, birtist grein hér í blaðinu eftir Sölva Jónsson; Dagurinn þegar Bandaríkin réðust á sjálf sig. Mig langar til að impra á nokkrum atriðum af því tilefni. Viss tvíhyggja hefur ríkt í viðbrögðum við þessum atburði, 11. september 2001. Annars vegar eru þeir sem taka hina opinberu skýringu góða og gilda, skýringu stjórnvalda, hins vegar þeir sem gera það ekki og telja útilokað að tvíburaturnarnir hafi hrunið vegna brennandi flugvélaeldsneytis.

Sá síðari er eins konar regnhlífarsamtök ýmissa hópa sem kalla sig „911-truthmovements“. Málflutningurinn þar hefur einkennst af því að árásirnar hafi verið innanbúðarverk, eins og titill greinar Sölva vísar til. Og í framhaldi af því, að byggingarnar, tvíburaturnarnir ásamt byggingu 7 (47 hæða), hafi verið eyðilagðar með skipulegum hætti, sprengiaðgerðum.

Nú nefni ég til sögunnar, þriðja kostinn, sem reyndar hefur orðið fyrir miklu aðkasti frá báðum hinum fylkingunum. Þetta er kona að nafni Judy Wood. Menntun hennar gerir hana einstaklega hæfa til að rannsaka þennan atburð. Hún er byggingarverkfræðingur, véltæknifræðingur ásamt því að vera doktor í efnaverkfræði með sérhæfingu í samruna ólíkra efna. Judy Wood hóf að rannsaka þennan atburð frá fyrsta degi, afraksturinn birtist 2008 með bók hennar Where did the Towers go? Evidence of direct free-ener technology on 9/11. Þar sýnir hún fram á, að hvorki brennandi flugvélaeldsneyti, né sprengiefni af nokkru tagi, geti útskýrt hvað gerðist. Þó engar sannanir hafi fundist, hvorki um aðkomu flugvéla né sprengiefna, í „hruni“ bygginganna, er ekki þar með sagt að slík fyrirbæri hafi ekki komið við sögu.

Að eyðileggja byggingu með sprengiaðgerðum er flókið verk og getur auðveldlega farið úrskeiðis. Að koma 110 hæða tvíburaturnum fullkomlega lóðrétt niður í grunnflöt sinn með sprengjum, er útilokað. Í öðru lagi væri mjög erfitt ef ekki ómögulegt, að samhæfa slíkar aðgerðir með fjarstýringu. Að auki væri undirbúningurinn svo viðamikill og tímafrekur, að slíkt færi varla framhjá nokkrum manni.

Ekkert af þessu stemmir við það sem gerðist. Byggingarnar hrundu ekki, þær urðu að dufti. Hvor tvíburaturn vó u.þ.b. 500 þúsund tonn. Báðir turnarnir, ásamt WTC-7 vógu vel yfir milljón tonn. Ef allt þetta hlass hefði fallið óhindrað til jarðar, hefði það valdið því að undirlagið, sem líkja má við baðkar, hefði brostið og Hudsonáin flætt inn á Manhattan. Ekkert slíkt gerðist, meira að segja var neðanjarðarkerfið undir byggingunum nánast óskemmt. „Hrunið“ mældist mjög lítið á jarðskjálftamælum.

Fleiri byggingar eyðilögðust eða skemmdust verulega í WTC-samstæðunni, WTC-3 (22 hæða) og WTC-4 (9 hæða), eyðilögðust að mestu. WTC-5 (9 hæða) og WTC-6 (8 hæða) skemmdust verulega.

Að lokum vitna ég í bók Judy Wood á bls. 171, þar sem Jay Jonas brunaliði lýsir upplifun sinni. Hann komst af ásamt þrettán öðrum félögum sínum: „Ég skimaði um allt í kringum mig og sagði, strákar! Það voru víst 106 hæðir fyrir ofan okkur og nú sé ég sólarljósið ... Ekkert er fyrir ofan okkur. Þetta háhýsi er ekki lengur til. Þetta voru stærstu skrifstofubyggingar veraldar og ég sé ekki eitt einasta skrifborð eða skrifstofustól eða þá síma, ekki neitt.“

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
SAFT

# Þegar líður að jólum – Hugleiðing í skammdeginu



Ásta Sigríður Olgeirsdóttir
háskólanemi

Um þessar mundir er jólaundirbúningurinn í fullum gangi á flestum íslenskum heimilum. Annar sunnudagur í aðventu liðinn og sá þriðji rétt handan við hornið. Æ fleiri jólaseríum er stungið í samband og margir farnir að huga að jólasteikinni. Börnin föndra jólaskraut í skólanum og innan skamms kemur fyrsti jólasveinninn til byggða. En hvað eru þessi jól og til hvers höldum við upp á þau?

Við höldum upp á jólin í svartasta skammdeginu, þegar sólin og sumarið er eins langt frá okkur og það getur orðið. Í heiðnum sið héldu menn stórar jólaveislur með mat og drykk og voru þær hugsaðar til að létta biðina eftir vori og lífga sálaryl. Ekki svo vitlaust.

Þegar ég var barn héldum við upp á jólin til að fagna fæðingu frelsarans. Það er svolítið tabú viðhorf í íslensku samfélagi í dag. Skólarnir eiga helst að sleppa því að fara með börnin í kirkju fyrir jólin þar sem við erum jú mistrúuð og í hinum ýmsu trúfélögum. En hvað gerist þegar við förum í kirkju? Margir upplifa sérstakt andrúmsloft sem gæti stafað af því að í kirkjum er yfirleitt hátt til lofts og vítt til veggja enda hannaðar með ákveðið hlutverk í huga. Aðrir heillast af arkitektúrnum. Enn öðrum finnst gaman að syngja og ganga þess vegna í kirkjukórinn. Svo eru aðrir sem fara í kirkju til að fá tækifæri til að ræða við hinn heilaga anda. Það er kannski bara svolítið ævintýri að fá að koma inn í kirkju.

Hvað gerum við þegar við förum til útlanda? Við förum meðal annars að skoða kirkjurnar og trúarhofin sama hverrar trúar við erum því það er eitthvað við þessar byggingar sem heillar okkur hvort sem það er skrautið, stóru rýmin, athafnirnar eða hvað sem er annað. Við skiptum hins vegar fæst snarlega um trú við eina heimsókn í kirkju eða annars konar trúarhof.



**Trúin er yfirleitt eitthvað sem við fáum með uppeldinu og finnum svo einhvern tíma á lífsleiðinni hvort hún á við okkur eða ekki.**

**Hollt að læra um sem flest trúarbrögð**

Trúin er yfirleitt eitthvað sem við fáum með uppeldinu og finnum svo einhvern tíma á lífsleiðinni hvort hún á við okkur eða ekki. Það er voðalega erfitt að fá einhvern sem trúir til að hætta að trúa og eins að fá einhvern sem ekki trúir til að trúa. Enda þótt trúarbrögð hafi í gegn um tíðina oft verið notuð til misjafnra verka og valdið allt of mörgum stríðum og hörmungum þá eru þau í grunninn ekkert nema hjálpartæki einstaklingsins. Við höfum öll val, enginn veit hvort þú trúir nema þú og það kemur heldur engum við. Ég tel að það sé hollt að læra um sem flest trúarbrögð og kynnast boðskap þeirra og menningu.

Við ættum þess vegna að velta því fyrir okkur hvort þessar kirkjuheimsóknir eru trúboð eða kannski bara eitt lítið jólaævintýri sama hvort við höldum upp á jólin til að stytta biðina eftir vori, fagna fæðingu frelsarans eða nýtum tækifærið til að fá frí frá vinnu eða skóla.

*Gleðileg jól!*


Allt í jólapakkann
Dagskrá Breidd
LAUGARDAGINN 10.DES
JÓLASVEINAR 13-14
HREIMUR OG VIGNIR 14-15
TÓNLISTARATRIÐI
SUNNUDAGINN 11.DES
VIGGA OG SJONNI 13-14
INGUNN OG ARNAR 14-15
VÖFFLUVEISLA Í BREIDD, GRANDA OG SUÐURNESJUM Á LAUGARDAG
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Tilboð gilda til 18.desember.
Harðir pakkar með notagildi!
SKOÐAÐU JÓLAGJAFAHANDBÓKINA Á BYKO.IS
NOKKRAR HUGMYNDIR
DREMEL
FÖNDURFRÆSARI,
3000MD 3 Star Kit
7.995kr.
Almennt verð: 9.995 kr.
74780311
25% AFSLÁTTUR AF MATAR- OG KAFFISTELLUM
HEIL SETT
GROHE
PHILIPS
BLUETOOTH HÁTALARI
í sturtuna, baðið eða pottinn.
13.995kr.
15326268
BOSCH
MATVINNSLUVÉL
800W.
13.995kr.
Almennt verð: 17.995 kr.
65742022
byko.is
BYKO
SKREYTUM SAMAN

# Það er eitthvert ráðleysi í gangi

**Keflavík hefur ekki unnið leik í Domino's-deild karla í rúman mánuð. Menn klóra sér í hausnum yfir því af hverju það er svona mikið andleysi yfir leik liðsins. Teitur Örlygsson segir að liðið þurfi að standa saman.**

**KÖRFUBOLTI** Það er krísa í Keflavík en karlalið félagsins í körfubolta hefur byrjað tímabilið mjög illa. Liðið er aðeins búið að vinna þrjá af fyrstu níu leikjum sínum í Domino's-deildinni og situr í tíunda sæti deildarinnar.

Þann 3. nóvember síðastliðinn vann Keflavík glæsilegan sigur á Tindastóli, 101-79, en síðan hefur liðinu fallið allur ketill í eld. Það er búið að tapa fjórum leikjum í röð og frammistaðan í þessum leikjum hefur yfirhöfuð verið mjög léleg.

„Ég veit ekki hvað er í gangi í Keflavík. Það virðist vera eitthvert ráðleysi í gangi,“ segir körfuboltagoðsögnin Teitur Örlygsson en hann er hálfhissa á þessu gengi Keflavíkurliðsins.



Teitur Örlygsson á að baki langan og farsælan feril sem bæði leikmaður og þjálfari í úrvalsdeild karla í körfubolta og þekkir boltann vel. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Dregið af leikmönnum

„Liðið virðist ekki vera líkt sjálfu sér þessa dagana. Mér finnst vera einkennandi hvað það hefur dregið af mörgum leikmönnum þarna. Ég veit ekki hvort það er sjálfstraust eða hvort menn hafi hreinlega ekki trú á því sem er verið að gera þarna.“

Sigurður Ingimundarson, þjálfari liðsins, varð að draga sig í hlé rétt fyrir tímabilið vegna veikinda og aðstoðarmaður hans, Hjörtur Harðarson, tók við liðinu. Sigurður var svo mættur aftur á bekkinn en í síðasta leik var hann aftur kominn upp í stúku.

### Þjálfaravesen

„Í Haukaleiknum var Siggi að stýra liðinu og Hjörtur talaði svo um að hann væri kominn til baka. Svo í næsta leik sá ég að Siggi var kominn upp í stúku. Þá hætti maður alveg að skilja. Þetta getur ekki heldur verið þægilegt fyrir leikmenn liðsins,“ segir Teitur um þjálfaramálin hjá liðinu.

### Ekki við Hörð að sakast

Keflavík fékk heldur betur innspýtingu er landsliðsmaðurinn Hörður Axel Vilhjálmsson gekk aftur í raðir félagsins. Það hefur engu skilað og liðið hefur tapað öllum þremur leikjunum með Hörð Axel innanborðs mjög stórt.

„Ég held að það sé ekki við Hörð Axel að sakast. Ég held að þetta sé eitthvað dýpra sem var að gerjast áður en Hössi kom til liðsins. Þeir verða bara að þjappa sér saman núna. Snúa þessu gengi við saman því það vantar ekki að það eru flottir leikmenn í liðinu.“

Keflavík spilar við Þór á Akureyri í kvöld og getur þá unnið sinn fyrsta leik í deildinni rúman mánuð.

henry@frettabladid.is



» Keflavík hefur tapað öllum þremur leikjum sínum eftir endurkomu Harðar Axels Vilhjálmssonar og það með samtals 69 stigum eða 23 stigum að meðaltali.

Hörður Axel Vilhjálmsson í leik með Keflavík á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Keflavík á niðurleið




SIGURHLUTFALL Í DEILDARLEIKJUM






## Nýjast

### Domino's-deild karla

**Grindavík - Tindastóll 80-87**
**Stigahæstir:** Lewis Clinch 27, Þorsteinn Finnbogason 18/12 frák., Ólafur Ólafsson 14 - Cristopher Caird 36, Antonio Hester 17/10 frák., Pétur Rúnar Birgisson 11.

**ÍR - Njarðvík 92-73**
**Stigahæstir:** Quincy Hankins-Cole 32, Matthías Orri Sigurðarson 17/6 frák./7 stoðs, Hákon Örn Hjálmarsson 9 - Jeremy Atkinson 21/9 frák., Logi Gunnarsson 16, Jón Arnór Sverrisson 14.

**KR - Snæfell 108-74**
**Stigahæstir:** Brynjar Þór Björnsson 24, Cedrick Taylor Bowen 18/10 frák., Þórir Þorbjarnarson 17, Darri Hilmarsson 11, Sigurður Á. Þorvaldsson 11, Pavel Ermolinskij 9/13 frák./14 stoðs. - Sefton Barrett 20/13 frák., Andrée Fares Michelsson 15.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| KR | 16 | Njarðvík | 8 |
| Tindastóll | 16 | Haukar | 8 |
| Stjarnan | 14 | Þór Þ. | 8 |
| Grindavík | 12 | Skallagrímur | 8 |
| Þór Ak. | 10 | Keflavík | 6 |
| ÍR | 8 | Snæfell | 0 |

### Olís-deild karla

**Afturelding - Stjarnan 28-17**
**Markahæstir:** Árni Bragi Eyjólfsson 8/1, Guðni Már Kristinsson 6, Jón Heiðar Gunnarsson 4, Elvar Ásgeirsson 3 - Ari Pétursson 4, Sverrir Eyjólfsson 3, Ólafur Gústafsson 3.

**ÍBV - Grótta 29-24**
**Markahæstir:** Sigurbergur Sveinsson 8, Theodór Sigurbjörnsson 8, Ágúst Emil Grétarsson 5 - Finnur Ingi Stefánsson 5, Elvar Friðriksson 5.

**Fram - Valur 30-3**
**Markahæstir:**Arnar Birkir Hálfdánarson 8, Þorsteinn Gauti Hjálmarsson 5, Lúðvík T.B. Arnkelsson 5 - Orri Freyr Gíslason 5, Josip Juric Grgic 5, Anton Rúnarsson 5.

**Selfoss - FH 24-35**
**Markahæstir:** Teitur Örn Einarsson 10, Hergeir Grímsson 4 - Einar Rafn Eiðsson 8, Óðinn Þór Ríkharðsson 6, Gísli Þorgeir Kristjánsson 5, Ásbjörn Friðriksson 5.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Afturelding | 22 | Selfoss | 14 |
| FH | 18 | Akureyri | 11 |
| Haukar | 18 | Grótta | 11 |
| Valur | 16 | Fram | 11 |
| ÍBV | 16 | Stjarnan | 9 |

**TVÆR SYNTU Í UNDANÚRSLITUM Á HM Í SUNDI Í NÓTT** Sundkonurnar Hrafnhildur Lúthersdóttir og Bryndís Rún Hansen tryggðu sér í gær báðar sæti í undanúrslitum á HM í 25 metra laug sem fram fer þessa dagana í Windsor í Kanada. Bryndís Rún bætti fimm ára Íslandsmet sitt í 50 metra flugsundi þegar hún náði 15. besta tímanum. Hrafnhildur var síðan aðeins 10/100 frá Íslandsmeti sínu í 100 metra flugsundi þegar hún kom í mark á 12. besta tímanum.

Undanúrslitasund þeirra beggja fóru fram í nótt og má sjá á Vísi hvernig stelpunum gekk.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 19.40 | Brighton - Leeds | Sport 2 |
| 19.45 | Haukar - Stjarnan | Sport |
| 22.00 | Körfuboltakvöld | Sport |
| 01.00 | NBA: OKC - Houston | Sport |
| 19.15 | Þór Ak.- Keflavík | Akureyri |
| 19.15 | Þór Þ.- Skallagrímur | Þorláksh. |
| 20.00 | Haukar - Stjarnan | Ásvellir |

netto

# Góðgæti um jólin!

Frábært verð




Mackintosh
dós - 1,315 kg.
1.798 KR PK




Mackintosh
Box - 265 gr.
498 KR PK




Ferrero Rocher
Seasonal Pine tree
T4- pappaaskja.
379 KR PK




MT Mozartkúlur
box - 300 gr.
598 KR PK




MT Konfekt
Blár kassi eða Rose- 400 gr.
698 KR PK




Lindor
Ýmsar tegundir - 200 gr.
998 KR PK




Haribo
Minions
gjafakassi - 150 gr.
299 KR PK




Maltesers
Súkkul.hreindýr - 29 gr.
179 KR PK

## Fyrir jólasveininn




Nestle Smarties
Discover pakki - 136,2 gr.
499 KR PK

Nestle Milkybar
Discover pakki - 117 gr.
499 KR PK



Woogie
Jólastígvél
með sælgæti
398 KR PK



Woogie
Jólabaukur
með sælgæti - 110 gr.
398 KR PK



Only
Jólasveinn
súkkulaði - 150 gr.
289 KR PK

Only
Jólasveinn
súkkulaði - 60 gr.
199 KR PK




Only Jólakúlur
Súkkulaði - 400 gr.
498 KR PK

**www.netto.is | Tilboðin gilda 8. – 11. desember 2016**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss



**SKAMMARVERÐLAUNIN**
**Besiktas**
Það er auðvelt að benda á eitt af þeim sjö liðum sem unnu ekki leik í Meistaradeildinni á þessari leiktíð og þá sérstaklega Club Brugge og Dinamo Zagreb sem fengu ekki eitt stig í riðlakeppninni. Kökuna fær þó tyrkneska liðið Besiktas sem fór til Kænugarðs í lokaumferðinni og mætti Dynamo Kiev. Úkraínumennirnir voru ekki búnir að vinna leik og áttu ekki möguleika á að komast áfram en Besiktas vissi að sigur gæti komið því áfram ef Napoli ynni Benfica. Jú, Napoli vann Benfica en Besiktas varð sér til skammar með því að tapa, 6-0, gegn botnliðinu og missa tvo menn út af með rautt. Góða skemmtun í Evrópudeildinni.



**BESTI LEIKURINN**
**Man. City - Barcelona 3-1**
Það var mikið af skemmtilegum leikjum fyrir fótboltaáhugamenn í riðlakeppni Meistaradeildarinnar þetta tímabilið. Til dæmis má nefna tólf marka ruglið í Dortmund þar sem heimamenn unnu Legia Varsjá. 8-4. Ef horft er til gæða fótboltans, leiks þar sem ekki var hægt að líta af skjánum, kemur aðeins einn til greina. Það er 3-1 sigur Manchester City gegn Barcelona á Etihad-vellinum. Sá leikur er það sem Meistaradeildin snýst um.



**BESTI MIÐJUMAÐURINN**
**Riyah Mahrez, Leicester**
Fáir nýliðar í Meistaradeildinni hafa staðið sig betur en Leicester. Fáir nýliðar á meðal leikmanna hafa haft jafn mikil áhrif á lið sem er nýliði og Alsíringurinn Mahrez. Hann skoraði fjögur mörk og lagði upp eitt en Leicester skoraði varla mark til að byrja með í keppninni nema hann ætti þar hlut að máli.



**BESTI VARNARMAÐURINN**
**Adil Rami, Sevilla**
Franski miðvörðurinn spilaði eins og kóngur í hjarta varnarinnar hjá Sevilla sem hélt hreinu fimm sinnum og fékk á sig öll þrjú mörkin í riðlinum í einum og sama leiknum gegn Juventus í fimmtu leikviku en spænska liðið fylgir gömlu konunni í 16 liða úrslitin. Rami vann 37 bolta í og við teiginn, átti þrjár lykiltæklingar, hreinsaði boltann þrettán sinnum frá marki og varði tvö skot. Þá kláraði hann 83 prósent sendinga sinna.



**BESTI MARKVÖRÐURINN**
**JBan Oblak, Atlético Madrid**
Slóveninn er smám saman að vinna sér sess á meðal bestu markvarða heims. Það er eins og með framherjana hjá Atlético; liðið er alltaf klárt með næsta markvörð þegar einhver fer. Frá De Gea í Courtois í Oblak, ekki slæmt. Atlético vann riðilinn með Bayern München í og hirti 15 stig af 18 mögulegum. Liðið skoraði ekki nema sjö mörk en Oblak með trausta Atlético-vörnina fyrir framan sig hirti boltann aðeins tvisvar sinnum úr netinu.

# Fyrirsjáanleg markasúpa

**Riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu í fótbolta lauk á miðvikudagskvöldið en dregið verður í 16 liða úrslitin eftir helgi. Þau hefjast svo eftir áramót. Fréttablaðið lítur aðeins yfir fjörugar sex leikvikur þar sem mikið var skorað en spennan var ekki mikil í nokkuð fyrirsjáanlegri riðlakeppni.**

**FÓTBOLTI** Riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu í fótbolta lauk á miðvikudagskvöldið og er nú vitað hvaða 16 lið halda áfram keppni eftir áramót, hvaða átta falla niður í Evrópudeildina og vegferð hvaða átta liða er lokið í Evrópu þetta tímabilið. Riðlakeppnin að þessu sinni var mikil skemmtun og nóg af mörkum en sparkspekingar spyrja sig nú hvort gæðin séu nógu mikil og hvort bilið á milli liðanna sé að breikka.

Í heildina eru spilaðir 96 leikir í sex umferðum í Meistaradeildinni og að þessu sinni voru skoruð fleiri en fjögur mörk í 33 leikjum eða í 35 prósent leikjanna. Tíu af þessum 33 leikjum enduðu með jafntefli en þrettán af þessum 33 markasúpum enduðu með algjöru rústi þar sem sigurliðið vann með fjórum mörkum eða fleiri. Sjaldan hafa nefnilega sést jafn miklir yfirburðir í leikjum og í Meistaradeildinni í ár.

Spennan var ekki mikil en meira og minna var allt ráðið fyrir lokaumferðina. Eins og síðustu ár var lítið um óvænt tíðindi í riðlakeppninni þar sem stóru strákarnir fara alltaf áfram. Bilið virðist vera að breikka á milli stóru liðanna og þeirra minni en ótrúlega tölur sáust í riðlakeppninni að þessu sinni eins og 7-0 sigur Barcelona á Celtic. Það var alls ekkert einsdæmi.

Meistaradeildin er að verða svolítið fyrirsjáanleg þar sem stærstu og ríkustu liðin komast nær alltaf upp úr riðlakeppninni og síðan lengst í útsláttarkeppninni. Sem betur fer er til lið eins og Atlético Madrid sem heldur fótboltarómantíkinni á lífi.

Næst á dagskrá í Meistaradeildinni eru 16 liða úrslitin en til að gefa einhverja mynd af hversu fyrirsjáanleg þau eru er fínt að skoða aðeins hvernig undanúrslitin hafa verið síðustu fimmtán ár. Fjórtán mismunandi lið frá sjö mismunandi löndum spiluðu einn eða fleiri leiki í undanúrslitum frá 2001-2006. Næstu fimm árin, frá 2006-2011, spiluðu ellefu lið frá fimm löndum að minnsta kosti einn leik í undanúrslitum.

Áfram minnkaði fjölbreytnin því síðustu fimm ár, frá 2011-2016, hafa átta lið frá fjórum löndum spilað í undanúrslitum Meistaradeildarinnar. Lið frá Frakklandi hafa ekki komist í undanúrslit síðustu fimm ár og lið frá Portúgal og Hollandi hafa ekki komist svo langt í rúman áratug.

Það er vonandi að þetta breytist á næstu árum en þangað til lítur Fréttablaðið aðeins yfir farinn veg í riðlakeppninni þetta tímabilið og verðlaunar það besta auk þess að afhenda ein skammarverðlaun.




**NÝJA STJARNAN**
**André Silva, Porto**
Það hefur aldrei þótt einhver svakalegur gæðastimpill að vera framherji frá Portúgal, landi miðjumannanna og miðvarðanna. Þessi 21 árs gamli strákur gæti verið að breyta þeirri ímynd en hann fór á kostum með Porto sem hafnaði í öðru sæti í G-riðli á eftir Englandsmeisturum Leicester. Silva skoraði fjögur mörk og lagði upp önnur tvö á leið portúgalska liðsins í 16 liða úrslitin.

**BESTI FRAMHERJINN**
**Lionel Messi, Barcelona**
Það kemur kannski ekkert mikið á óvart að mögulega besti fótboltamaður sögunnar hafi staðið sig best í riðlakeppninni. Hann er sjálfur búinn að setja viðmiðið hátt fyrir löngu en ekki verður annað sagt en að hann hafi staðið undir öllum sínum gæðakröfum. Messi skoraði tíu mörk í fimm leikjum, öll með vinstri fæti og níu innan teigs auk þess sem hann lagði upp tvö mörk fyrir Börsunga sem rústuðu sínum riðli í baráttu við Manchester City. Messi skoraði helming marka Barcelona í riðlinum og þurfti aðeins fimmtán tilraunir á markið til þess. Þá kláraði hann 80 prósent sendinga sinna.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
9. DESEMBER 2016 FÖSTUDAGUR



MYND/GVA

# HEIMURINN VÆRI BETRI EF FLEIRI HLUSTUÐU Á ÞUNGAROKK

Þráinn Árni Baldvinsson er gítarleikari einnar hrikalegustu þungarokkssveitar landsins, Skálmaldar. Á sviðinu sveiflar hann síðu hári og segir dynjandi dauðarokk það besta til að róa taugarnar. Þar fyrir utan gengst hann lítið upp í harðhausaímynd rokksins. Hann hlustar á jólalög og verður meira að segja með jólahugvekju í kvöld í Hannesarholti.

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@365.is



„Ég hlakka mikið til. Hugvekja er svo fallegt hugtak, fallegt orð. Þetta verður söngstund hvar allir sem vilja geta sungið með, ég ætla að segja sögur og jólaandinn mun svífa yfir," segir Þráinn. „Jólahugvekja" vekur óneitanlega spurninguna um hvort hann sé trúaður rokkari.

„Ja, ég veit ekki hvernig best er að svara þessu. Ég trúi ekki á guð eins og hann er settur fram í kenningum kristinna manna, það meikar bara ekki sens fyrir mér og ef hann er til þá þarf hann að útskýra ansi margt. Ég held að móðir náttúra sé sterkasta aflið í heiminum. Auðvitað er þægilegt að ímynda sér líf eftir dauðann en á meðan við erum sannarlega hér er mikilvægt að einbeita sér að því og gera sitt besta til að láta sér og öðrum líða vel. Við eigum að vera dugleg að hjálpa hvert öðru og passa upp á hvert annað," segir Þráinn og þar með fauk harðhausarokkímyndin út um gluggann. Í ljós kemur að Þráinn er sveitamaður að norðan. Tónlistin náði þó tökum á honum strax í æsku svo leiðin lá ekki í Bændaskólann.

„Það kom aldrei til tals að ég tæki við búinu enda sáu foreldrar mínir fljótt að hausinn á mér var í tónlistinni. Ég á mér samt þann draum að enda sem fjárbóndi hvort sem það getur nú talist gáfulegt," segir hann sposkur.

„Ég ólst upp í Torfunesi í Þingeyjarsýslu þar sem foreldrar mínir voru með fjárbúskap í félagsbúi með afa og ömmu á Rangá. Ég á eina systur, Margréti sem er fjórum árum eldri en ég en það voru alltaf milljón börn heima í Torfunesi, sérstaklega á sumrin. Á veturna var maður hins vegar mikið einn. Allt of mikið einn kannski. Ég var stórskrýtið eintak, held ég," segir Þráinn.

„Ætli mamma hafi ekki alltaf verið mín helsta fyrirmynd, ég hékk utan í henni endalaust sem krakki en hún mataði mig á tónlist. Mamma dó fyrir nokkrum árum. Hún var grunnskólakennari og vann alltaf utan heimilis. Pabbi býr enn í Torfunesi og við förum öll sumur í sveitina og reynum að vera sem mest og lengst þar enda er hvergi betra að vera og því betur er fjölskylda mín sammála mér."

### FRÁ STUÐMÖNNUM Í DAUÐAROKKIÐ

„Ég hlustaði á allar plöturnar hennar mömmu og það sem var til heima; Hljóma, Beach Boys, Bítlana, CSN&Y, Stuðmenn og fleiri. Frændur mínir voru mér miklar fyrirmyndir en þeir áttu hljóðfæri sem var ansi stórt og merkilegt í huga sveitastráksins. Ég var syngjandi og raulandi allan daginn sem barn en svo heyrði ég í Deep Purple, Iron Maiden, AC/DC, Kiss og Dio og þá varð ekki aftur snúið. Unglingsárin voru svo í dauðarokkinu í kringum 1990 sem var stórkostlegt tímabil," segir Þráinn en vill ekki kannast við stormasöm unglingsár.

„Ég var frekar rólegur unglingur, held ég, nema í skólanum. Afleitur námsmaður samt og oftast með vesen ef ég fékk ekki að vera í tónlist eða sagnfræðipælingum," segir hann.

Hvað er það versta sem þú hefur gert af þér? „Úff … no comment!" segir hann og hlær. „Ég les mikið tónlistar- og sögubækur. Ég er einfaldlega sagnfræðinörd. Seinni heimsstyrjöldin og saga mannsins heillar mig alveg óstjórnlega."

### ALLIR FREKIR EGÓISTAR

Hljómsveitin Skálmöld gaf út nýja hljómplötu í september, Vögguvísur Yggdrasils, og í kjölfarið fylgdi fjögurra vikna tónleikaferðalag. Nú er hljómsveitin í pásu þar til næsta tónleikaferðalag tekur við í febrúar um Skandinavíu og eftir það taka við tónleikahátíðir og svo frekari ferðalög næsta haust. „Þetta gengur bara býsna vel og við höldum ótrauðir áfram um sinn," segir Þráinn. Samkomulagið sé gott meðal hljómsveitarmeðlima þótt allir hafi þeir sterkar skoðanir. „Við semjum allir tónlistina og vinnum úr hugmyndunum saman. Snæbjörn semur textana enda hagur á orðin. Við tökumst

»



Síða hárinu sveiflað á tónleikum. „Það er auðvitað þægilegt fyrir félagsfælna að fela sig bak við hárið,“ segir Þráinn. MYND/HALLDÓR INGI



Vínylsafnarinn Þráinn. „Þessir tveir eru úr hljómsveitinni Korpiklaani en á síðasta tónleikaferðalagi gengum við fleiri kílómetra á dag til að finna plötubúðir.“

» auðvitað á og það eru ekkert allir alltaf sammála en við erum að vinna að sama markinu og ef allir eru samtaka þá er þetta minna mál. Við erum allir frekir og sjálflægir egóistar með sterkar skoðanir og þessi blanda virkar vel. Enginn amlóðaháttur hjá Skálmöld! Við krakka sem langar að stofna hljómsveit segi ég: Gerið það núna, strax! Ekki bíða! Látið ykkur dreyma um hvernig tónlistin á að hljóma og byrjið að æfa ykkur. Þegar þið eruð búin að æfa ykkur þá æfið þið ykkur aðeins meira og þegar þið eruð búin að því þá æfið þið pínulítið meira. Það er mikilvægt að hlusta á ráðleggingar annarra en þetta snýst samt alltaf um hve mikla vinnu þið leggið í þetta.“

## SLAKAR Á VIÐ DAUÐAROKK

Hvernig tilfinning er að horfa framan í öskrandi áhorfendur af sviðinu? „Líklega besta tilfinning í heimi. Öll feimni, allt stress og allt vesen hverfur þegar ég stíg upp á svið og sé áheyrendur. Að spila með Skálmöld og upplifa viðbrögðin sem við fáum er einstakt,“ segir Þráinn og þakkar vinsældir hljómsveitarinnar hjá breiðum hópi fólks á öllum aldri því, að þeir séu einlægir í sinni tónlistarsköpun.

„Við erum heiðarlegir og elskum að gera það sem við gerum. Fólk tengir við það,“ segir hann og blæs á að rokkheimurinn sé lokaður harðhausaheimur sem ástæða sé fyrir lattelepjandi meðaljón að óttast.

„Það eru bara rólegheitamenn í þungarokkinu, maður fær svo mikla útrás við að spila og hlusta á harða tónlist. Fleiri ættu að hlusta á þungarokk, þá væri heimurinn betri,“ fullyrðir Þráinn og segir ekkert betra til að róa taugarnar en dynjandi dauðarokk.

„Ég þarf oftast kraftmikla tónlist til að mér líði vel og dauðarokkið fær mig til að slaka á. Svo á ég stundir þar sem ég nýt þess að hlusta á rólegheitamúsík eins og Mike Oldfield og klassíkina. Það var svo gaman að spila með sinfóníuhljómsveitinni í Hörpu og ég vona að við gerum þetta saman aftur. Tónlist er bara tónlist,“ segir Þráinn og þegar hann er spurður hvað hann sé að hlusta á í dag eru það jólalögin! En reyndar



„Þær hlusta mikið á tónlist en eiga eftir að uppgötva þungarokkið, það kemur allt saman,“ segir Þráinn um dætur sínar, þær Elísabetu, sem er hér með honum á mynd, og Brynhildi.

líka rokk. „Ég er að hlusta á Paradise Lost, Vallenfyre, nýju Metallica-plötuna og nýju Hammerfall-plötuna. Já og Motörhead, maður á alltaf að hlusta á Motörhead, alla daga, alltaf. Það er betra fyrir fólk.“

## FELUR FEIMNINA BAK VIÐ HÁRIÐ

Þráinn er síðhærður eins og títt er um þungarokkara og spurður út í hárið á sér segir hann það ekki einungis þjóna þeim tilgangi að sveifla því á tónleikum. Lubbinn komi sér vel til að skýla sér á bak við, sérstaklega þegar spennufall taki við eftir tónleika.

„Það er auðvitað þægilegt fyrir félagsfælna að fela sig bak við hárið. Við höfum frá upphafi vanið okkur á að fara fram í sal eftir gigg og heilsað upp á fólk. Ég átti mjög erfitt með að stíga þetta skref á sínum tíma. Mér þykir gott að vera einn eftir tónleika og eftir gigg á ég til að detta niður í blús sem tekur smá stund að stíga upp úr en þetta er ekkert stórmál í dag. En ég neita því ekki að stundum kemur sér vel að fela sig bak við lubbann. Ég byrjaði að safna 14 ára gamall og nei, ég ætla ekki að klippa mig stutt,“ segir Þráinn og skellir upp úr þegar hann er spurður hvernig hann hirði um hárið á sér; fléttar hann það jafnvel eða bindur í tagl?

„Ég fæ þessa spurningu óþægilega oft en ég geri ekkert sérstakt við hárið. Um daginn var ég reyndar spurður hvort ég ætti ekki að vera á hárvörusamningi. Mér líst vel á það, hendið inn tilboðum!“

## RUGLAÐUR PABBI

Þráinn býr með Berglindi Rúnarsdóttur og saman eiga þau tvær stelpur, Elísabetu tíu ára og Brynhildi, sem verður fjögurra ára í janúar. Dæturnar fá tónlistarlegt uppeldi en Þráinn rekur sinn eigin tónlistarskóla og segir krökkum mikilvægt að hafa aðgang að tónlist og hljóðfærum. Sjálfur glamrar hann á öll hljóðfæri og fær hljóm úr þeim öllum, nema trompet. Tónlist sé einfaldlega næring fyrir sálina. Eldri dóttirin hefur mætt á nokkra Skálmaldartónleika en annars segist Þráinn ekki ýta Skálmöld að dætrunum.

„Þær hlusta mikið á tónlist en eiga eftir að uppgötva þungarokkið, það kemur allt saman,“ segir hann. Spurður hvernig pabbi hann sé segist hann „óttalegur ruglukollur“. „En ég geri mitt besta,“ bætir hann við. Hann leggi mikið upp úr samveru við dætur sínar og fjölskyldan sé dugleg við að slaka á heima.

„Mér finnst mjög mikilvægt að fara með yngri stelpuna í leikskólann og sækja hana, við tölum mikið saman á leiðinni og syngjum. Þetta eru gríðarlega mikilvægar stundir sem ég náði líka með eldri stelpunni á sínum tíma, hún röltir líka stundum með okkur áleiðis í skólann sinn. Við verjum miklum tíma saman, förum í sund, spilum á spil og hlustum á tónlist. Við erum líka góð í að slaka á heima, við erum ekkert á sífelldu brölti.“

## SÚRMETI HVUNNDAGS

Einhvern veginn kemur ekki á óvart að Þráinn er hrifinn af gömlum og gildum íslenskum mat. Þorramatur er meira að segja á borðum hvunndags á heimilinu þó Þráinn sé líka hrifinn af vel krydduðum indverskum réttum. Matargleðinni deilir hann með föður sínum og stefna þeir á að gefa út bók. „Hún mun hugsanlega kallast „Borðað með feðgum“. Fólk þarf að læra að meta súrmetið og reykta matinn og ég held að þessi bók gæti slegið í gegn. Á kápunni verður mynd af innmat!“










**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI:** 365 MIÐLAR | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is*, s. 512 5349 | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is*, s. 512 5372 | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is*, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is*, s. 512 5351
Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is*, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, *vera@365.is*, s. 512 5357
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is*, s. 512 5457 | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is*, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is*, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is*, s. 512 5433


Farmers Market
ICELAND
FARMERS & FRIENDS, VERZLUN - HÓLMASLÓÐ 2 - GRANDI - 101 REYKJAVÍK - S 552 1960
WWW.FARMERSMARKET.IS

# ÚRKAST OG AFGANGAR Í HÖNNUN

**Halla Hákonardóttir** fatahönnuður tekur þátt í jólamarkaði Norræna hússins á sunnudaginn en þar er lögð áhersla á endurhönnun, umhverfisvæna hönnun og fræðslu. Halla setti á fót Usee Stúdíó í sumar ásamt Helgu Kjerúlf.

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@365.is



„Á markaðnum verð ég með föt úr línunni H-Zero og handpússuð speglahálsmen sem við Helga Kjerúlf vinnum saman úr úrkasti frá speglaverksmiðju. Við Helga settum á fót Usee Studíó í sumar og merkið mitt, Halla Zero, er komið þar undir. Hugmyndafræði Usee er að vinna með úrkast fyrirtækja og stofnana og þróa þann efnivið áfram í fallegar vörur,“ útskýrir Halla Hákonardóttir fatahönnuður. Halla er ein þeirra hönnuða og listamanna sem taka þátt í jólamarkaði Norræna hússins á sunnudaginn en á markaðnum er lögð áhersla á endurhönnun og umhverfisvæna hönnun.

„Flíkurnar mínar eru unnar út frá sníðagerð þar sem ekkert efni fer til spillis en alla jafna fara að minnsta kosti 14 prósent efnisins í ruslið við venjulega sníðagerð. Ég er að þróa sníðaaðferð þar sem hver einasti bútur er nýttur,“ útskýrir Halla. „Þegar ég er búin að púsla saman flík og einn bútur er eftir verður hann oft að vasa sem setur punktinn yfir i-ið. Efnin sem ég nota í flíkurnar koma yfirleitt úr lagerum sem eru ekki starfræktir lengur og eru að losa sig við efnin. Við kaupum einnig efni af góðgerðarverslunum bæjarins sem við notum í tilraunastarfsemi og í þróun á vörunni,“ segir Halla og viðurkennir að það geti verið talsverð áskorun að vinna með það sem stendur til boða en velja sér ekki efniviðinn. Efnið sem hún fær í hendurnar ræður ferðinni.



Flíkurnar í H-Zero línunni eru sniðnar þannig að ekkert efni fer til spillis. MYND/USEE.IS



Speglahálsmen Usee Studio eru úr afgöngum frá speglaverksmiðju. MYND/USEE.IS

„Nú erum við í Usee Studio að vinna með velúr, einfaldlega af því við komumst yfir mikið af því efni. En eins og ástandið er í dag þýðir ekkert annað en að hugsa hlutina út frá hráefninu, bæði frá umhverfis- og mannúðarsjónarmiðum. Það fylgir ákveðin alvara efniviðnum sem þó má ekki kæfa sköpunargleðina og tilraunamennskuna. Efniviðurinn getur orðið að hverju sem er, ekki endilega flík. Okkur langar til dæmis að vinna verkefni tengd gjörningalist og sviðsmyndum og vinna með lista- og tónlistarfólki.“

Línan Usee Reflection samanstendur af handpússuðu skarti úr speglum sem Halla og Helga unnu úr afgöngum frá speglaverksmiðju. Hún segir það þó hafa komið ánægjulega á óvart, þegar þær fóluðust eftir afgöngum hjá ólíkum verksmiðjum, hvað lítið stendur út af við framleiðsluna.

„Verksmiðjur eru í dag meðvitaðri um þessa hluti og það er fagnaðarefni. Við Helga viljum meina að þann dag sem við förum á hausinn með þessa hugmynd okkar er útópían orðin að veruleika, ekkert rusl til handa okkur að vinna úr.“

Nánar má forvitnast um hönnun og vörur Höllu og Helgu á www.usee.is. Þá verða vörurnar á jólamarkaði Norræna hússins og í jóladagatali Hönnunarmiðstöðvar.



Halla Hákonardóttir og Helga Kjerúlf hafa sett á fót hönnunarstúdíó sem gengur út á að búa til vörur úr efni sem annars væri hent. Þær taka þátt í jólamarkaði Norræna hússins á sunnudag en þema markaðarins er endurnýting. MYND/ERNIR

# PÓLSK BÍÓVEISLA SENN Á ENDA

**Pólska bíóárið kynnir** Pólska bíóárinu 2016 lýkur í desember með fjórum sýningum en verkefnið er helgað sýningum pólskra kvikmynda á Íslandi. Í ár hafa t.d. verið sýndar kvikmyndir á kvikmyndahátíðunum RIFF og Stockfish.

Pólska bíóárinu lýkur í desember með fjórum sýningum á höfuðborgarsvæðinu en menningarsamstarf milli Íslands og Póllands hefur styrkst mikið undanfarin ár. Kvikmyndasamstarf milli Póllands og Íslands er einn sterkasti hlekkurinn í menningarsamstarfi landanna tveggja að sögn Ewu Marcinek, verkefnastjóra hjá Indygo Agata Szakiel, sem segir margar skemmtilegar sýningar í vændum. „Dagana 11. og 12. desember verða tvær kvikmyndasýningar í Stúdentakjallaranum. Sýnd verður „Papusza“, sem er verðlaunamynd frá árinu 2013. Þetta er falleg og hrífandi kvikmynd sem fjallar um ævi fyrsta ljóðskáldsins sem skrifaði á tungu Rómafólks. Einnig verður sýnd heimildarmyndin „The Author of Solaris“ sem segir sögu pólska vísindaskáldsagnahöfundarins Stanisław Lem. Bækur hans hafa verið þýddar á 41 tungumál og hafa selst í yfir 40 milljónum eintaka sem gerir hann að einum mest lesna vísindaskáldsagnahöfundi heims.“

Þann 15. desember verða nýjar pólskar teiknimyndir sýndar á Bókasafni Hafnarfjarðar. „Myndirnar, sem ætlaðar eru börnum, heita „Czapu Czipu“ og „Mami Fatale.“ Þann 17. desember sýnir bókasafnið verðlaunastuttmyndina „Strong Coffee Isn't That Bad“ frá árinu 2014. Stuttmyndin er stjörnum prýdd gamanmynd byggð á kanadíska leikritinu „Mending Fences“ eftir Norm Foster. Aðgangur að öllum sýningum er ókeypis og opinn öllum.“

## Spennandi ár

Pólska bíóárið 2016 er verkefni helgað sýningum pólskra kvikmynda á Íslandi. Það nær yfir allt árið og er skipulagt af stofnuninni Indygo Agata Szakiel í Wroclaw í Póllandi. „Stofnunin hefur áður unnið með RIFF og Jazzhátíð Reykjavíkur. Árið hefur verið mjög spennandi og fullt af skemmtilegum viðburðum. Það hófst með sýningu á fjórum pólskum heimildarmyndum á kvikmyndahátíðinni Stockfish í febrúar. Pólskir bíódagar voru skipulagðir af pólska sendiráðinu á Íslandi og tvær pólskar heimildarmyndir voru sýndar á Skjaldborg, hátíð íslenskra heimildarmynda, í maí.“

Umræður um kvikmyndir voru einnig á dagskrá Pólska bíóársins að sögn Ewu. „Umræður um munnlegar lýsingar á kvikmyndum fyrir sjónskerta fóru fram á vegum ferðamálaráðsins í Rockall. Sýnd var kvikmynd um rithöfundinn Sławomir Mrozek og umræður um verk hans voru haldnar á vegum Lestrarhátíðar Reykjavíkur bókmenntaborgar. Pólskir bíódagar voru haldnir á Egilsstöðum og kvikmyndasýningar voru haldnar fyrir börn á Bókasafni og Náttúrufræðistofu Kópavogs.“

Meðal annarra verkefna á árinu nefnir hún kvikmyndaverkefni fyrir blinda í samstarfi við Bíó Paradís, ferðaskrifstofan Ultima Thule hefur kynnt pólska og íslenska kvikmyndagerð í báðum löndum auk þess sem pólska sendiráðið á Íslandi skipuleggur pólska bíódaga á hverju ári. „Í ár var sérstakur pólskur fókus á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík, RIFF, þar sem yfir 30 pólskar kvikmyndir voru á dagskrá. Árið 2016 var sérstaklega helgað pólskum kvikmyndum með verkefninu Pólska bíóárið.“

Ministry of Culture and National Heritage of the Republic of Poland.

pólska bíóárið 2016

POLISH FILM INSTITUTE



„Árið hefur verið mjög spennandi og fullt af skemmtilegum viðburðum,“ segir Ewa Marcinek, verkefnastjóri hjá Indygo Agata Szakiel. MYND/EYÞÓR

## Góð samvinna

Helsta ástæða þess eru möguleikar á styrkjum frá EEA, pólska menningarmálaráðuneytinu, kvikmyndamiðstöð Póllands og Adam Mickiewicz-stofnuninni. Pólsk menning er sýnileg á flestum íslenskum menningarhátíðum og listviðburðum. Pólski kvikmyndaleikstjórinn Krzysztof Kieslowsky vakti m.a. mikla athygli á níunda og tíunda áratugnum fyrir myndir sínar um frönsku fánalitina, „Rauður“, „Hvítur“ og „Blár“. Af nýrri pólskum kvikmyndum sem hafa vakið alþjóðlega athygli má nefna „Ida“ frá árinu 2013. Myndin hlaut Óskarsverðlaun sem besta erlenda kvikmyndin árið 2015 og var sýnd í Bíói Paradís í tengslum við Pólska bíóárið.

Pólska bíóárið er fjármagnað af menningarmála- og þjóðararfsráðuneyti Póllands og pólsku kvikmyndamiðstöðinni. „Verkefnið hefði þó aldrei orðið að raunveruleika án aðstoðar allra þeirra íslensku samstarfsaðila sem lögðu hönd á plóg. Má þar helst nefna Bíó Paradís, RIFF, Stockfish, Pólska sendiráðið á Íslandi, Kópavogsbæ, Fljótsdalshérað, Hafnarfjarðarbæ, Reykjavíkurborg, Hótel Reykjavík Marina, Skjaldborgarhátíðina og Reykjavík bókmenntaborg.

# Við fögnum tilnefningum til Íslensku bókmenntaverðlaunanna




Tilboð
**3.990 kr.**
Áður 4.990 kr.




Tilboð
**3.690 kr.**
Áður 4.490 kr.




Tilboð
**3.690 kr.**
Áður 4.499 kr.




Tilboð
**5.690 kr.**
Áður 6.999 kr.




Tilboð
**5.690 kr.**
Áður 6.990 kr.




Tilboð
**5.690 kr.**
Áður 6.999 kr.




Tilboð
**6.990 kr.**
Áður 8.690 kr.




Tilboð
**10.590 kr.**
Áður 12.990 kr.




Tilboð
**3.900 kr.**
Áður 4.900 kr.




Tilboð
**15.890 kr.**
Áður 19.499 kr.




Tilboð
**5.690 kr.**
Áður 6.999 kr.




Tilboð
**3.890 kr.**
Áður 4.790 kr.




**BÓKABÚÐ**
**MÁLS & MENNINGAR**
LAUGAVEGI 18

**Opið alla daga**
**til kl. 22.00**

**facebook.com**
**/malogmenning**

# AÐVENTUBORGARAR Á TVO VEGU

Hamborgarar eru til á mismunandi vegu og alltaf hægt að breyta. Það er fljótlegt að útbúa borgara og það getur verið þægilegt í desemberstressi. Lúxushamborgarar eru líka flottir á veisluborði. Hér eru nokkrir slíkir borgarar.

## BORGARI MEÐ FÍKJUM OG DÖÐLUMAUKI

Best er að gera borgarann frá grunni úr gæðanautahakki. Þessi borgari hefur svolítið veislulegt yfirbragð og framkallar jólastemningu. Uppskriftin miðast við fjóra.

**600 g nautahakk**
**2 msk. smjör til að steikja upp úr**
**Salt og nýmalaður pipar**

**Döðlumauk**

**1½ dl vatn**
**1 msk. púðursykur**
**3 msk. sítrónusafi**
**6 steinlausar döðlur, smátt skornar**
**3 ferskar fíkjur, skornar í báta**
**¼ haus smátt skorið rauðkál**
**16 stk. rósakál, skorið í sneiðar**
**1 msk. smjör**
**Salt og nýmalaður pipar**
**4 hamborgarabrauð**

Fyrst er döðlumaukið útbúið. Sjóðið upp vatnið með sykrinum, sítrónusafa og síðan er döðlunum bætt saman við. Látið vökvann malla niður um helming. Bætið þá fíkjunum saman við og sjóðið áfram án loks í nokkrar mínútur.
Mótið fjóra hamborgara úr nautahakkinu. Bragðbætið með salti og pipar. Steikið borgarana á heitri pönnu á báðum hliðum. Leggið þá á disk á meðan kálið er steikt.
Steikið rauðkál og rósakál í smjöri þar til það verður mjúkt eða í um það bil 3 mínútur. Bragðbætið með salti og pipar.
Leggið steikta grænmetið á hamborgarabrauð, borgarann þar ofan á og loks döðlu- og fíkjumaukið.

## MÍNÍBORGARAR MEÐ REYKTU HREINDÝRAKJÖTI

Míníborgarar eru ótrúlega flottir á veisluborðið. Með hreindýrakjöti verða þeir sérstaklega sparilegir. Hægt er að búa til hamborgara úr hreindýrahakki en hér er notað reykt hreindýrakjöt í brauðin. Uppskriftin nægir fyrir 20 stykki.

**300 g hreindýrafilé**
**1 dl reykflísar**
**2 msk. smjör til steikingar**
**Salt og pipar**

**Lítil hamborgarabrauð**

**250 g hveiti**
**½ pk. þurrger**
**½ msk. sykur**
**½ tsk. salt**
**1 ¼ dl mjólk**
**½ dl vatn**
**25 g smjör**
**2 msk. svört sesamfræ**

**¼ haus fínt skorið rauðkál**
**2 msk. smjör**
**Salt og pipar**
**1 pakki hreinn rjómaostur**
**¼ búnt minta**



**Það er vel hægt að bjóða gestum upp á míníborgara með hreindýrakjöti.**

Hitið ofninn í 125°C. Blandið þurrefnum í hrærivélarskál og hrærið smávegis. Bætið mjólk og vatni saman við og hnoðið deigið í um það bil 10 mínútur. Þá er smjörið út í og hært áfram í 5 mínútur. Látið deigið hefast í 40-60 mínútur. Skiptið deiginu í 20 parta og búið til bollur. Leggið bollurnar á ofnplötu með bökunarpappír og ýtið létt ofan á hverja bollu með lófanum. Penslið brauðin með vatni og dreifið sesamfræjum yfir þau. Bakið brauðin í miðjum ofni í um það bil 5 mínútur eða þar til þau fá gullinn lit.

Setjið reykflísar í stóra járnpönnu. Setjið rist ofan á og klæðið hana með álpappír þar yfir. Leggið kjötsneiðarnar á álpappírinn, setjið lok á pottinn og stillið á hæsta hita. Eftir nokkrar mínútur reykfyllist potturinn og kjötið á að standa í reyknum í 5 mínútur. Þá er hitinn tekinn af plötunni og potturinn settur til hliðar.

Kryddið kjötið með salti og pipar og brúnið það á báðum hliðum í smjöri á pönnu. Setjið kjötið í eldfast mót og bakið í ofni í 15-20 mínútur. Kjötið þarf að bíða í að minnsta kosti 5 mínútur áður en það er skorið niður í sneiðar. Meðalsteikt kjöt á að vera 55-60°C en mikið steikt sýnir það 75°C.

Skerið rauðkál mjög smátt og steikið það á pönnu í smjöri. Bragðbætið með salti og pipar.

Kljúfið brauðið og smyrjið bæði botn og topp með rjómaosti. Þá er þunn sneið af kjöti lögð á brauðið ásamt káli og mintu. Leggið síðan lokið yfir.



# Netverslun

9. desember 2016

**KYNNINGARBLAÐ** Kokka | Veiðihornið





**Á upphafsárum netverslunar voru öryggismálin ekki í eins miklum forgangi og í dag enda innbrot eða netsvik ekki eins algeng áður fyrr.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Nauðsynlegt að hafa öryggið í lagi

Margt hefur breyst í öryggismálum netverslana frá því þær komu fyrst fram á sjónarsviðið. Ný evrópsk persónuverndarlög taka gildi 2018 og setja fyrirtækjum sem annaðhvort geyma eða miðla persónugreinanlegum upplýsingum mjög strangar reglur. Fyrst og fremst þarf hver og einn notandi að bera ábyrgð á tölvubúnaði sínum.







**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is



Á upphafsárum netverslunar voru öryggismálin ekki í eins miklum forgangi og í dag enda innbrot eða netsvik ekki eins algeng áður fyrr. Af þeim sökum var auðveldara fyrir meinfýsna neytendur að eiga við innihald þess sem birtist á skjánum. Jafnvel var hægt að breyta verði á vörum áður en kaupin voru kláruð eða fá sendar vörur án þess að greiða fyrir þær segir Íris Kristjánsdóttir, forstöðumaður viðskiptaþróunar hjá fyrirtækinu Syndis, sem sérhæfir sig í öryggismálum í upplýsingatækni. „Tölvuinnbrot og alvarlegir glæpir hafa átt sér stað og sýnt fram á að tæknilegt öryggi þess hugbúnaðar sem netverslanir keyra á hefur ekki verið fullnægjandi. Einnig má minnast þess að samskiptin við netverslanir voru oftar en ekki án dulkóðunar áður fyrr og jafnvel þegar kortagögn fóru á milli. Í dag yrði slíkt misnotað samstundis.“

Netverslanir og öryggi þeirra er þó mun tryggara í dag segir Íris. „Stór og afdrifarík innbrot hafa vakið þó nokkra upp og sýnt fram á hversu nauðsynlegt það er að hafa öryggið í lagi. Netsvik og þjófnaður hefur aukist gríðarlega eins og flestir sem reka netverslanir þekkja og gera nú ráð fyrir. Krafan í dag er að öll samskipti séu dulkóðuð og miklar kröfur eru gerðar til rekstraraðila sem eru að taka við kreditkortum og persónugreinanlegum upplýsingum á vefsíðum sínum.“



**Íris Kristjánsdóttir, forstöðumaður viðskiptaþróunar hjá Syndis.**

> **Netsvik og þjófnaður hefur aukist gríðarlega eins og flestir sem reka netverslanir þekkja og gera nú ráð fyrir.**
>
> *Íris Kristjánsdóttir*

**NÝ STRANGARI LÖGGJÖF**

Þeir sem reka netverslanir verða samt að gera sér betur grein fyrir mikilvægi þeirra upplýsinga sem þeir halda utan um og varða viðskiptavini þeirra og hvernig og hvar þeir geyma þessar upplýsingar. „Nýju evrópsku persónuverndarlögin, sem taka gildi 2018, setja fyrirtækjum sem annaðhvort geyma eða miðla persónugreinanlegum upplýsingum mjög strangar reglur hvað þetta varðar og sektir við brotum eru gífurlega háar og myndu knésetja mörg fyrirtækin. Það er alveg á hreinu að það að tryggja tæknilega öryggið fyrirfram er mun ódýrara en að lenda í slíkum sektum. Ekki er nóg að beita eingöngu reglum til að tækla þetta vandamál því tölvuinnbrot eru af tæknilegum toga.“

Aðspurð hvernig íslenskar netverslanir standi sig þegar kemur að öryggismálum segir hún erfitt að fullyrða eitthvað um slíkt. Það sé mjög mismunandi eftir fyrirtækjum og hversu alvarlega þau taki á öryggismálum. „Kortafyrirtækin taka öryggismál mjög alvarlega en þau geta ekki borið ábyrgð á öryggi netverslana. Sumir eru með sín mál alveg á hreinu og ganga úr skugga um að hlutir séu í lagi, allt frá reglum og til þess kóða sem knýr undirliggjandi netverslanir. Aðrir treysta á hýsingaraðila eða annars konar aðkomu þar sem ábyrgð er lögð á herðar annars aðila. Slíkt getur verið mjög óheppilegt því ábyrgð á öryggismálum, netsvikum og þjófnaði mun ávallt liggja hjá eiganda viðkomandi fyrirtækis eða netverslunar. Með tilliti til tæknilegs öryggis, þá höfum við oft séð slæmt ástand á öryggi íslenskra netverslana þar sem viðkvæmar upplýsingar viðskiptavina eru aðgengilegar tölvuþrjótum. Oftar en ekki er það bara heppni að alvarleg atvik hafa ekki átt sér stað.“

**FARIÐ VARLEGA**

En fyrst og fremst þarf hver og einn notandi að bera ábyrgð á tölvubúnaði sínum, verja með góða vírusvörn og hleypa öllum öryggisuppfærslum á hugbúnaði í gegn segir Íris. „Einnig þarf að gæta að því að netverslunin sé að nota dulkóðuð samskipti (https fyrir framan slóðina) og ekki nota kreditkort þar sem dulkóðun er ekki til staðar. Svo er það bara almenna reglan, að fara varlega. Ef t.d. nýjar netverslanir eru með tilboð sem virðast of góð til að vera sönn eru þau það venjulega. Oft eru það meinfýsnir aðilar sem eru á bak við slíkar síður og verslanir. Þeir senda tölvupóst eða auglýsa á samfélagsmiðlum gylliboð með það að markmiði að fá neytendur til að smella á slóðir og slá inn notenda- og kreditkortaupplýsingar.“

Það er líka auðvelt fyrir neytendur að framkvæma eigin rannsókn í dag á netverslunum með því að gúgla viðkomandi síðu að sögn Írisar. „Þá kemur sannleikurinn yfirleitt í ljós. Það er líka góð regla að vera ekki með sama notandanafn, sem oft er bara netfang, og lykilorð inn á allar síður því ef einhver kemst að lykilorði þínu á einum stað getur sá hinn sami verið kominn með aðgang að flestum öðrum síðum sem þú ert að nota.“

ÚTGEFANDI 365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301
VEFFANG visir.is
UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA Jóhann Waage| johannwaage@365.is | s. 512-5439
ÁBYRGÐARMAÐUR Svanur Valgeirsson

# SÆKTU PAKKANN ÞEGAR ÞÉR HENTAR

Fáðu pakkann sendan í Póstbox. Þú getur sótt hann á öllum tímum sólarhringsins og borgar ekkert aukalega fyrir þjónustuna. Þinn pakki, þú ræður.

**Kynntu þér málið á postur.is/postbox**

16-2492 HVÍTA HÚSIÐ / SÍA




**VIÐ KOMUM ÞVÍ TIL SKILA**

PÓSTURINN

# Finnst mjög gott að versla uppi í rúmi

Þegar **Elín Erna Stefánsdóttir** uppgötvaði eBay á unglingsaldri byrjaði hún að versla á netinu og hefur haldið því áfram síðan. Hún kaupir aðallega snyrtivörur, föt og bækur á netinu. Hún segir mun minna stress að kaupa á netinu en í búðum.

**Lilja Björk Hauksdóttir**
liljabjork@365.is



Elín Erna Stefánsdóttir förðunarfræðingur verslar mikið á netinu og meira að segja meira en hún ætti að gera að eigin sögn. „Það er bara svo hrikalega kósí að geta keypt sér eitthvað fínt meðan maður hangir uppi í rúmi og hámar í sig nammi,“ segir hún hlæjandi og bætir við að hún sjái fyrir sér að versla enn meira á netinu í framtíðinni.

Elín byrjaði að versla á netinu þegar hún var í kringum fjórtán til fimmtán ára, þá uppgötvaði hún eBay og síðan þá hefur hún ekki getað hætt. Hún segir kosti þess að versla á netinu vera þá að þar sé miklu meira úrval og oftast betra verð. „Ég skrái mig alltaf á póstlista svo ég missi aldrei af neinum afsláttum sem eru í gangi. Ég vel miklu frekar að versla í gegnum netið heldur en að fara í búðir, mér finnst það mun þægilegra. Búðaráp finnst mér oftast ansi stressandi og þegar maður er á netinu er maður alveg laus við háværa leiðindatónlist og kæfandi mátunarklefa,“ segir hún og brosir.

Það skiptir ekki máli hvað Elínu vantar, hún segist kaupa flest á netinu. „Allavega snyrtivörur, föt, bækur og plötur.“ Aðspurð um helstu kosti og galla þess að versla í gegnum tölvuna heima hjá sér segir Elín helsta kostinn vera úrvalið, á netinu sé hægt að finna allt sem maður þurfi að finna. „Það versta er að þurfa að bíða eftir vörunni, þótt það sé nú vanalega enginn svakalegur tími. Getur verið leiðinlegt líka ef flíkur passa ekki en ef maður fylgir stærðartöflunni vel þá er maður oftast í góðum málum.“

Elín var beðin um að nefna eftirlætisnetverslanir sínar og þá sérstaklega þær sem selja snyrtivörur, föt og skó. „Uppáhalds íslensku snyrtivörunetverslanirnar mínar eru fotia.is, haustfjord.is og nola.is. Þær bjóða upp á frábærar vörur og maður fær alltaf góða þjónustu. Þegar kemur að erlendum netverslunum með snyrtivörur þá er cultbeauty.co.uk í mestu uppáhaldi, mörg merki sem ég held upp á, mjög góð þjónusta og er vefsíðan vel upp sett og auðvelt að fletta í gegn. kissandmakeupny.com er líka í miklu uppáhaldi en þar kaupi ég til dæmis Nars-vörurnar mínar þegar ég kemst ekki til útlanda. Feelunique og Beautybay eru líka alltaf skemmtilegar, mörg merki í boði og reglulega góðir dílar í gangi. Þegar kemur að fatnaði og skóm versla ég langoftast á asos.com, enda vinsælasta fatavefverslun heimsins. Þar geta allir fundið sér eitthvað enda flíkur í öllum stærðum, gerðum og verðum. Tobi.com er líka mjög skemmtileg síða en þar er hægt að finna fallegar flíkur, meðal annars mjög sæta kjóla, og það er reglulega fjörutíu til fimmtíu prósent afsláttur af öllu á síðunni,“ segir Elín.

> **Ég skrái mig alltaf á póstlista svo ég missi aldrei af neinum afsláttum sem eru í gangi.**
>
> *Elín Erna Stefánsdóttir*



**Elín verslar mikið á netinu og kaupir þá sérstaklega snyrtivörur enda er hún förðunarfræðingur.** MYND/ANTON BRINK






Allra Átta býður þér upp á **fullkomna WordPress netverslun** sem tengist við beint við dk bókhald. Netverslun er í dag stór þáttur í rekstri verslunar á Íslandi og með okkar lausnum getum við nú boðið upp á tengingu á WordPress - WooCommerce netverslun við dk bókhald og þannig er mögulegt að lesa saman pantanir og vörur á netinu og í dk.




Netverslun á Íslandi hefur aukist úr **424 milljónum** króna árið 2008 í **2,9 milljarða** króna á síðasta ári.

HAFÐU SAMBAND OG BÓKAÐU FUND Í NETFANGIÐ **8@8.IS** EÐA HRINGDU Í SÍMA **588-8885** OG SJÁÐU HVAÐ VIÐ GETUM GERT FYRIR ÞITT FYRIRTÆKI Á NETINU.

Í SAMSTARFI VIÐ DK BÓKHALD

dk hugbúnaður · WordPress

BJÓÐUM UPP Á TENGINGAR VIÐ GREIÐSLUFYRIRTÆKI EINS OG:

WooCommerce · BORGUN · KORTA · PayPal

# Gjafirnar keyptar í rólegheitum heima

**Vefverslun Kokku** er á meðal elstu íslensku vefverslana. Þar er gott úrval fallegra og nytsamlegra vara sem eru flottar í jólapakkann. Vörurnar eru yfirleitt komnar á áfangastað einum til tveimur dögum eftir að þær eru pantaðar.



„Fólk er klárlega að átta sig á þægindunum sem því fylgja að geta setið í rólegheitunum heima í stofu eða í hádegispásunni í vinnunni og klárað innkaupin," segir Ástríður. MYND/EYÞÓR

Verslunin Kokka hefur starfrækt vefverslun samhliða versluninni á Laugaveginum síðan árið 2005. Að sögn Ástríðar Jónsdóttur, vefstjóra Kokku, voru afar fáar vefverslanir starfræktar á þeim tíma og vefur Kokku vakti því mikla athygli. „Á þeim tíma var þó algengara að fólk skoðaði vörurnar á vefnum en kæmi svo á staðinn til að kaupa. Í dag er þetta allt annað og hlutfall vefverslunar er sífellt að vaxa í rekstrinum hjá okkur."

### Eitthvað fyrir alla

Ný og endurbætt vefverslun Kokku var sett í loftið í desember 2014 og þá jókst salan í gegnum vefinn mikið og í ár er vöxturinn um það bil fimmtíu prósent. „Fólk er klárlega að átta sig á þægindunum sem því fylgja að geta setið í rólegheitunum heima í stofu eða í hádegispásunni í vinnunni og klárað innkaupin. Við vinnum úr pöntunum samdægurs og allt sem er klárt fyrir klukkan hálfellefu á morgnana fer með fyrstu ferð á pósthúsið. Oftast er pöntunin því komin á áfangastað einum til tveimur dögum eftir að pantað er," útskýrir Ástríður.

Í vefversluninni hjá Kokku eru hátt í fimm þúsund vörunúmer í boði og til að auðvelda fólki að finna það sem það leitar að eru vörurnar flokkaðar í fjóra meginflokka: „Elda", „Borða", „Búa" og „Gefa". „Ef þú ert að leita að tólum og tækjum til eldamennsku er smellt á flokkinn Elda og allt fyrir borðhaldið er undir Borða. Svo ef fólk hefur augastað á einhverju sem það langar í frá okkur er hægt að velja á óskalista og senda áfram í tölvupósti. Það er alltaf gaman að láta sig dreyma," segir Ástríður og brosir.

### Ekkert stress

Vinsælustu flokkarnir í vefversluninni eru í flokknum Búa, þar sem gólfmotturnar frá Pappelinu eru mest skoðaðar og á þessum árstíma er flokkurinn Gefa mikið skoðaður. Að sögn Ástríðar er þar til dæmis hægt að skoða ýmsar hugmyndir að gjöfum, til dæmis gjafir sem kosta undir þrjú þúsund krónum, gjafir handa þeim sem hafa gaman af bakstri, gjafir fyrir fagurkerann eða gjafir sem er auðvelt að senda til vina og vandamanna. „Allar vörur frá okkur sem seldar eru fram að jólum eru merktar með skilafresti út janúar 2017 svo fólk þarf ekki að vera að stressa sig á milli jóla og nýárs ef það langar til að skipta einhverju hjá okkur. Það er líka þægilegt fyrir viðskiptavini utan höfuðborgarsvæðisins."











# Tíu kostir þess að versla á netinu

Netverslun færist sífellt í vöxt enda hefur hún marga kosti. Það er til að mynda mjög þægilegt að kaupa gjafir á netinu og sums staðar er jafnvel boðið upp á innpökkun. Þá er hægt að senda þær beint á heimilisföng viðtakenda sé þess óskað.



Það er mjög þægilegt að kaupa jólagjafir á netinu, sérstaklega ef viðtakandinn er í öðrum landshluta eða öðru landi. Þá er hægt að senda pakkann beint til viðtakanda.

**1 Það er þægilegt.** Helsti kostur þess að versla á netinu eru þægindin sem það hefur í för með sér. Þú þarft ekki að fara út úr húsi, getur verslað hvenær sem er sólarhringsins, þarft ekki að standa í röð og getur þess vegna verið á náttfötunum.

**2 Það getur verið ódýrara.** Í mörgum tilfellum ertu að kaupa beint af framleiðanda. Þú getur því gert milliliðalaus viðskipti sem þýðir yfirleitt lægra verð. Því til viðbótar bjóða margar netverslanir reglulega rífleg afsláttarkjör.

**3 Meiri fjölbreytni.** Allur heimurinn er undir. Úrvalið í hefðbundnum verslunum takmarkast við það sem eigendur velja inn hverju sinni. Á netinu getur þú skipt við hvaða framleiðanda sem er hvar sem er í heiminum.

**4 Þú getur keypt og sent gjafir með auðveldum hætti.** Það getur verið sérstaklega hentugt ef þú býrð í öðru sveitarfélagi, landshorni eða jafnvel landi en viðtakandinn. Þú pantar og lætur senda beint á heimilisfang viðtakanda. Víða er jafnframt hægt að óska eftir því að gjöfinni sé pakkað inn.

**5 Minni umframútgjöld.** Búðarferðum fylgja oft aukaútgjöld. Það kostar að koma sér á staðinn og sumir eiga það til að eyða meiru en ætlunin var þegar freistingarnar eru á hverju strái. Þá er oft freistandi að kaupa skyndibita ef búðarferðin dregst á langinn en allt safnast þetta saman.

**6 Það er auðveldara að gera verðsamanburð.** Þú getur gert verðsamanburð á milli netverslana og valið þá sem býður best. Eins er víða hægt að sjá hvað aðrir kaupendur segja um reynslu sína af tiltekinni vöru eða verslun sem gerir það að verkum að þú getur valið út frá betri upplýsingum.

**7 Enginn troðningur.** Þú þarft ekki að leita að bílastæði, ekki að standa í röð og ekki troðast á milli þröngra búðarrekka ásamt fjölda annarra.

**8 Það er auðveldara að kaupa notaða hluti og antíkmuni.** Það eru mörg markaðssamfélög á netinu sem selja notaða hluti á góðu verði. Þá er hvergi betra að finna fallega antíkmuni og hvergi meira úrval.

**9 Þú kaupir síður eitthvað sem þig vantar ekki.** Verslunareigendur og starfsmenn verslana geta í sumum tilfellum verið ýtnir sem getur leitt til þess að þú kaupir eitthvað sem þig vantar ekki. Þá getur takmarkað úrval í verslunum leitt til þess að þú kaupir eitthvað sem þú ert ekki fyllilega ánægð/ur með.

**10 Það er auðveldara að gera „óþægileg" kaup.** Sumum þykir óþægilegt að kaupa undirföt og kynlífstæki í búð. Þá geta netkaup komið sér vel.



Talið er að fjögurra manna fjölskylda eyði um 215 þúsund krónum til jólahalds í ár. NORDICPHOTOS/GETTY

# Eyða um 215 þúsund krónum til jólahalds

Vaxandi hagvöxtur og aukin einkaneysla gefa vísbendingu um að velta smásöluverslunar nái nýjum hæðum í aðdraganda jóla, segir í spá Rannsóknaseturs verslunarinnar sem gefin var út í nóvember. Rannsóknasetrið áætlar að jólaverslunin aukist um 10,3 prósent frá síðasta ári. Gert er ráð fyrir að velta í verslunum án VSK verði um 85 milljarðar króna í nóvember og desember en var á sama tíma í fyrra 77 milljarðar króna. Gert er ráð fyrir mun meiri vexti í jólaverslun á milli ára en sést hefur allt frá bankahruninu 2008 en í fyrra var vöxtur jólaverslunarinnar 6,6 prósent frá árinu áður.

Talið er að hver Íslendingur muni að jafnaði eyða rúmlega 53 þúsund krónum til innkaupa þessa tvo mánuði. Í fyrra nam þessi upphæð 49.156. Ef tekið er dæmi af fjögurra manna fjölskyldu má gera ráð fyrir að hún verji í ár um 215 þúsund krónum til jólahalds.

Jólaverslun hefur verið að færast í meiri mæli á netið og einhver hluti neytenda kaupir allar eða hluta jólagjafa á netinu, ýmist frá innlendum eða erlendum netverslunum. Í skýrslu Rannsóknaseturs verslunarinnar greinir frá því að velta þeirra verslana sem skráðar eru í atvinnugreinaflokk netverslana hjá Hagstofunni hafi fyrir síðustu jól verið 14,6 prósent meiri en árið áður og umtalsverður vöxtur sé einnig í netverslun Íslendinga frá útlöndum. Á fyrstu níu mánuðum ársins voru sendingar úr erlendum netverslunum sem Íslandspóstur sá um flutning á fjórðungi fleiri en á sama tímabili árið áður.

Netverslunin
Klaran.is
selur eldhúsvörur, auk flottrar gjafavöru

Verslunin er ánægð að vera með umhverfisvænar og endurnýtanlegar vörur til sölu og ávallt bætist við úrvalið.
Mikið af vörunum eru handunnar og/eða koma frá litlum fjölskyldufyrirtækjum.



Abeego. Náttúrulegar og endurnýtanlegar matvælaumbúðir úr býflugnavaxi. Gerir það að verkum að maturinn geymist mun lengur. Til í ýmsum stærðum.
Verð á pakka frá 3.500,- krónum.

Netverslun er á
www.klaran.is
KLARAN.IS

klaran.is klaran13

DALPAY
www.dalpay.is
www.snjallposi.is
Vantar þig greiðslulausn?
Heimurinn er eitt markaðssvæði sem getur verið þitt.
DalPay er öflugur samstarfsaðili fyrir þig, hvort sem þú vilt taka við greiðslum á vefsvæði eða í verslun.



Hafðu samband við okkur í síma 412-2600 til að sjá hvað við getum gert fyrir þig.




SJÓNVARP BYLGJAN.IS ÚTVARPIÐ FM 98.9
HLUSTAÐU HVAR SEM ER, HVENÆR SEM ER
BYLGJAN 989





## STÆRSTI „CYBER MONDAY“ SÖGUNNAR

„Ég hef sem betur fer líka verið að vinna verkefni þar sem ég er ekki háður einhverjum fararstjóra og ég get gert það líka sem mér finnst mjög gott. En á móti kemur að samstarfsverkefni sem þetta, því listamenn eru alltaf að vinna verkefni saman, er auðvitað sérstakt þar sem ég er í samstarfi við látinn listamann. En um leið gefur það mér mikið frelsi til þess að túlka hvað listamaðurinn er að gera og hvað hann er að hugsa. Ég hef átt í mjög nánu samstarfi við Larsen, eins furðulega og það hljómar, í gegnum mínar hugleiðingar síðustu þrjú árin og þá fyrst og fremst um hans sögu. Hvernig hann nálgast íslenska sögu og menningararfleifð, auk þess hvernig hann hreinlega vinnur að sínu verki, og það er grunnur sem ég byggi ofan á og bæti svo við en vonandi hef ég náð að skapa margradda verk sem er á dýpt.

Þetta eru ekki landslagsljósmyndir, því ég lít ekki á mig sem landslagsljósmyndara, heldur er ég að glíma við menningarsögu í mínum myndum. Fyrir mér snýst þetta um menningarsögu og upplifun okkar á landinu fremur en landið sjálft. Þess vegna er mjög mikilvægt fyrir mér í mínum verkum að þar er aldrei sýnt það sem má kalla hreint landslag, heldur eru alltaf ummerki um mennina. Ég er alltaf að horfa á ummerki um mennina í náttúrunni og hvernig við umgöngumst, notum og jafnvel misnotum landið okkar.“

**ÞETTA ERU EKKI LANDSLAGSLJÓSMYNDIR, ÞVÍ ÉG LÍT EKKI Á MIG SEM LANDSLAGSLJÓSMYNDARA, HELDUR ER ÉG AÐ GLÍMA VIÐ MENNINGARSÖGU.**


Einar Falur Ingólfsson, Grettisbæli 01.09. 2016.



Johannes Larsen, Toppen af Grettisbæli, 11. júlí 1930.


Einar Falur Ingólfsson, Úr Eilífsdal að Esju, 21.08. 2016.



markhönnun ehf

netto

# JÓLABÓKIN FÆST HJÁ OKKUR




**ANDLIT NORÐURSINS**
**12.479 KR**




**ÍSLENSK KNATTSPYRNA 2016**
**4.959 KR**




**BAKAÐ ÚR SÚRDEGI**
**3.349 KR**




**ELDHÚS GRÆNKERANS**
**4.689 KR**




**HÚH!**
**2.599 KR**




**LADDI**
**4.199 KR**




**MENSA**
**4.549 KR**




**ÞJÓÐMINJAR**
**9.424 KR**




**KALDAL**
**9.749 KR**

**www.netto.is | Tilboðin gilda 9. - 11. desember**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss







**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | |
|---|---|
| OFFICE CHRISTMAS PARTY | KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 |
| OFFICE CHRISTMAS PARTY VIP | KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 3 - 5:30 |
| VAIANA ÍSL TAL 3D | KL. 3 - 5:30 |
| VAIANA ENSKT TAL 2D | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 |
| ALLIED | KL. 8 - 10:40 |
| FANTASTIC BEASTS 3D | KL. 8 - 10:45 |
| FANTASTIC BEASTS 2D | KL. 5 |
| THE ACCOUNTANT | KL. 8 - 10:45 |

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | |
|---|---|
| OFFICE CHRISTMAS PARTY | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 |
| ALLIED | KL. 8 - 10:30 |
| FANTASTIC BEASTS 2D | KL. 6 - 9 |
| THE ACCOUNTANT | KL. 8 |
| DOCTOR STRANGE 2D | KL. 5:30 - 10:40 |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | |
|---|---|
| OFFICE CHRISTMAS PARTY | KL. 8 - 10:20 |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 |
| ALLIED | KL. 10:45 |
| FANTASTIC BEASTS 2D | KL. 5:15 - 8 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| OFFICE CHRISTMAS PARTY | KL. 8 - 10:20 - 10:45 |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 |
| ALLIED | KL. 5:20 - 8 |
| FANTASTIC BEASTS 2D | KL. 5 - 8 |
| LIGHT BETWEEN OCEANS | KL. 10:40 |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | |
|---|---|
| OFFICE CHRISTMAS PARTY | KL. 8 - 10:20 |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 |
| VAIANA ENSKT TAL 2D | KL. 8 |
| ALLIED | KL. 10:20 |
| FANTASTIC BEASTS 2D | KL. 5:15 |


# Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is

## 9. DESEMBER 2016

### Tónlist

**Hvað?** Jólatónar í Kópavogskirkju
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kópavogskirkja
Fram kemur Vestfirska tóna-tríóið ásamt hljómsveit. Hljómsveitina skipa þau Katerina Inga Lianoraki, Elín Sveinsdóttir, Kristín Harpa Jónsdóttir, Halldór Sveinsson, Sigmar Þór Matthíasson og Björn Jóhannes Hjálmarsson. Tónleikarnir bjóða upp á hátíðlega stund, kertaljós og vel valda jólatóna. Miðaverð er 1.500 krónur, borgað við innganginn.

**Hvað?** JFDR ásamt asdfhg
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Húrra
JFDR en nýjasta verkefni Jófríðar Ákadóttur úr Samaris, Pascal Pinon og Gangly. Á tónleikunum kemur hljómsveitin asdfhg einnig fram. Hana skipa þau Steinunn Sigþrúðardóttir Jónsdóttir og Orri Úlfarsson. Miðaverð er 1.500 krónur.



Jólasveininnn Stúfur er engum líkur. Stúfur segir áhorfendum sannar sögur af sjálfum sér og samferðafólki sínu í Samkomuhúsinu á Akureyri kl. 18.00.

**Hvað?** Las Vegas Christmas Show
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gamla bíó
Hljómsveitin Don Randi & Quest spilar jólatónlist undir hjá Geir Ólafssyni, Eddu Borg, Fabúlu, Bjarti Loga, Má Gunnarssyni og Ingó Veðurguð. Sérstakur jólagestur verður Richard Scobie. Á tónleikunum kemur fram Flugfreyjukór Icelandair undir stjórn Magnúsar Kjartanssonar. Miðaverð er 12.900 krónur á hringborðum í sal á fyrstu hæð. Innifalið er fordrykkur, léttur kvöldverður og tónleikar. Borðapantanir sendist á gamlabio@gamlabio.is. Miðaverð í sætaröðum á svölum án veitinga er 6.900 krónur.

### Viðburðir

**Hvað?** Opinn fundur um fátækt og mannréttindi
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Iðnó
Opinn fundur mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar í tilefni af alþjóðlegum degi mannréttinda þann 10. desember. Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir. Boðið verður upp á súpu og brauð. Fundarstjóri er Magnús Már Guðmundsson. Fundarslit verða um 13.30.

**Hvað?** Jólahlaðborð á Hótel Sögu
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Hótel Saga
Örn Árna og Regína Ósk sameina krafta sína á ný við undirleik Jónasar Þóris á jólahlaðborði Hótel Sögu í Súlnasal. Regína Ósk og Örn Árna hafa heillað gesti í Súlnasal undanfarin ár en að þessu sinni hafa þau einnig fengið Baldur Dýrfjörð á fiðlu til liðs við sig. Siggi Hlö þeytir svo skífum fram á nótt og heldur uppi stuðinu eins og honum einum er lagið. Verð er 10.900 krónur á mann.

### Leiksýningar

**Hvað?** Stúfur jólasýning
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Samkomuhúsið, Akureyri
Bráðhressandi og hjartastyrkjandi jólasýning um jólasvein með stóra drauma, svo stóra að þeir komast ekki almennilega fyrir inni í honum af því hann er frekar lítill. Hér sýnir og sannar jólasveininnn Stúfur að hann er enginn venjulegur jólasveinn. Stúfur segir áhorfendum sannar sögur af sjálfum sér og samferðafólki sínu í bland við frumsamin krassandi ævintýri sem ættu að gleðja jafnt börn, unglinga, foreldra, afa og ömmur.



JFDR en nýjasta verkefni tónlistakonunnar Jófríðar Ákadóttur sem kemur fram á Húrra í kvöld kl. 21.00.







BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

Absolutely Fabulous: the movie ........ 18:00
Baskavígin ........ 18:00
Innsæi ........ 18:00
Love Actually ........ 20:00
Scrooged ........ 20:00
Slack Bay ........ 20:00
Captain Fantastic ........ 22:30
Gimme Danger ........ 22:15
Embrace of the Serpen ........ 22:30



HÚSASMIÐJAN

blómaval

# JÓLATRÉ

**Eitt verð veljið sjálf**

**150-240 cm**

Normannsþinur
Standard flokkur
Takmarkað magn

# 2.990 kr

~~5.990 kr~~



**Blómaval lækkar verð á innfluttum jólatrjám um 11-15% vegna styrkingar íslensku krónunnar**

## Verðlækkun á jólatrjám

Normannsþinur sérvalin af Blómavali

| | | |
|---|---|---|
| Standard flokkur | 150-240 cm | 2.990 kr |
| Úrvalsflokkur | 80-120 cm | 3.390 kr |
| Úrvalsflokkur | 101-150 cm | 4.490 kr |
| Úrvalsflokkur | 151-200 cm | 6.990 kr |
| Úrvalsflokkur | 201-250 cm | 8.990 kr |

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl,
úrval getur verið mismunandi milli verslana.




LOGI
Lauflettur og bráðskemmtilegur þáttur þar sem Logi Bergmann fer á kostum sem þáttastjórnandi. Gestir hans í þessum þætti verða þau Margrét Tryggvadóttir, Saga Garðarsdóttir, Sævar Helgi Bragason og Snorri Helgason sem jafnframt tekur lagið. Einnig fáum við stórskemmtilegt uppistand frá York Underwood.

SPENNANDI FÖSTUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

THE X-FACTOR UK
Einn vinsælasti hæfileikaþáttur í heimi þar sem þau Sharon Osbourne, Louis Walsh og Nicole Scherzinger ásamt Simon Cowell eru í dómarasætunum og freista þess að finna næstu stórstjörnu Bretlands.






LET IT SNOW
Skemmtileg og rómantísk jólamynd sem gerist í litlum bæ á jólanótt. Það gerir mikið óveður þar sem samankominn er hópur af fólki en þau sameinast við hættuna af óveðrinu.

SOUTHPAW
Hnefaleikamaður í fremstu röð gerir dýrkeypt mistök eitt kvöldið sem leiða til algjörs hruns á ferli hans og einkalífi og neyða hann í raun til að hefja nýtt líf.



CAMP X-RAY
Amy Cole er nýliði í hernum og er send til gæslustarfa í Guantanamo-fangabúðirnar á Kúbu. Þar þarf hún að ganga í gegnum erfiðleika og kynnast föngunum í návígi.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is


# DAGSKRÁ

# Föstudagur

## STÖÐ 2

**07.04** The Simpsons
**07.24** Tommi og Jenni
**07.44** Kalli kanína og félagar
**08.04** The Middle
**08.29** Pretty little liars
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** Grand Designs Australia
**11.10** Restaurant Startup
**11.50** White Collar
**12.35** Nágrannar
**13.00** Christmas Bounty
**14.10** Ronja ræningjadóttir
**16.15** Jamie's Festive Feast
**17.05** **Jóladagatal Afa** Afi er að undirbúa jólin og fer niður í geymslu að leita að jólatrénu sínu. Í þeirri leit kemur ýmislegt upp úr kössum og handröðum og hann finnur margt forvitnilegt í leiðinni sem hann tengir við skemmtilega hluti eins og t.d. jólasiði annarra landa og þjóða. Hver veit nema hann grípi í gítarinn og rifji upp gamla takta og taki nokkur jólalög en eitt er víst, í hverjum þætti býður hann upp á skemmtilegt ævintýri sem enginn má missa af alla daga fram að jólum.
**17.15** Bold and the Beautiful
**17.40** Nágrannar
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.55** **Íþróttir** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna
**19.05** Fréttir Stöðvar 2
**19.20** **Logi** Lauflettur og bráðskemmtilegur þáttur þar sem Logi Bergman fer á kostum sem þáttastjórnandi. Hann fær til sín vel valda og skemmtilega viðmælendur og auk þess verður boðið upp á frábær tónlistaratriði og ýmsar óvæntar uppákomur.
**20.15** The X-Factor UK
**21.40** The X-Factor UK
**22.30** **Let it Snow** Jólamynd frá 2013 sem gerist í litlum bæ á jólanótt. Óveður sameinar hóp ungs fólks.
**23.55** Southpaw
**22.00** Black Sea
**23.50** The Maze Runner

## STÖÐ 2 SPORT

**07.30** UEFA Europa
**09.10** UEFA Europa
**10.50** UEFA Europa
**12.30** UEFA Europa League
**14.10** Spænski boltinn
**15.50** Spænsku mörkin
**16.15** Domino's-deild karla
**17.55** PL Match Pack
**18.25** La Liga Report
**18.55** Evrópudeildarmörkin
**19.45** Domino's-deild karla
**22.00** Körfuboltakvöld
**00.00** Premier League Preview
**00.30** Bundesliga Weekly
**01.00** NBA

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00** Domino's-deild karla
**08.40** Premier League
**10.20** Premier League World
**10.50** Premier League
**12.30** UEFA Champions League
**14.10** UEFA Champions League
**15.50** UEFA Champions League
**17.30** UEFA Champions League
**19.10** Meistaradeildarmörkin
**19.40** Enska 1. deildin
**21.45** Formúla E - Magazine Show
**22.15** Premier League Preview
**22.45** Evrópudeildarmörkin
**23.35** Domino's-deild karla
**01.15** Körfuboltakvöld
**06.55** UEFA Champions

## STÖÐ 3

**18.10** Mike and Molly
**18.35** The Big Bang Theory
**19.00** New Girl
**19.25** Modern Family
**19.50** Community
**20.15** The New Adventures of Old Christine
**20.40** Gilmore Girls
**21.25** Last Ship
**22.10** Entourage
**22.40** Klovn
**23.10** Rita
**23.55** Fresh off the Boat
**00.15** Community
**00.40** The New Adventures of Old Christine
**01.05** Gilmore Girls
**01.50** Last Ship
**02.30** Entourage
**03.00** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Dóra könnuður
**07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**07.47** Doddi litli og Eyrnastór
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveinsson
**08.49** Lalli
**08.55** Rasmus Klumpur og félagar
**09.00** Ævintýri Tinna
**09.25** Hvellur keppnisbíll
**09.37** Stóri og Litli
**09.49** Óskastund með Skoppu og SkRítlu
**10.00** Víkingurinn Viggó lýsing
**10.13** Kormákur
**10.25** Brunabílarnir
**10.47** Mæja býfluga
**11.00** Dóra könnuður
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.47** Doddi litli og Eyrnastór
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveinsson
**12.49** Lalli
**12.55** Rasmus Klumpur og félagar
**13.00** Ævintýri Tinna
**13.25** Hvellur keppnisbíll
**13.37** Stóri og Litli
**13.49** Óskastund með Skoppu og Skrítlu
**14.00** Víkingurinn Viggó
**14.13** Kormákur
**14.25** Brunabílarnir
**14.47** Mæja býfluga
**15.00** Dóra könnuður
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.47** Doddi litli og Eyrnastór
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveinsson
**16.49** Lalli
**16.55** Rasmus Klumpur og félagar
**17.00** Ævintýri Tinna
**17.25** Hvellur keppnisbíll
**17.37** Stóri og Litli
**17.49** Óskastund með Skoppu og Skrítlu
**18.00** Víkingurinn Viggó
**18.13** Kormákur
**18.25** Brunabílarnir
**18.47** Mæja býfluga
**19.00** Ríó 2

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** Franklin Templeton Shootout
**11.00** Golfing World
**11.50** Hero World Challenge
**15.05** PGA Tour – Highlights
**16.00** Franklin Templeton Shootout
**19.00** Franklin Templeton Shootout
**22.00** CME Group Tour Championship

## BÍÓSTÖÐIN

**12.25** Just Friends
**14.00** Ingenious
**15.30** The Borrowers
**17.05** Just Friends
**18.40** Ingenious
**20.20** The Borrowers
**22.00** **Camp X-Ray** Dramatísk mynd frá Kristen Stewart og Peyman Moaadi (The Night Of) frá 2014. Myndin fjallar um unga konu, Amy Cole, sem er nýliði í hernum og er send til gæslustarfa í Guantanamo-fangabúðirnar á Kúbu. Þar þarf hún að ganga í gegnum ýmsar mannraunir um leið og hún kynnist bæði liðsfélögum sínum og föngunum í návígi.
**00.05** **The Social Network** Haustið 2003 settist háskólaneminn Mark Zuckerberg við tölvuna sína og byrjaði að vinna að nýrri hugmynd. Hugmyndin óx í höndunum á honum og úr varð alheimssamfélagsmiðillinn Facebook. Sex árum og 500 milljón „vinum" síðar er Mark orðinn yngsti bandaríski milljarðamæringur sögunnar. En velgengnin hefur líka í för með sér persónuleg og lögfræðileg vandamál. Með aðalhlutverk fara Jesse Eisenberg, Justin Timberlake og Andrew Garfield
**02.05** Harold & Kumar Escape from Guantanamo
**03.45** Camp X-Ray

## RÚV

**16.25** Ferð til fjár II
**16.55** Ferðastiklur
**17.40** Táknmálsfréttir
**17.50** KrakkaRÚV
**17.51** Jóladagatalið – Sáttmálinn
**18.18** Jóladagatalið – Leyndarmál Absalons
**18.50** Öldin hennar
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.40** Augnablik – úr 50 ára sögu sjónvarps
**20.00** Útsvar
**21.20** Vikan með Gísla Marteini
**22.05** Nowhere Boy
**23.40** Bad Santa
**01.10** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** America's Funniest Home Videos
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Biggest Loser
**09.45** The Biggest Loser
**10.30** Síminn + Spotify
**13.05** Dr. Phil
**13.45** The Odd Couple
**14.05** Man with a Plan
**14.25** Speechless
**14.50** The Office
**15.10** The Muppets
**15.35** Gordon's Ultimate Christmas
**16.25** The Tonight Show
**17.05** The Late Late Show
**17.45** Dr. Phil
**18.25** Everybody Loves Raymond
**18.50** King of Queens
**19.10** How I Met Your Mother
**19.35** America's Funniest Home Videos
**20.00** The Voice Ísland
**21.30** Meet the Fockers
**23.25** The Tonight Show
**00.05** Prison Break
**00.50** Sex & the City
**01.15** The Affair
**02.00** The Family
**02.45** Quantico
**03.30** The Tonight Show
**04.10** The Late Late Show
**04.50** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |

# nettó

# Ódýrir pakkar
undir jólatréið




38%

**Playmobil**
leikföng.
**4.953** KR/PK
Áður: 7.989 kr/pk

playmobil

## Glæslegt príhjól

NÝTT Í nettó




**Racer**
þríhjól - XR1305
**8.998** KR/STK

**www.netto.is | Tilboðin gilda 8. – 11. desember 2016**
Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.
Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

markhönnun ehf

# Svala fékk sér tvö ný tattú

**Tónlistarkonan Svala Björgvinsdóttir er forfallin áhugakona um húðflúr og skartar nokkrum flúrum sjálf. Nývérið fékk hún sér tvö ný tattú á handleggina sem eru innblásin af kvikmyndinni Blade Runner.**



Áhugasamir geta fylgst með framhaldinu og því sem á daga Svölu drífur á Instagram undir svalakali.

Svala Björgvins fékk sér uglu og origami-einhyrning úr einni af sínum uppáhaldskvikmyndum. „Blade Runner er ein af mínum uppáhaldsbíómyndum. Hún hefur veitt mér innblástur í gegnum árin, í minni tónlist, fatahönnun og allri sköpun. Ég fékk mér ugluna sem var í myndinni en hún var eins konar eftirmynd af alvöru uglu. Í myndinni eru nefnilega flestöll dýr útdauð og uglan í Blade Runner er véldýr sem lítur nákvæmlega út eins og alvöru ugla. Svo fékk ég mér origami-einhyrninginn sem er mjög táknrænn í bíómyndinni.“

Ugluna fékk Svala sér á framhandlegginn en einhyrninginn fékk hún á innanverðan upphandlegg og er himinlifandi með útkomuna. „Það var hann Haukur Færseth hjá Memoria Collective sem hannaði tattúin og flúraði þau bæði. Hann hefur gert þrjú flúr á mig en þetta er í annað sinn sem ég fer á Memoria Collective. Í minni fyrstu heimsókn þangað fékk ég mér rosalega fallegan örn í „traditional“-stíl á upphandlegg. Ég var svo svakalega ánægð með hann þannig að ég ákvað að leita aftur til Memoria Collective með þessi tvö nýju flúr.“ Svala segir andrúmsloftið á þeirri húðflúrstofu vera vinalegt og það skipti hana máli. „Svo eru þeir líka afar hæfileikaríkir listamenn og fagmannlegir. Ég mæli eindregið með þeim.“

**Ávanabindandi áhugamál**

Svala kveðst vera rétt að byrja. „Já, ég á eftir að fá mér mun fleiri húðflúr. Ég er alls ekki hætt. Ég er með „full sleeve“-tattú á hægri handlegg sem nær frá öxl niður á úlnlið og það er japanskt verk eftir vinkonu mína, Sofiu. Svo er ég með „sugarskull“, dreka og rosalega stóran svartan pardus á mjóbakinu til viðbótar við þau flúr sem ég fékk á Memoria Collective. Þetta eru sjö tattú allt í allt en í „full sleeve“-tattúinu eru auðvitað mörg verk sem sameinast í eitt,“ útskýrir Svala sem segir húðflúr vera ávanabindandi.

„Þegar maður byrjar þá verður þetta svolítið ávanabindandi. Svo eru líka svo margir æðislega hæfileikaríkir húðflúrlistamenn sem mann langar að vinna með og fá listaverk eftir. Alveg óendanlega mikið af verkum sem mann langar í.“

gudnyhronn@365.is



Uglan úr Blade Runner á framhandlegg Svölu.



Fyrsta tattúið sem Svala fékk sér á húðflúrstofunni Memoria Collective.



Origami-einhyrningurinn fékk samastað á upphandleggnum.

**ÞEGAR MAÐUR BYRJAR ÞÁ VERÐUR ÞETTA SVOLÍTIÐ ÁVANABINDANDI.**

GLAMOUR

GLAMOUR ER KOMIÐ ÚT!

200 blaðsíður




2 forsíður

Tryggðu þér eintak í næstu verslun eða áskrift á Glamour.is.

# Hjartað er úr skínandi gulli

Skartgripahönnuðirnir Orri Finnbogason og Helga G. Friðriksdóttir, sem hanna undir merkinu Orrifinn Skartgripir, senda frá sér sína fimmtu skartgripalínu í dag. Línan kallast Milagros og er innblásin af ferðalagi þeirra um Mexíkó og Perú. „Já, í fyrra fórum við í þessa langþráðu reisu og lögðum mikla áherslu á að skoða fornleifar og gömul hof sem Astekar, Majar og Inkar hafa skilið eftir sig,“ segir Helga.

Þegar heim var komið hófst hugmyndavinna fyrir nýju línuna. „Í hugmyndavinnunni urðu þessir litlu gripir sem skreyta mexíkóskt umhverfi ofan á, þeir kallast á spænsku milagros sem má þýða sem „kraftaverk“ og þaðan dregur línan nafn sitt. Þeir eru oft í laginu eins og hjörtu, útlimir, beinagrindur og í raun hvað sem er.“

„Þegar við fórum að kynna okkur þetta betur þá kom í ljós að upprunalegi tilgangurinn með þessum gripum er að heita á eitthvað eða biðja fyrir bata. Áheitagripirnir eru gjarnan í formi líkamshluta eða líffæra því oft vill biðjandinn kalla eftir bata af líkamlegu eða andlegu meini. Táknið getur verið bókstaflegt en þarf ekki að vera það. Ef hjarta er til dæmis lagt á helgan stað má biðja um bata af líkamlegu hjartameini en líka um bata af ástarsorg. Okkur þótti þetta mjög fallegur siður.“

Í línunni notast þau Helga og Orri mestmegnis við form mannabeina. „Við studdumst við hugmyndina á bak við þessa áheitagripi en við útfærðum gripina með formum mannabeina. En til viðbótar við mannabein notuðum við líka hjartað. Hjartað er það líffæri sem ræður oft huganum. Það er sterkt líffæri sem við tengjum flest við. Það er svo ljóðrænt og fallegt,“ útskýrir Helga.

Allir gripir línunnar eru úr silfri og bronsi, fyrir utan hjartað. Það er úr gulli. „Já, hjartað verður að vera úr gulli. Það er skemmtilegur „konstrast“ í því að blanda gylltu hjarta saman við mannabein úr silfri og bronsi. Svo notum við líka ferskvatnsperlur í línunni, til að gera þetta ennþá meira rómantískt og grand.“

Nýja skartgripalínan verður frumsýnd í kvöld í kokteilboði á Jacobsen Loftinu klukkan 19.00. Þar verða einnig til sýnis ljósmyndir af Milagros-línunni eftir Sögu Sigurðardóttur. „Við höfum unnið með Sögu áður og samstarf okkar hefur verið farsælt, hún skilur okkur og við höfum mikla trú á henni.“



Helga og Orri hanna undir merkinu Orrifinn.



Mynd eftir Sögu Sig fyrir Milagros-skartgripalínuna. LJÓSMYND/SAGA SIG

# Lifandi jólatré

Normannsþinur,
íslensk fura og blágreni.

Einnig mikið úrval af
gervijólatrjám og skrauti.



## Sölustaðir

**SELFOSS**
*FÖS* **8-18**
*LAU* **10-18**
*SUN* **12-16**

**TIMBURVERSLUN BREIDD**
*FÖS* **8-18**
*LAU* **10-14**

## Dagskrá Breidd

**LAUGARDAGINN 10.DES**
JÓLASVEINAR 13-14
HREIMUR OG VIGNIR 14-15

**TÓNLISTARATRIÐI**
**SUNNUDAGINN 11.DES**
VIGGA OG SJONNI 13-14
INGUNN OG ARNAR 14-15



**VÖFFLUVEISLA Í BREIDD, GRANDA, AKUREYRI OG SUÐURNESJUM Á LAUGARDAG**

**JÓLATRÉSFÓTUR,**
5" grænn eða rauður.
**5.495kr.**
88470259/60



## Verðlisti

| NORMANNSÞINUR | VERÐ |
|---|---|
| 100 - 125 cm | 2.955 kr. |
| 126 - 150 cm | 3.395 kr. |
| 151 - 175 cm | 4.695 kr. |
| 176 - 200 cm | 6.595 kr. |
| 201 - 225 cm | 7.395 kr. |
| **BLÁGRENI** | |
| 100 - 150 cm | 6.595 kr. |
| 151 - 200 cm | 10.375 kr. |
| 201 - 250 cm | 13.495 kr. |
| **ÍSLENSK FURA** | |
| 100 - 150 cm | 5.775 kr. |
| 151 - 200 cm | 8.975 kr. |
| 201 - 250 cm | 13.495 kr. |

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

byko.is

*Sérvalin tré í stofuna til þín*

BYKO
SKREYTUM SAMAN

**Darri Tryggvason** tísti um möguleg líkindi ársgamals lags síns og Fröken Reykjavíkur, smells Friðriks Dórs, en lagið er pródúserað af StopWaitGo-hópnum. Umrætt tíst hefur farið víða um samfélagsmiðlana og sitt sýnist hverjum um þessi meintu líkindi laganna.

Stefán Þór Hjartarson
stefanthor@frettabladid.is





Þeir Pálmi Ragnar Ásgeirsson, Ásgeir Orri Ásgeirsson og Sæþór Kristjánsson mynda StopWaitGo en þeir eru mennirnir á bak við nánast alla íslenska poppsmelli. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Tíst um meint líkindi tveggja laga fer á flug

Ertu með þessu tísti að segja að StopWaitGo séu að stela laginu þínu?

„Ég myndi nú ekki alveg segja það. Ég gerði lag fyrir sirka ári og ég var mjög ánægður með það og langaði að fá smá „feedback“ þannig að ég sendi þetta á Friðrik Dór og Ásgeir í StopWaitGo. Síðan kemur Fröken Reykjavík út og ég tengdi aðeins við það, fannst það svolítið svipað og fór að sýna fjölskyldu og vinum. Flestir voru sammála um að þetta væri svolítið líkt. Ég var bara sáttur, hugsaði að þeir væru kannski bara að nota „inspo“ frá mér í lagið. Það voru svo margir búnir að segja mér að þetta væri svipað þannig að ég ákvað að henda út tísti og það varð allt vitlaust,“ segir Darri Tryggvason.

Nú eru komin yfir fjögur hundruð læk á tístið og því hefur verið deilt meira en fjörutíu sinnum. Hafa þeir svarað eða haft samband við þig?

„Ásgeir er búinn að svara og segir að Ragnar bróðir hans hafi gert lagið. Hann segir að þetta sé acapella úr Glowie-lagi – sem ég trúi alveg. Ég ætla ekki að saka þá um að taka neitt frá mér. Mér finnst flott að fá viðurkenningu – ég er búinn að gera tónlist í þrjú ár og hef ekki fengið neitt svona áður.“

Þannig að þú ferð sáttur frá borði?

„Nokkurn veginn, pínu svekkjandi að þetta hafi verið líkt en ekki það sama. En heilt yfir er ég ánægður með að hafa fengið athygli og viðurkenningu fyrir tónlistina mína,“ segir Darri Tryggvason sáttur, enda hefur nafn hans ferðast víða í kjölfarið á tístinu hans.

„Mér finnst þetta bara mjög fyndið og skemmtilegt. Ég gerði reyndar ekki þennan part í laginu, það var bróðir minn sem gerði hann, Pálmi Ragnar. Þetta er ekkert mál og ekki af Darra hálfu heldur. Ég var ekki einu sinni búinn að sjá skilaboðin frá Darra, þannig að það er ómögulegt fyrir okkur að hafa verið búnir að heyra lagið hans,“ segir Ásgeir Orri Ásgeirsson úr StopWaitGo inntur eftir viðbrögðum við tístinu hans Darra.

„Ég talaði beint við hann Darra og hann var mjög léttur og sendi mér á Facebook að hann væri ekki að saka okkur um að stela neinu. Ég sagði honum að lagið hans væri geðveikt. Svona kemur bara fyrir þegar menn eru að gera tónlist. Það er ekki eins og þetta sé eins, það er bara svipaður fílingur í þessum lögum. Við notuðum acapelluna af lagi með Glowie til að búa til þennan húkk sem um ræðir. Þetta er náttúrulega acapella sem við eigum og höfum einir aðgang að, hann hefur notað eitthvað annað og svona gerist bara,“ segir Pálmi Ragnar Ásgeirsson, StopWaitGo-meðlimur og sá sem á heiðurinn af umræddum hluta lagsins Fröken Reykjavík.

„Ég sagði við Darra að hann ætti endilega að senda mér meira efni og hver veit nema við byrjum bara að vinna saman út af þessu, það væri náttúrulega besta lendingin,“ sagði Pálmi Ragnar að lokum.



> **ÉG ÆTLA EKKI AÐ SAKA ÞÁ UM AÐ TAKA NEITT FRÁ MÉR. MÉR FINNST FLOTT AÐ FÁ VIÐURKENNINGU – ÉG ER BÚINN AÐ GERA TÓNLIST Í ÞRJÚ ÁR OG HEF EKKI FENGIÐ NEITT SVONA ÁÐUR.**
> Darri

Darri Tryggvason vakti athygli á Twitter á miðvikudaginn.

Friðrik Dór er flytjandi Fröken Reykjavíkur en það er sannarlega ekki fyrsta lagið sem hann vinnur með StopWaitGo. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **SVONA KEMUR BARA FYRIR ÞEGAR MENN ERU AÐ GERA TÓNLIST. ÞAÐ ER EKKI EINS OG ÞETTA SÉ EINS, ÞAÐ ER BARA SVIPAÐUR FÍLINGUR Í ÞESSUM LÖGUM.**
> Pálmi Ragnar

## Tilkynning um slit sjóðs

Stjórn Landsbréfa hefur ákveðið að slíta fjárfestingarsjóðnum Fyrirtækjabréfum Landsbankans, kt: 600390-9029 (áður Landsvaki – Fyrirtækjabréfadeild).

Sjóðfélögunum verður sent bréf vegna slitanna.

Nánari upplýsingar veitir Verðbréfa- og lífeyrisráðgjöf Landsbankans í síma 410 4040 eða í gegnum netfangið fjarmalaradgjof@landsbankinn.is.

Landsbréf og Landsbankinn.

# Mexíkóskt kjúklingalasanja fyrir 6-8

*5-6 kjúklingabringur (þetta er ekki svo nákvæmt, einn poki af frosnum bringum er gott)*
*½ laukur*
*1 stór eða 2 litlar rauðar paprikur*
*1 bréf burritos-kryddmix*
*2 krukkur af salsasósu (medium eða sterk, jafnvel ein af hvoru)*
*½ lítri matreiðslurjómi*
*Smá klípa af rjómaosti (má sleppa)*
*Tortillur (1 pakki af minni gerðinni)*
*Mozzarella-ostur*



Uppskriftin kemur af vefnum ljúfmeti.com.

Skerið laukinn og paprikuna fínt og kjúklingabringurnar í litla bita. Hitið olíu á pönnu við miðlungsháan hita. Steikið laukinn og paprikuna þar til byrjar að mýkjast, bætið þá kjúklingnum á pönnuna og steikið áfram. Hellið kryddinu yfir og steikið í smástund til viðbótar. Hellið salsasósum og matreiðslurjóma yfir og látið suðuna koma upp. Hrærið rjómaosti saman við sé hann notaður. Látið sjóða saman í nokkrar mínútur. Setjið tortillakökur í botn á eldföstu formi, klippið hana til eftir þörfum. Setjið kjúklingasósuna yfir og síðan á víxl tortillakökur og kjúklingasósu. Endið á kjúklingasósunni. Stráið mozzarella-osti yfir og setjið inn í 180° heitan ofn þar til osturinn er bráðnaður og kominn með fallegan lit. **Uppskrift fengin af ljufmeti.com.**

nettó

# JÓLALEIKUR

## NETTÓ OG PEPSI MAX

**KAUPTU KIPPU AF 4X2 L**
**PEPSI EÐA PEPSI MAX**

OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ GJAFABRÉF Í NETTÓ FYRIR SÖMU UPPHÆÐ OG ÞÚ VERSLAÐIR Í ÞEIRRI FERÐ




**75 HEPPNIR VIÐSKIPTAVINIR FÁ VINNING**

**DREGIÐ 23. DESEMBER**

Þú kaupir kippu af 4x2 l Pepsi eða Pepsi Max, skrifar nafn, símanúmer og netfang aftan á kassakvittun og setur í Pepsikassann í Nettó.

Á Þorláksmessu fá 5 heppnir viðskiptavinir í hverri Nettó verslun gjafabréf í Nettó fyrir sömu upphæð og er á kassakvittuninni þinni.

pepsi MAX

ALVÖRU BRAGÐ
ENGINN SYKUR

## Coco Rocha á forsíðu hátíðarblaðs Glamour

Síðasta Glamour-blað ársins, og jafnframt fyrsta blað ársins 2017, kom út í vikunni. Um er að ræða 200 blaðsíðna blað þar sem kennir ýmissa grasa.

Ofurfyrirsætan Coco Rocha prýðir forsíðu blaðsins en að þessi sinni eru tvær forsíðumyndir. Hún kom hingað til lands með fríðu föruneyti í haust og ljósmyndarinn Silja Magg myndaði hana í stórbrotinni íslenskri náttúru. Það er óhætt að segja að hún hafi heillast af landi og þjóð og vakti ferð hennar hingað verðskuldaða athygli á samfélagsmiðlum.

Fyrirsætan hefur setið fyrir og gengið tískupalla fyrir öll þekktustu tískuhúsin í heiminum og er í dag einnig með sína eigin fatalínu og fyrirsætuskrifstofu. Rocha er í einlægu viðtali í blaðinu þar sem meðal annars kemur fram að henni þykir íslensk fatahönnun eiga að fá meiri athygli á alþjóðamarkaði og að Ísland sé ólíkt öllum öðrum stöðum sem hún hefur komið til á sínum 14 ára ferli sem fyrirsæta. „Þetta er einstakur staður í heiminum, ekki einungis landið sjálft heldur tilfinningalega og sálfræðilega. Ég held að Ísland sé algjör andstæða við margt af því sem fer í taugarnar á okkur við heiminn í dag.“



Coco Rocha






# Dramatískur elegans hjá Chanel

Tískuhúsið Chanel með **Karl Lagerfeld** í fararbroddi kann að halda tískusýningar með stæl. Í vikunni bauð hann vel völdum gestum á nýuppgert Ritz hótelið í Parísarborg þar sem millilína tískuhússins: Chanel, Metiers d'Arts var sýnd. Elegant lína með dramatísku yfirbragði.



Karl Lagerfeld ásamt guðsyni sínum, Hudson Kroeni .



Sofia Richie gekk tískupallinn fyrir Chanel í fyrsta sinn.



Smart, leður- og blúndusamsetning.



Alltaf hægt að treysta á gull frá Chanel.



Fyrirsæturnar dönsuðu sig í gegnum salinn á Ritz.



Líf og fjör á pallinum.



Andlit Chanel, Lily-Rose Depp, var að sjálfsögðu á staðnum.



Cara Delevingne átti frábæra endurkomu á tískupallinn eftir hlé.



Mæðgurnar Willow og Jada Pinkett Smith voru meðal gesta.

GLAMOUR

Farðu inn á Glamour.is og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstíls og tísku.
• Facebook • Instagram • Twitter

*#Glamouriceland*


ELLINGSEN
FISKISLÓÐ 1
REYKJAVÍK
580-8500
SÍÐAN 1916
ELLINGSEN.IS
TRYGGVABRAUT 1-3
AKUREYRI
580-8550








**Thorsteinn mun syngja tvö lög á Jólagestum Björgvins í Höllinni á morgun.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Hlakkar til að koma fram á Íslandi

Tónlistarmaðurinn **Thorsteinn Einarsson** sló heldur betur í gegn í raunveruleikaþættinum Die große Chance í Austurríki árið 2014. Í kjölfarið skrifaði hann undir plötusamning hjá Sony. Hann mun koma fram á Jólagestum Björgvins í Höllinni.

„Þetta kom allt til vegna þess að Sena hafði samband og bauð mér að syngja í Höllinni á Jólagestum Björgvins, það er heiður fyrir mig að fá að stíga á svið með svona flottum söngvurum eins og Björgvini Halldórssyni. Ég sagði bara strax já, og er virkilega spenntur að koma fram á Jólagestum Björgvins,“ segir Torsteinn Einarsson söngvari en hann mun koma fram með Jólagestum Björgvins sem troða upp í Höllinni á morgun.

Thorsteinn mun syngja tvö lög á tónleikunum, annars vegar dúett með Friðriki Dór og hins vegar lagið sitt „Leya“ sem hefur nú þegar fengið yfir 800.000 spilanir á YouTube, ásamt því að hafa setið á topp 10 listanum í Austurríki í þrjár vikur.

„Ég kem til með að syngja White Christmas, eða hvít jól ásamt Friðriki Dór, svo ætla ég líka að taka lag eftir mig sem heitir Leya, með strengjum og stóru bandi, ég hlakka mikið til,“ segir Thorsteinn.

Þegar Thorsteinn var aðeins átján ára, hafnaði hann í fjórða sæti í austurrísku hæfileikakeppninni Die große Chance, keppnin er með sama hætti og hinir stórvinsælu þættir Got Talent, en þess má geta

> **ÉG FINN FYRIR ÞVÍ ÞEGAR ÉG ER ÚTI Í BÚÐ AÐ FÓLK VILL TAKA MYNDIR AF MÉR OG SVOLEIÐIS. ÞETTA ER SAMT ALLS EKKERT MICHAEL JACKSON-DÆMI, EN ÉG FINN FYRIR ÞVÍ AÐ FÓLK ÞEKKIR MIG.**

að sigurvegari Eurovision árið 2014, Conchita Wurst, tók þátt í keppninni á sínum tíma og lenti í sjötta sæti.

„Það var mjög gaman að taka þátt í keppninni, ég fékk að syngja með þekktu og reynslumiklu fólki í Austurríki, þetta var mikil reynsla, og ég lærði mjög mikið,“ segir hann og bætir við að hann sé virkilega þakklátur fyrir það.

En ertu orðinn frægur í Austurríki?

„Ég finn fyrir því þegar ég er úti í búð að fólk vill taka myndir af mér og svoleiðis. Þetta er samt alls ekkert Michael Jackson-dæmi, en ég finn fyrir því að fólk þekkir mig,“ segir hann.

Eftir frábært gengi í Die große Chance gerði Thorsteinn samning við Sony sem ætlar sér stóra hluti með hann í framtíðinni.

„Það er virkilega gott að vinna með Sony, þeir eru orðnir mjög góðir vinir mínir, við vinnum mikið saman og þetta er eins og fjölskyldan mín. Þetta er virkilega skemmtilegt tækifæri, og ég fæ að búa til tónlist sem ég fíla sem er virkilega gott,“ segir hann.

Thorsteinn hefur sungið mikið undanfarið en hann kom fram á Donauinselfest í júní þar sem hann söng fyrir mörg þúsund áhorfendur.

„Það var frábær skemmtun að spila fyrir framan 40.000 manns, og allir gátu sungið með,“ segir hann og bætir við að þetta hafi verið einn besti dagur lífs hans.

Nóg er um að vera fram undan hjá Thorsteini en hann mun fljúga beint til Austurríkis eftir tónleikana þar sem hann mun koma fram í jólaþætti þar í landi, með nýjustu smáskífuna sína, Swingset.

„Það er mjög mikið að gera fram að jólum og svo er ég bara að fara á fullt í stúdíótökur, að búa til meiri tónlist,“ segir Thorsteinn, en hann ætlar að eyða jólunum í faðmi fjölskyldunnar í Salzburg þar sem hann býr. **gudrunjona@frettabladid.is**




Geysir Skólavörðustíg 7 & 16 & Kringlan, Reykjavík. Hafnarstræti, Akureyri. Geysir, Haukadalur. Sími 519 6000 — geysir.com.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.



FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


Bakþankar


Maríu Bjarnadóttur




## Norsk tröll

Tveimur dögum áður en ákærur voru gefnar út í nokkrum málum vegna hatursáróðurs á Íslandi mælti norski forsætisráðherrann fyrir nýrri aðgerðaáætlun þarlendra stjórnvalda gegn hatri og hatursáróðri í samfélaginu. Áætlunin er til fimm ára og aðgerðirnar ýmiss konar, meðal annars lagabreytingar. Ábyrgð fjölmiðla og ritstjóra á haturstali verður endurskoðuð og metið verður hvort byggja eigi á sérfræðiáliti refsiréttarprófessors um að konur njóti einnig verndar hegningarlaga frá hatursumræðu.

Þetta er ákveðin stefnubreyting hjá frændum okkar. Hingað til hafa norsk stjórnvöld einbeitt sér að því að auka fræðslu og menntun um lýðræðisleg gildi, tjáningarfrelsið og mikilvægi þess að nota internetið með ábyrgum hætti. Þau hafa styrkt frjáls félagasamtök sem hafa þann tilgang einan að mæta hatri með rökum, húmor og andsvörum því að þau töldu að eina leiðin til þess að losna við tröllin af internetinu væri að draga þau fram í dagsljósið. Fjöldi misformlegra sjálfboðaliðahreyfinga hefur unnið á sama hátt; baðað internettröllin í sólskini staðreynda og raka í þeirri trú að löggjöf og refsingar séu ekki leiðin til þess að þau fari aftur inn í fordómahellinn sinn og haldi sig þar.

Reynsla Norðmanna er þó sú að tröllin verða ekki að steini í sólinni. Þau virðast njóta hennar, stækka og lokka fram önnur tröll og efla tröllaeðlið í venjulegu fólki. Internettröllin virðast því lúta öðrum lögmálum en þau sem við lesum um í þjóðsögunum. Að minnsta kosti þessi norsku.


OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland

Desemberuppbót skal greiða ekki seinna en 15. desember







VERÖLD HVÍLDAR – BETRA BAK LEGGUR GRUNN AÐ GÓÐUM DEGI

# FRÁBÆR JÓLATILBOÐ

**CHIRO UNIVERSE HEILSURÚM**

25% AFSLÁTTUR JÓLATILBOÐ!



Aukahlutur á mynd: gafl

- Fimm svæðaskipt yfirdýna.
- Laserskorið Conforma Foam heilsu- og hægindalag tryggir réttan stuðning við neðra mjóbak og axlasvæði.
- Vandað pokagormakerfi. Minni hreyfing, betri aðlögun.
- Vandaðar kantstyrkingar.
- Slitsterkt og mjúkt bómullaráklæði.
- Þykkt: 29 cm.

**CHIRO UNIVERSE** MEÐ COMFORT BOTNI

| STÆRÐ | FULLT VERÐ | JÓLATILBOÐ |
|---|---|---|
| 120X200 | 151.460 KR. | 113.595 KR. |
| 140X200 | 166.460 KR. | 124.845 KR. |
| 160X200 | 189.020 KR. | 141.765 KR. |
| 180X200 | 204.020 KR. | 153.015 KR. |

15% AFSLÁTTUR

**TIMEOUT HÆGINDASTÓLLINN STÓLL OG SKEMILL**

Stóll, fullt verð: 299.900 kr.
Skemill, fullt verð: 79.900 kr.



JÓLATILBOÐ

322.980 kr. með skemli

25% AFSLÁTTUR

**STILLANLEG RÚM**



VERÐDÆMI: C&J Platinium botn með tveimur Serta Therapist heilsudýnum, 2 x 90 x 200 cm. Fullt verð: 589.800

Jólatilboð 442.350 kr.

15% AFSLÁTTUR

**CLIO SVEFNSÓFI**

Fáanlegur í rauðu og gráu áklæði.



Fullt verð: 369.900 kr.

Jólatilboð 314.415 kr.

**FAXAFENI 5** Reykjavík 588 8477

**DALSBRAUT 1** Akureyri 588 1100

**SKEIÐI 1** Ísafirði 456 4566

**AFGREIÐSLUTÍMI** Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16 | Sun. 13–17 www.betrabak.is

Betra BAK